FRÉTTABLAÐIÐ
288. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 9. DESEMBER 2015



**Jólasýning í Austurbæ** Árleg sýning Listdansskóla Íslands var sérlega glæsileg í ár. Ungir og efnilegir nemendur í listdansi dönsuðu spunadansa, nútímadansa og klassískan ballett. Atriði nemenda úr hinu klassíska ballettverki Hnotubrjótnum færðu áhorfendum jólaandann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Stjórnarandstaðan vill réttlátari fjárlög. 16-22

**SPORT** Víkingaför Gunnars Nelson aftur um UFC-heiminn. 24

**MENNING** Erindi um bókina Mótun framtíðar í Öskju. 32

**LÍFIÐ** Gott fólk á fjalirnar. 38-42

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **LÍFIÐ**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




# Boðar nýtt greiðslukerfi í heilsugæslu á næsta ári

**Áætlað er að nýtt greiðslukerfi vegna heilsugæslunnar verði prófað eftir áramót. Ætlunin að auðvelda notendum að flytja sig milli stöðva. Forstjóri Samkeppniseftirlitsins segir mikilvægt að nýta þá samkeppnishvata sem mögulegt er.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þegar maður ber þetta saman við Norðurlöndin þá sér maður að þar hafa ríki flest hver verið miklu opnari í því að leita leiða til þess að nýta samkeppnishvata til þess að draga úr kostnaði í heilbrigðisþjónustu og líka til þess að bæta gæði þjónustunnar,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

Unnið er að breytingum á fyrirkomulagi á greiðslum til heilsugæslustöðva til þess að stuðla að aukinni samkeppni á meðal heilsugæslulækna. Kerfið byggir á sænskri fyrirmynd. „Þetta eru breytingar í grunninn á greiðslu- og gæðakerfi heilsugæslunnar. Þannig að það verður búinn til gagnagrunnur þar sem verður miðlæg skráning á hverjum og einum einstaklingi á heilsugæslu; uppfærð í rauntíma,“ segir Oddur Steinarsson, lækningaforstjóri

> Þetta eru breytingar í grunninn á greiðslu- og gæðakerfi heilsugæslunnar.
>
> Oddur Steinarsson, lækningaforstjóri Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu



Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Fjármagn mun þá fylgja hverjum einstaklingi, þannig að ef skjólstæðingur færir sig af einni stöð yfir á aðra þá flyst fjármagnið með. Oddur segir að Sjúkratryggingar séu um þessar mundir að smíða skráningargagnagrunna og áætlað sé að prufukeyrslur á þeim byrji eftir áramót. Kerfið fari svo í gang með vorinu.

Nýja kerfinu er ætlað að gera notendum heilsugæslunnar auðveldara með að færa sig milli heilsugæslustöðva og auka samkeppni milli heilsugæslustöðva um þá. Forstjóri Samkeppniseftirlitsins segir verulegar líkur á því að það öngstræti sem Íslendingar hafi ratað í á liðnum árum megi rekja til mistaka þar sem menn nýttu sér ekki þá samkeppnishvata sem þá voru til staðar.

– jhh / sjá Markaðinn



# Rappar og lýsir slagnum

**LÍFIÐ** Til að forðast árekstur við bardaga Gunnars Nelson á laugardaginn ætlar bandaríski rapparinn RA the Rugged Man að grípa til þess ráðs að gera hlé á tónleikum sínum. Rapparinn ætlar jafnframt að lýsa bardaganum, sem verður varpað upp á risatjald, en hann er annálaður unnandi bardagaíþrótta. Fleiri erlendir rapparar stíga á svið í Iðnó sama kvöld, þar á meðal hinn 17 ára gamli A-F-R-O, sem hefur vakið athygli fyrir skemmtilegan orðaforða. – kak / sjá síðu 40



## Veður




**Breytileg átt,** víða 3-10 metrar á sekúndu í dag. Úrkomulítið víðast hvar, en norðlæg átt og snjókoma eða él norðan til á Vestfjörðum og á annesjum norðanlands seinnipartinn og í kvöld. Frost 0 til 8 stig, kaldast inn til landsins. SJÁ SÍÐU 28



**Páll Eiríksson og Steinunn Guðbjartsdóttir kynntu nauðasamning Glitnis.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Greitt út fyrir áramót

**VIÐSKIPTI** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur samþykkt nauðasamningsfrumvarp Glitnis. Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, segir að næst verði nauðasamningsfrumvarpið tekið fyrir í Bandaríkjunum þann 15. desember því slitameðferðin sé viðurkennd þar í landi. Í kjölfarið þurfi endanlegt samþykki Seðlabanka Íslands á undanþágu frá lögum um gjaldeyrishöft. Eftir það verði hægt að greiða kröfuhöfum út í samræmi við nauðasamninginn. Gangi allt að óskum gæti það orðið fyrir áramót.

Stefnt er að því að greiða um 520 milljarða króna greiðslu til kröfuhafa. Þeir sem eiga kröfur upp að 3,5 milljónum króna fá þær greiddar að fullu. Reiknað er með að ríflega 30 prósent fáist upp í kröfur umfram þá upphæð.

Samhliða uppgjörinu mun Glitnir greiða ríkinu jafnvirði 223 milljarða króna. Þar munar mest um 95 prósenta eignarhlut slitabúsins í Glitni.

Nauðasamningur Kaupþings var tekinn fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær en nauðasamningur gamla Landsbankans verður tekinn fyrir 15. desember. **– ih**

**223**

**milljarða króna mun Glitnir greiða ríkinu samhliða uppgjöri**

# Bækur og kjöt fyrirferðarmikil í búðarhillum




**Bækur til að létta sér lundina** Í dag eru fimmtán dagar til jóla og jólaörtröðin að hefjast. Árviss viðburður er jólabókaflóðið en fjölmargir Íslendingar munu vafalaust gera sér náðugt aðfangadagskvöld með brakandi ferska bók úr pakka. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Olíuverð ekki lægra í sjö ár

**VIÐSKIPTI** Hrávöruverð á olíu lækkaði í gær og er komið undir 40 dollara, rúmlega fimm þúsund íslenskar krónur, á tunnuna í fyrsta sinn í næstum sjö ár. Í gær nam Brent crude-verðið 39,91 dollara á tunnu, rúmlega 5.000 íslenskum krónum, og Western Texas Intermediate-verðið nam 36,68 dollurum á tunnuna, 4.700 íslenskum krónum. Ef olíuverð fellur meira verður það orðið jafn lágt og við aldamót. **– sg**



**Olíuborpallur.** FRÉTTABLAÐIÐ/MARC MORRISON

# Gera Stokkseyri að rómantískasta bænum

**Samtök atvinnurekenda og áhugafólks vilja efla aðdráttarafl Stokkseyrar með því að slökkva á götulýsingu í þorpinu eftir klukkan ellefu á kvöldin. Yfir 130 manns skrifuðu undir bréf samtakanna sem fékk jákvæð viðbrögð í bæjarráði.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Samtökin 825 Þorparinn vilja gera Stokkseyri að „rómantískasta bæ á Íslandi“ og þar með auka aðdráttarafl bæjarins fyrir ferðafólk.

825 Þorparinn eru samtök atvinnurekenda á Stokkseyri og áhugamanna um aukna ferðaþjónustu og öflugra atvinnulíf í bænum.

„Ein hugmyndin lýtur að því að skapa rómantíska dulúð í tengslum við að dempa lýsingu í bænum og láta lágstemmdari lýsingu gefa húsum og híbýlum enn meiri sjarma,“ segir í bréfi 825 Þorparinn til bæjarstjórnar Árborgar. Því fylgja undirskriftir yfir 130 manna sem taka undir þá hugmynd samtakanna að slökkt verði á götulýsingu á Stokkseyri milli klukkan 23 og 03.

„Að stytta tíma sem götulýsing logar í tilraunaskyni er liður í þeirri viðleitni að skapa rómantíska stemmingu sem marka myndi skemmtilega sérstöðu til að kynna og mun svo sannarlega vinda upp á sig,“ segja bréfritarar sem kveða þessa takmörkun á lýsingu bjóða upp á fjölmarga möguleika í ferðaþjónustu og að jólaskreytingar Stokkseyringa myndu þess utan njóta sína betur.

„Rómantík og kertaljós í friðsælum bæ við sjóinn yrði nokkuð skemmtilegt frétta- og kynningarefni,“ spáir 825 Þorparinn. „Norðurljósaferðir njóta sívaxandi vinsælda og er ekki ólíklegt að ferðamenn myndu sækja Stokkseyri enn frekar heim ef ljósmengun væri stillt í hóf en í dag þá er sirka einn ljósastaur á hverja tvo íbúa. Til viðbótar gæti skapast grundvöllur fyrir stjörnuáhugamenn sem hér gætu fundið sinn samastað.“



**Samtökin 825 Þorparinn vinna „markvisst að því að gera Stokkseyri að rómantískasta bæ á Íslandi“.** FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

> **Er ekki ólíklegt að ferðamenn myndu sækja Stokkseyri enn frekar heim ef ljósmengun væri stillt í hóf en í dag þá er sirka einn ljósastaur á hverja tvo íbúa.**
>
> 825 Þorparinn í bréfi til bæjarstjórnar Árborgar.

Þá benda samtökin á að Stokkseyri hafi nú þegar margvíslega sérstöðu, bæði jarðfræðilega og sögulega. „Í bænum er einn vinsælasti veitingastaður landsins auk þess sem bærinn er þekktur fyrir fjölda listamanna sem hér búa og hafa mjög jákvætt og gott aðdráttarafl.“

Bæjarráð Árborgar tók vel í ósk samtakanna og fól framkvæmdastjóra framkvæmda- og veitusviðs að leita leiða til að útfæra stýringar á götulýsingunni á Stokkseyri.

gar@frettabladid.is

SKREYTUM HÚS
SÁ ALLRA VINSÆLASTI
45% AFSLÁTTUR
TIL JÓLA




Það er engin tilviljun að Skreytum hús liturinn okkar er einn sá allra vinsælasti.

Soffía Dögg hjá Skreytum hús valdi litinn

Fæst einungis í Slippfélaginu

Slippfélagið
Málningarverksmiðja

Borgartúni 22 Rvk. | Dugguvogi 4 Rvk. | Sími: 588 8000
Dalshrauni 11 Hfj. | Gleráreyrum 2 Ak. | slippfelagid.is




Geysir Skólavörðustíg 7 & 16, Haukadal og Akureyri. Sími 519 6000 — geysir.com



**Razia Stanikzai og Fatima Hossaini ræða menntamál stúlkna** MYND/UNICEF

## Í beinni frá Kabúl

**MANNRÉTTINDI** Razia Stanikzai sem starfar hjá afganska menntamálaráðuneytinu og Fatima Hossaini, fyrrverandi nemandi í Jafnréttisskóla SÞ, eru á meðal fyrirlesara á málþingi sem UNICEF og UN Women halda á fimmtudag kl. 8.30 á Hótel Sögu um menntamál stúlkna í landinu. Þær tala frá Kabúl.

Nemendum í Afganistan fjölgar stöðugt og mikill árangur hefur náðst í menntamálum í landinu. Árið 2001 voru færri en ein milljón barna í skóla – og nánast engar stúlkur – en í dag eru nemendur vel yfir átta milljónir. Nærri 40% þeirra eru stúlkur.

Málþingið er í boði forsætis-, utanríkis- og velferðarráðuneytanna. Það er haldið í tengslum við níu milljóna króna styrk ráðuneytanna til UNICEF í Afganistan fyrir menntun stúlkna. Allir eru velkomnir, ókeypis er inn og boðið upp á morgunverð. – **kbg**

## Má senda hælisleitendur til Ítalíu

**MANNRÉTTINDI** Innanríkisráðuneytið hefur metið það svo að ágallar á aðbúnaði og móttökuskilyrðum hælisleitenda á Ítalíu verði ekki taldir slíkir að þeir gefi ástæðu til að ætla að endursendingar þangað muni almennt brjóta gegn alþjóðlegum skuldbindingum íslenskra stjórnvalda.

Lagt er til að meginreglan verði sú að hælisleitendur verði endursendir til Ítalíu á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar en hins vegar skuli áfram ávallt skoða hvert tilvik fyrir sig og meta aðstæður viðkomandi einstaklings áður en ákvörðun er tekin.

Áfram skal miðað við þá framkvæmd íslenskra stjórnvalda síðan í maí 2014 að þeir sem teljist vera í sérstaklega viðkvæmri stöðu skuli ekki sendir til Ítalíu. – **kbg**

# Dæmi um útköll björgunarsveita í veðurofsanum




# Landsmenn hlýðnir í ofsanum

**Hæst fór vindurinn í 72,6 metra á sekúndu í óveðrinu í fyrrakvöld. Aðgerðastjórar Landsbjargar segja viðbrögð landsmanna við fyrirmælum Almannavarna til fyrirmyndar. Erlendir ferðamenn voru vel upplýstir.**

**VEÐUR** Veðurofsinn sem gekk yfir landið í fyrradag og síðustu nótt olli nokkru tjóni vítt og breitt um landið.

Rafmagnslaust varð á stórum svæðum þar sem flutningskerfið réð ekki við veðurofsann. „Rekstur flutningskerfisins var tvísýnn og er það enn. Tjón Landsnets er talsvert og talið að það verði líklega yfir 100 milljónir króna,“ segir í tilkynningu Landsnets en línur féllu niður á fimm stöðum á landinu.

Óveðrið skall fyrst á Suðurlandinu um miðjan dag í gær með aftakaveðri í Vestmannaeyjum. Síðan færðist óveðrið hægt og rólega yfir landið og um miðja nótt var orðið mjög hvasst á Vestfjörðum og í Skagafirði. Hæst fór vindurinn í 72,6 metra á sekúndu á Hallormsstaðahálsi um ellefu leytið í fyrrakvöld sem samsvarar 260 km hraða á klukkustund. Urðu menn vart til frásagnar stæðu þeir úti í slíkum vindi.

**400**

**útköllum sinntu björgunarsveitir í óveðrinu.**

Fréttablaðið hefur náð tali af mörgum formönnum aðgerðastjórna Landsbjargar. Eru þeir á einu máli um að lokun vega hafi minnkað álag á björgunarsveitirnar. Með því móti hafi verið hægt að takast á við öll þau útköll sem bárust. Þeir segja lykilinn að því að lágmarka tjón hafa verið að landsmenn fóru vandlega eftir fyrirmælum Almannavarna.

Veðrið hefði getað valdið stórhættu fyrir erlenda ferðamenn en þar sem allir lögðust á eitt við að koma skilaboðum áleiðis hafi allflestir ferðamenn verið vel upplýstir um stöðu mála. **sveinn@frettabladid.is**



Síminn

# Gleðilegri jól með Símanum




## Samsung Galaxy S6 Edge

Það sér ekki fyrir endann á þessari snilld.

109.990 kr.
Greiðsludreifing í boði

Samsung LevelOn heyrnartól að verðmæti 34.490 kr. fylgja.

32GB · 16MP · 5,1" · 4G




## Samsung Galaxy S6

Liggur svo vel í lófa að þú tekur bara selfí.

99.990 kr.
Greiðsludreifing í boði

Sveigjanlegur Góður og Coloud heyrnartól.**

32GB · 16MP · 5,1" · 4G




## Samsung Galaxy A3

Öruggur með sig enda með Wide Selfie.

44.990 kr.
Greiðsludreifing í boði

Frábær Coloud heyrnartól fylgja.

16GB · 8MP · 4,5" · 4G




## Clint Freya WiFi

39.990 kr.

Þú einfaldlega tengist Freya Bluetooth hátalaranum þráðlaust úr snjalltækinu þínu og hlustar hvar sem er. Ekkert vesen.




## Kindle Paperwhite

26.990 kr.

Lesbretti með frábærum skjá sem gefur þér skýra og auðlesanlega texta hvar sem er hvenær sem er, hvort sem það er í kolniðamyrkri eða á sólarströnd. Rafhlaðan endist í allt að 8 vikur m.v. 30 mín. lestur á dag.



## B&O Beoplay A2

64.990 kr.
Greiðsludreifing í boði

Frábær hönnun. Það er sama hvert þráðlaus hátalarinn snýr þú nýtur yfirburðahljómgæða. Allt að 24 klst. rafhlöðuending.

Nánar á siminn.is/jol

Viðskiptavinir Símans fá **Sveigjanlegan Góðan snjallpakka** og geta valið úr **þremur tegundum af frábærum Coloud heyrnartólum** að andvirði 5.990 kr. í allskonar litum með völdum snjalltækjum.*

**Þú getur meira með Símanum**

* Á meðan birgðir endast. ** Hægt að nota með stærri Sveigjanlegum og Endalausum snjallpökkum sem afslátt af mánaðargjaldi.

# Krónan kostar hverja fjölskyldu milljón á ári

**Hver fjölskylda borgar áttatíu þúsund krónur aukalega á mánuði vegna viðbótarkostnaðar við íslenska krónu, samkvæmt úttekt efnahagsritsins Vísbendingar. Árlegur aukakostnaður ríkisins og sveitarfélaga er áætlaður samtals fjörutíu milljarðar króna.**



**EFNAHAGSMÁL** Aukakostnaður þjóðarinnar af því að halda úti íslenskri krónu nemur 110 til 130 milljörðum á ári, samkvæmt samantekt í nýjasta tölublaði efnahagsritsins Vísbendingar.

Ráðist er í útreikninginn í tilefni af svari fjármálaráðherra til Björgvins G. Sigurðssonar, varaþingmanns Samfylkingar, um hver væri áætlaður beinn árlegur vaxtakostnaður íslenskra heimila og fyrirtækja vegna krónunnar, samanborið við vaxtastig alþjóðlegrar myntar á borð við evru. Í skriflegu svari ráðherra í byrjun mánaðarins er áætlað að kostnaður heimilanna við krónuna sé á bilinu 0,6 til 1,5 prósent, eða 11 til 29 milljarðar á ári. Ósvarað er spurningunni um kostnað fyrirtækja því erfiðara sé að áætla hann.

Vísbending vísar hins vegar líka til greinar Svönu Helenar Björnsdóttur, formanns Samtaka iðnaðarins, í Morgunblaðinu þar sem hún vitnar í Samtök atvinnulífsins um að 70 prósent heildarskulda einstaklinga og fyrirtækja hafi verið í krónum árið 2013. Miðað við þau hlutföll segir Vísbending að skuldir fyrirtækja í íslenskum krónum nemi 1.600 milljörðum króna.

„Þessi tala gefur samkvæmt útreikningum fjármálaráðherra að vaxtaálag fyrirtækjanna sé nú frá 10 til 24 milljarðar króna,“ segir í Vísbendingu. Miðað við það væri heildarkostnaður heimila og fyrirtækja 21 til 53 milljarðar á ári, miklu lægri en niðurstaða Samtaka atvinnulífsins um 210 milljarða króna hærri greiðslu vaxta en annars væru af samsvarandi skuldum á evrusvæðinu. „Nálgunin er líka gerólík. Ráðherrann notar fræðilega nálgun og vitnar í kenningar hagfræðinga á meðan Samtök atvinnulífsins nota rauntölur.“

Vísbending reynir líka að slá á kostnað vegna skulda ríkis og sveitarfélaga. Varlega áætlað er talið að krónuálag ríkisins nemi 28 milljörðum króna á ári og sveitarfélaga 12 milljörðum, eða 40 milljörðum króna samtals.

Niðurstaðan er að erfitt sé að slá fastri einhverri einni tölu, en ekki sé gáleysislegt að miða við þann raunvaxtamun sem verið hafi milli Íslands og nágrannalandanna undanfarin ár. „Þær tölur segja að álag heimilanna sé milli 70 og 90 milljarðar króna.“ Við bætist kostnaður við opinberar skuldir og alls sé því aukakostnaður vegna krónu á milli 110 og 130 milljarðar króna. „Það er um það bil milljón á hverja fjölskyldu landsins eða um 80 þúsund króna kostnaður á mánuði. Þetta er iðgjaldið sem landsmenn borga til þess að geta með reglubundnum hætti leiðrétt mistök í hagstjórninni.“ **olikr@frettabladid.is**

**1.600**

**milljarðar telur Vísbending að séu skuldir íslenskra fyrirtækja í krónum.**

## Neyðarástand vegna mengunar



Neyðarástandi var lýst yfir í Peking á mánudaginn eftir að mengun í borginni náði sögulegu hámarki. Skólum hefur verið lokað og borgaryfirvöld ráðist í aðgerðir til að draga úr umferð. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Vilja fjóra milljarða úr skattaeftirliti

**STJÓRNMÁL** Stjórnarandstaðan kynnti sameiginlegar breytingartillögur sínar að fjárlagafrumvarpinu á blaðamannafundi í Iðnó í gær.

Í tillögunum er lagt til umtalsvert aukafjármagn í Landspítalann, afturvirk leiðrétting í kjaramálum eldri borgara og öryrkja ásamt því að komið verði til móts við barnafjölskyldur með hækkun á þaki fæðingarorlofs.

Í tillögunum er lögð til um 16 milljarða útgjaldaaukning auk 17 milljarða tekjuöflunar byggðrar á auknum veiðigjöldum, orkuskatti, efldu skattaeftirliti og arði frá bönkunum.

Í tillögunum er meðal annars lagt til að nærri þrír milljarðar verði settir aukalega í starfsemi Landspítalans, 800 milljónir í framhalds- og háskóla landsins, 5,3 milljarðar í leiðréttingu til aldraðra og öryrkja og 4,1 milljarður í barnabætur og fæðingarorlof.

Rauði þráður blaðamannafundarins var sá að með tillögunum væri stjórnarandstaðan að sýna fram á að skýr valkostur er til við ríkisstjórnarflokkana. Allir fundarmenn voru sammála um að flokkarnir ættu auðvelt með samvinnu og væru samhuga í megindráttum. **– srs**


LYFJA
– Lifið heil




**Strepsils**

**Dregur úr eymslum og ertingu í hálsi**

**- á aðeins 5 mínútum**

www.lyfja.is

**Fyrir þig í Lyfju**




**Strepsils/Strepsils Cool/Strepsils med Honning & Citron/Strepsils Jordbær Sukkerfri/Strepsils Warm munnsogstöflur. Samantekt á eiginleikum lyfs - styttur texti SPC. Innihaldsefni:** 2,4-tvíklóróbensýlalkóhól 1,2 mg, amýlmetakresól 0,6 mg. **Ábendingar:** Eymsli og erting í hálsi. **Skammtar og lyfjagjöf:** Strepsils Cool: Fullorðnir og börn 12 ára og eldri: 1 munnsogstafla er látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst. fresti. Strepsils/Strepsils med Honning & Citron/Strepsils Jordbær Sukkerfri/Strepsils Warm: Fullorðnir og börn 6 ára og eldri: 1 munnsogstafla er látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst. fresti. Börn á aldrinum 6-11 ára: Lyfið skal gefa undir eftirliti fullorðins aðila. Börn yngri en 6 ára: Vegna lyfjaformsins skal notkun takmarkast við börn eldri en 6 ára. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virku efnunum eða einhverju hjálparefnanna. **Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun:** Ekki nota stærri skammt en ráðlagður er. Sjúklingurinn skal leita læknis ef hann er í vafa eða ef einkenni lagast ekki eða versna innan nokkurra daga. Strepsils/Strepsils Cool/Strepsils med Honning & Citron/Strepsils Warm inniheldur glúkósa og súkrósa. Sjúklingar með frúktósaóþol, glúkósa-galaktósavanfrásog eða súkrasa-ísómaltasaþurrð, sem eru sjaldgæfir arfgengir kvillar, skulu ekki taka lyfið. Strepsils Jordbær Sukkerfri inniheldur ísómalt og maltitól sem geta haft væg hægðalosandi áhrif. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol, sem er mjög sjaldgæft, skulu ekki taka lyfið. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun.** Markaðsleyfishafi: Reckitt Benckiser Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

50 FIMMTÍU ÁR Á ÍSLANDI
TOYOTA
MEST SELDI BÍLLINN Í 25 ÁR

TOYOTA
ALWAYS A BETTER WAY

# NÝR RAV4

JÓLAÆVINTÝRIÐ BÍÐUR




**Verð frá 4.990.000 kr.**

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág innborgun**

**Tryggt framtíðarvirði**

**Fastar mánaðargreiðslur**

**RAV4 GX Dísil FWD** gælir við augað með nýrri hönnun á stuðurum, ljósum og grilli. Ný sætisáklæði taka móti þér þegar þú sest undir stimamjúkt leðurstýrið og virðir fyrir þér endurhannað mælaborð úr vönduðu efni. Nýr RAV4 GX er framhjóladrifinn og á glansandi nýjum álfelgum. Hann er með 7" margmiðlunarskjá og 4,2" TFT-upplýsingaskjá svo að þú njótir ævintýrsins betur í hverri einustu ökuferð.

**GJAFABRÉF FRÁ ICELANDAIR TIL EVRÓPU MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM***

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

**500.000 Vildarpunkta afmælisvinningur** verður dreginn úr hópi þeirra sem fá nýja Toyotu afhenta í desember**

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
**Gildir ekki með öðrum tilboðum. Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.









Hraðast hefur fækkað í hópi karlkyns kennara á framhaldsskólastigi, að því er fram kemur í nýjasta hefti Skólavörðunnar, rits Kennarasambands Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/

# Karlar bara fimmtungur kennara

**Ungar konur taka við af eldri körlum og því fækkar körlum í kennarastétt. Kynntar eru niðurstöður nýrrar úttektar í málgagni Kennarasambandsins.**

**MENNTAMÁL** Af félögum Kennarasambands Íslands (KÍ) er aðeins tæpur fimmtungur karlar og fer fækkandi samkvæmt úttekt hagfræðings KÍ. Fjallað er um málið í nýjasta tölublaði Skólavörðunnar, tímarits KÍ.

Fram kemur að körlum hafi fækkað hratt í kennarastétt og að konur séu í meirihluta í öllum aðildarfélögum KÍ. „Hlutfallið er jafnast innan framhaldsskólans þar sem „aðeins“ sex kennarar af hverjum tíu eru konur en langlægst er hlutfallið í leikskólanum,“ segir í Skólavörðunni, en rúmlega 97 prósent félagsmanna Félags stjórnenda leikskóla eru konur. „Þessi mynd hefur verið að breytast hægt og rólega síðustu ár og segja má að ákveðin kaflaskil hafi orðið árið 2006 þegar konur urðu í fyrsta skipti fjölmennari en karlar í kennarahópi framhaldsskólans.“

Þá kemur fram að á mjög stuttum tíma hafi orðið miklar breytingar á kynjahlutfalli meðal kennaranema, bæði í Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Konur hafi lengi verið í meirihluta nema, en á síðustu árum hafi kynjahallinn aukist hratt meðal þeirra sem sækja sér réttindi til að kenna í framhaldsskólum. „Um aldamótin voru karlar þar í meirihluta (um 53 prósent) en í fyrra, fjórtán árum síðar, voru karlmenn aðeins fjórðungur hópsins.“

Samkvæmt spá Odds S. Jakobssonar, hagfræðings KÍ, fer hlutfall karla í hópi félagsfólks KÍ úr 19,6 prósentum nú í 17,3 prósent eftir fimm ár og í 15,9 prósent eftir tíu ár. „Í raun má segja að í mörgum tilfellum hætti eldri karlmenn störfum og í stað þeirra verði ráðnar ungar konur.“ Hröðust er breytingin sögð meðal kennara og stjórnenda framhaldsskóla, en í dag eru 42 prósent þeirra karlar. Hlutfallið er sagt fara í 35 prósent eftir fimm ár og niður í 25 prósent 2030.

> **Upp gæti komið alvarlegur kennaraskortur ef ekki tekst að mennta nógu marga kennara til starfa.**
>
> Aðalheiður Steingrímsdóttir, varaformaður KÍ



Haft er eftir Aðalheiði Steingrímsdóttur, varaformanni KÍ, að við blasi brýn nýliðunarþörf í stéttinni. „Upp gæti komið alvarlegur kennaraskortur ef ekki tekst að mennta nógu marga kennara til starfa,“ segir hún. Þá er haft eftir Guðrúnu Jóhannsdóttur, formanni Jafnréttisnefndar KÍ, að gangi þróunin eftir gætu nemendur í skólakerfi framtíðar jafnvel mátt eiga von á að hafa enga karlkyns kennara allt frá leikskóla upp í háskóla.

Þá er rætt við Braga Guðmundsson, formann kennaradeildar Háskólans á Akureyri, sem bendir á að kennurum sjálfum hafi verið tíðrætt um bág launakjör. „Og vafalítið hafa þau ráðið einhverju um dapra aðsókn karlmanna í kennaranám,“ segir hann og vonar að með bættum launum og breyttu starfsumhverfi í kjölfar síðustu kjarasamninga verði breyting þar á. **olikr@frettabladid.is**

## Kynjahlutföll í kennarastétt*

| Karlar | Félag | Konur |
|---|---|---|
| 42,3% | Félag stjórnenda í framhaldssk. | 57,7% |
| 42,0% | Félag framhaldsskólakennara | 58,0% |
| 40,9% | Fél. kennara og stjórnenda í tónlistarsk. | 59,1% |
| 24,5% | Skólastjórafélag Íslands | 75,5% |
| 22,8% | Félag kennara á eftirlaunum | 77,2% |
| 17,3% | Félag grunnskólakennara | 82,7% |
| 3,6% | Félag leikskólakennara | 96,4% |
| 1,7% | Félag stjórnenda leikskóla | 98,3% |
| 19,6% | alls í Kennarasambandi Íslands | 80,4% |

*Staðan í október 2015. Heimild: Varðan, málgagn KÍ*







OPIÐ TIL KL. 22
ÖLL KVÖLD
TIL JÓLA

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Stjórnarandstæðingar reyna að ná samstöðu

**Sýrlenskir stjórnarandstæðingar og uppreisnarmenn reyna að ná samstöðu fyrir hugsanlegar friðarviðræður við Assad forseta. Fyrri tilraunir hafa farið út um þúfur og því kæmi árangur á óvart. Kúrdum er ekki boðið að vera með.**

**SÁDI-ARABÍA** Fulltrúar helstu hópa sýrlenskra stjórnarandstæðinga og uppreisnarmanna sitja nú á fundum í Ríad, höfuðborg Sádi-Arabíu. Þar ætla þeir að gera tilraun til þess að ná samstöðu um helstu markmið sín, sem hægt væri að leggja áherslu á í friðarviðræðum við Bashar al Assad Sýrlandsforseta.

Fyrri tilraunir hafa allar farið út um þúfur og miklar vonir því kannski vart bundnar við þessi fundahöld.

Undanfarnar vikur hefur hins vegar komist nokkur hreyfing á alþjóðlegar viðræður um hugsanlega lausn á átökunum í Sýrlandi.

Laugardaginn 14. nóvember síðastliðinn, daginn eftir eftir voðaverkin í París sem kostuðu 130 manns lífið, komu utanríkisráðherrar og aðrir fulltrúar frá Sameinuðu þjóðunum, Evrópusambandinu, Arababandalaginu, Bandaríkjunum, Rússlandi, Sádi-Arabíu, Tyrklandi, Íran og tólf öðrum löndum saman í Genf til að ræða möguleikann á friðarsamkomulagi.

Afraksturinn var furðu nákvæm áætlun um að kosningar yrðu haldnar í Sýrlandi innan 18 mánaða, samið yrði um vopnahlé og stjórnarskrárbreytingar yrðu gerðar.

Sýrlenskir uppreisnarmenn tóku dræmt í þessar hugmyndir, sögðu þær fjarri öllum raunveruleika og gátu alls ekki séð hvernig hægt ætti að vera að koma þeim í framkvæmd.

Sérstaklega settu þeir fyrir sig að Assad forseti fengi tækifæri til að taka þátt í kosningum, og stjórna landinu þangað til þær yrðu haldnar.

„Assad og stjórn hans hafa eyðilagt meira en 75 prósent af landinu, drepið hundruð þúsunda og hrakið milljónir manna á flótta – og þeir vilja samt að við höldum kosningar?“ hafði arabíska fréttastöðin Al Jazeera eftir Haitham al-Maleh frá Sýrlenska þjóðarbandalaginu, sem er bandalag sýrlenskra stjórnarandstæðinga, einkum þeirra sem búa í útlegð.



Íbúar í stórskemmdu húsi í Aleppo þar sem loftárásir stjórnahersins hafa verið nánast daglegur viðburður árum saman. NORDICPHOTOS/AFP

> **Assad og stjórn hans hafa eyðilagt meira en 75 prósent af landinu, drepið hundruð þúsunda og hrakið milljónir manna á flótta – og þeir vilja samt að við höldum kosningar?**
>
> Haitham al-Maleh
> sýrlenskur stjórnarandstæðingur

Þetta bandalag, sem hefur notið stuðnings Vesturlanda, hefur samt ákveðið að senda fulltrúa sína til Ríad. Þangað eru líka komnir fulltrúar bandalags stjórnarandstæðinga sem enn búa í Sýrlandi og hafa verið látnir að mestu í friði af stjórn Assads.

Athygli vekur að Kúrdum í norðurhluta Sýrlands hefur heldur ekki verið boðið til viðræðnanna, þótt hersveitir Kúrda hafi náð betri árangri en aðrir í baráttunni gegn Íslamska ríkinu svonefnda.

Borgarastyrjöldin í Sýrlandi hefur nú staðið yfir í bráðum fimm ár og kostað meira en 250 þúsund manns lífið.

gudsteinn@frettabladid.is




Konur og margþætt mismunun

Opinn fundur mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar 10. desember kl. 12.00 – 13.30 í Iðnó á alþjóðlegum degi mannréttinda.

**12.00 Setning fundar**
Sóley Tómasdóttir, formaður mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar

**12.05 Fita er femínískt málefni**
Sigrún Daníelsdóttir sálfræðingur og formaður samtaka um líkamsvirðingu

**12.25 Lífið sem kom á óvart**
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir formaður félags eldri borgara í Reykjavík

**12.45 Kúgun hversdagsins**
Embla Guðrúnar Ágústsdóttir talskona Tabú

**13.05 Að vera flóttakona í Reykjavík**
Andrea Gutiérrez

**13.25 Umræður og fyrirspurnir**

Öll velkomin meðan húsrúm leyfir.
Boðið verður upp á súpu og brauð.
Fundarstjóri er Magnús Már Guðmundsson.




AMNESTY INTERNATIONAL

BREYTTU HEIMINUM!

Vertu með í bréfamaraþoni Amnesty International.
Þingholtsstræti 27, þriðju hæð laugardaginn 12. desember frá kl. 13 til 18.
Bubbi Morthens og feðgarnir Páll Einarsson og Magnús Pálsson, gleðja gesti með söng og undirleik. Heitt á könnunni.

# NOTAÐIR BÍLAR TIL SÖLU

Skoðaðu úrvalið á notadir.brimborg.is

## Gerðu góð kaup á notuðum bíl
## Mikið úrval gott verð



**TILBOÐ 4.580.000 kr.**
**Audi A4** KXP63
Skráður júní 2013, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 40.000 km.
Verð 4.880.000 kr.



**TILBOÐ 1.050.000 kr.**
**Ford Focus Trend** BO520
Skráður júní 2007, 1,6i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 121.000 km.
Verð 1.190.000 kr.



**VERÐ 2.150.000 kr.**
**Mazda2 Takara** EPE27
Skráður október 2014, 1,3i bensín, beinskiptur
Ekinn 10.400 km. Í ábyrgð.



**VERÐ 1.750.000 kr.**
**Citroën C1 Feel** VMH14
Skráður apríl 2015, 1,0i bensín, beinskiptur
Ekinn 25.000 km. Í ábyrgð.



**VERÐ 690.000 kr.**
**Citroën C4 Comfort** OL274
Skráður apríl 2005, 1,6i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 147.000 km.



**VERÐ 3.390.000 kr.**
**Ford B-MAX Titanium** FRY55
Skráður júní 2015, 1,6i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 21.000 km. Í ábyrgð.



**TILBOÐ 9.045.000 kr.**
**Ford Explorer Limited** YGL65
Skráður maí 2014, 3,5i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 25.500 km. Í ábyrgð.
Verð 9.690.000 kr.



**VERÐ 2.290.000 kr.**
**Mazda3 Advance** KLP79
Skráður mars 2013, 1,6i bensín, beinskiptur
Ekinn 51.000 km. Í ábyrgð.



**TILBOÐ 2.890.000 kr.**
**Ford Focus Trend Edition** IKG91
Skráður maí 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 65.000 km. Í ábyrgð.
Verð 3.090.000 kr.



**TILBOÐ 3.250.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium S AWD** PEZ66
Skráður desember 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 107.000 km.
Verð 3.490.000 kr.



**TILBOÐ 3.650.000 kr.**
**Suzuki Grand Vitara** ZRJ19
Skráður febrúar 2013, 2,4i bensín, beinskiptur
Ekinn 63.000 km.
Verð 3.950.000 kr.



**TILBOÐ 1.890.000 kr.**
**Hyundai Santa Fe** RH532
Skráður maí 2006, 2,2TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 178.000 km.
Verð 2.190.000 kr.

- Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí
- Hagstætt uppítökuverð
- Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

*FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK*
*Notaðir bílar - Brimborg*
Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar
virka daga kl. 9-17
og laugardaga 12-16.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# Franskir ráðamenn leggja allt sitt undir

Forseti Íslands segir margt sanna að Loftslagsráðstefnan í París taki fyrirrennurum sínum fram. Hins vegar sé hámarksárangur aðeins skref í

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



„Kjarni málsins er sá að jafnvel þó ráðstefnan hér í París skili þeim árangri sem menn gerðu sér vonir um, þá er það engan veginn nóg. Þetta getur hins vegar orðið mikilvægur áfangi – kannski mikilvægasti áfanginn á síðastliðnum tuttugu til þrátíu árum. En baráttunni er þar með ekki lokið,“ segir Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sem staddur er á Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París (COP21).

Senn dregur að lokum ráðstefnunnar í París. Samninganefndir 195 ríkja skiluðu af sér uppkasti að loftslagssamningi um helgina sem ráðamenn þjóðanna liggja yfir nú. Eftir er að taka stórar ákvarðanir áður en hægt verður að tala um að loftslagssamningur, sem byggja skal á í framtíðinni, sé í höfn. Efasemdaraddir heyrast sem segja meðal annars að of mikið hafi verið skilið eftir fyrir ráðamenn að vinna í. Ráðamenn hafa aðeins nokkra daga til stefnu en stefnt er að ráðstefnulokum á föstudaginn. Líklegt er þó að viðræður ráðamanna haldi áfram inn í helgina. Í upphafi viðræðna ráðamanna á mánudaginn skoraði Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, á þá að ná samkomulagi um trúverðugan og sanngjarnan samning.

> **Kjarni málsins er sá að jafnvel þó ráðstefnan hér í París skili þeim árangri sem menn gerðu sér vonir um, þá er það engan veginn nóg.**
>
> Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands

Í viðtali við fréttastofu Stöðvar 2 í París segir Ólafur jafnframt að þrennt hafi gerst sem geri það að verkum að ráðstefnan nú er öðruvísi, og kannski mikilvægari, en fyrri ráðstefnur af sama tagi. Í fyrsta lagi sé það sterkur almennur vilji ríkja, að forysturíkjum í öllum heimsálfum meðtöldum, að taka saman höndum í baráttunni gegn losun gróðurhúsalofttegunda og hlýnun jarðar.

„Í öðru lagi gríðarmikil þátttaka forystumanna í viðskiptalífi – fyrirtækja vítt og breitt um veröldina. Við höfum aldrei fyrr séð viðskiptalífið taka þátt í umræðunni um hreina orku og loftslagsbreytingar með þeim hætti sem við gerum nú. Eins almenn viðurkenning á hinum vísindalegu rannsóknum sem sýna fram á að hættan er raunveruleg,“ segir Ólafur. „Allt gerir það að verkum að krafturinn í þessari samkomu hér í París er miklu meiri en við höfum séð áður.“

Ólafur tók einnig til þess að franskir ráðamenn, meðal annarra



**Ísklukka Ólafs Elíassonar á Pantheon-torginu í París sýnir á táknrænan hátt að mannkynið má engan tíma missa.** NORDICPHOTOS/AFP





Vito, hörkuduglegur vinnufélagi

Með Mercedes-Benz Vito fær þitt fyrirtæki dýrmætan liðsauka. Öflugur, sparneytinn og fjölhæfur. Hann fæst sem sendi-, fjölnota- og fólksflutningabíll, framhjóla-, afturhjóla- og fjórhjóladrifinn. Þrjár lengdir og fimm vélaútfærslur í boði og ótal möguleikar eru á að laga hann að sérstökum þörfum.

**Vetrardekk fylgja öllum Vito til áramóta**, ásamt húfu, trefli og sköfu.

Komdu í Atvinnubíladeild Öskju og kynnstu þessum hörkuduglega vinnufélaga.

**Vito**, millilangur sendibíll, 114 hestöfl, 6 gíra beinskiptur
Verð frá 4.240.000 kr. án vsk

Mercedes-Benz
Vans. Born to run.

ASKJA ATVINNUBÍLAR · Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími 590 2120 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur okkur á Facebook
„Mercedes-Benz Ísland atvinnubílar“

# í París

réttа átt.



„Ég held að aldrei fyrr hafi eitt af öflugustu ríkjum heims skuldbundið sig með þessum hætti eins og forystumenn frönsku ríkisstjórnarinnar hafa gert.



Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands

François Hollande Frakklandsforseti og Ségolène Royal, umhverfis- og orkumálaráðherra, hafi „tekið þá stjórnmálalegu áhættu að leggja nafn sitt og stöðu við að þessi ráðstefna skili árangri. Ég held að aldrei fyrr hafi eitt af öflugustu ríkjum heims skuldbundið sig með þessum hætti eins og forystumenn frönsku ríkisstjórnarinnar hafa gert.“

Loftslagsskrifstofa SÞ hefur birt lista yfir þá fjármuni sem einstök ríki munu veita í loftslagstengd verkefni á næstu árum. Þar kemur fram að árlegt framlag Íslands er 10 milljónir Bandaríkjadala, eða rúmlega 1,3 milljarðar króna á gengi dagsins. Er þá meðtalið milljón dala framlag í loftslags- og umhverfissjóð SÞ (Green Climate Fund), á árunum 2016 til 2020, en sjóðurinn var stofnaður með ákvörðun aðildarríkjanna í Cancún árið 2010.

„Þessar tíu milljónir Bandaríkjadala sem þarna er verið að tala um eru í raun allt það sem talið er okkur til tekna eða framlags er viðkemur loftslagsmálum. Þetta eru verkefni sem tengjast þróunaraðstoðinni; þetta eru verkefni sem eru í sóknaráætluninni og í rauninni allt það sem menn geta sagt að sé framlag Íslands til þróunarmála. Þarna er búið að setja verðmiða á það,“ segir Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sem jafnframt er staddur í París. „Vonandi náum við að bæta við þetta. Þetta er staðan eins og hún er í dag og við getum verið býsna sátt við það að við séum að veita þetta miklum fjármunum í loftslagsmálin.“

## Alþjóðleg stórfyrirtæki menga meira en heilu þjóðlöndin

- Norski forsætisráðherrann, Erna Solberg, hefur tilkynnt að Noregur muni tvöfalda framlag sitt til Loftslags- og umhverfissjóðs SÞ (Green Climate Fund), fyrir árið 2020. Framlagið mun verða rúmlega 500 milljónir Bandaríkjadala, eða 66,6 milljarðar króna.
- Bandaríkin, Kína, Kanada og Evrópusambandið hafa meðal annarra ámálgað að setja stefnuna á að stöðva hlýnun jarðar við 1,5 gráður frá því fyrir iðnbyltingu, en ekki tvær gráður eins og lengi hefur verið viðmiðið.
- Meðal stórfyrirtækja sem hafa undirgengist í tengslum við COP21 að minnka kolefnisspor sitt eru Coca-Cola, Dell, General Mills, Kellogg, Procter & Gamble, Sony, Unilever og Nestlé.
- Rússar munu ekki standa í vegi samkomulags í París, segir stórblaðið Guardian og vísar til samtals Vladimírs Pútín Rússlandsforseta og kanslara Þýskalands, Angelu Merkel.
- Mikilvægi þátttöku alþjóðlegra iðnrisa í aðgerðum í loftslagsmálum endurspeglast í þeirri staðreynd að kolefnisspor þeirra eru í mörgum tilfellum dýpri en þjóðlanda. Dæmi er tekið af matvælaframleiðendunum Cargill, Tyson og Yara sem allir losa meira en Holland.






BAUHAUS




BAUHAUS®

BAUHAUS

# Mikið úrval af hágæða jólatrjám...



**Jólatré, normannsþinur**
Fæst í ýmsum stærðum. 75–125 cm.

**2.995.-**

**Einstök gæði**
**Normannsþinur, fyrsta flokks tré með tálguðum stofni.**

125–150 cm.
**3.495.-**

175–200 cm.
**6.895.-**

150–175 cm.
**4.995.-**

200–250 cm.
**8.595.-**

## MEIRA EN BARA BYGGINGAVÖRUVERSLUN

MIKIÐ ÚRVAL, LÁGT VERÐ OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

Auglýst verð gildir frá miðvikudeginum 9. desember til og með miðvikudeginum 23. desember 2015
Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# Styrkjum sveitirnar



**Fanney Birna Jónsdóttir**
fanney@frettabladid.is

Náttúruöflin minntu hressilega á sig í gær og fyrirvarad með tilheyrandi fréttum af fjúkandi þökum, rafmagnsleysi og niðurfellingu flugs ásamt öðru. Ómissandi þáttur í þessari umfjöllun er hlutverk björgunarsveitanna. Björgunarsveitir sinntu hátt á fjórða hundrað verkefnum í óveðrinu sem gekk yfir landið og hátt í átta hundruð manns komu að óveðursaðstoð, lokunum vega, aðstoð við veitufyrirtæki og viðbragðsstöðu.

Við búum á svæði þar sem allra veðra er bókstaflega von. Það er engin leið að geta verið viss um að verið sé að klæða sig eftir veðri að morgni, oftar en ekki er tíðin allt önnur að kvöldi. Svitakóf á skrifstofunni og tilheyrandi ofkæling stuttermaklæddra vinnufélaga vegna galopinna glugga er algeng. Útivist getur undir ákveðnum kringumstæðum einfaldlega verið stórhættuleg.

Björgunarsveitirnar hafa það formlega hlutverk að starfa að björgun, leit og gæslu í þágu almennings. Þær bjarga mannslífum og verðmætum og verkefnin eru fjölbreytt, allt frá björgun úr snjóflóðum eða sjávarháska til leitar að týndu fólki eða sjúkragæslu á ýmsum viðburðum. Íslensku björgunarsveitirnar hafa unnið óteljandi afrek í gegnum tíðina. Mannslífin sem þær hafa bjargað eru óteljandi, hetjusögurnar hver annarri ótrúlegri og þjóðin getur verið og er þakklát fyrir það fórnfúsa starf sem sjálfboðaliðar björgunarsveitanna inna af hendi þegar vá knýr dyra hér á þessu óútreiknanlega skeri. Með fjölgun ferðamanna fjölgar verkefnum björgunarsveitanna. Hingað til hefur það ekki tíðkast að þeir tryggi sig sérstaklega, til að mynda ef þeir ætla sér inn á hálendið, en slíkt fyrirfinnst til að mynda í Ölpunum.

Á þessu ári fengu sveitirnar í gegnum Slysavarnafélagið Landsbjörg 165,2 milljónir frá ríkinu. Samkvæmt fjárlögum munu 167,6 milljónir falla í þeirra skaut á næsta ári. Í flestum vestrænum löndum eru það ríkisreknir herir sem kallaðir eru út til að sinna björgunarstörfum, en á Íslandi eru það sjálfboðaliðar. Björgunarsveitirnar eru að mestu fjármagnaðar með sjálfsaflafé, söfnunum og sölumennsku. Þannig má segja að björgunarsveitirnar spari ríkinu ómældar upphæðir á ári hverju.

Rekstur björgunarsveita er eðli málsins samkvæmt dýr. Það þarf bíla, búnað og tæki ásamt sífelldri þjálfun og endurmenntun. Kröfur sem gerðar eru til björgunarsveitarmanna eru miklar og allt þetta er gert meira og minna án aðkomu ríkisins. Þrátt fyrir það eru sveitirnar gríðarlega stór hluti almannavarnakerfis hins opinbera.

Það er skylda okkar landsmanna að styðja og styrkja björgunarsveitirnar. Dagar eins og þeir í upphafi vikunnar minna á hversu ómetanlegt starf sjálfboðaliða sveitanna er og dagar þar sem náttúran eða slys valda manntjóni minna okkur enn frekar á það. Betur ætti að standa að fjármögnun sveitanna af hálfu hins opinbera – mun betur. En þangað til leggjum við okkar af mörkum hvert og eitt – maður veit nefnilega aldrei hvenær röðin kemur að manni sjálfum.

> **Í flestum vestrænum löndum eru það ríkisreknir herir sem kallaðir eru út til að sinna björgunarstörfum, en á Íslandi eru það sjálfboðaliðar.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Loðin tekjuáætlun**

Stjórnarandstaðan lagði fram breytingartillögur sínar við fjárlagafrumvarp næsta árs. Þar eru lagðir til margir útgjaldaaukandi liðir líkt og fjármögnun Landspítalans, hækkun barnabóta, örorku og lífeyris. Auðvitað er þetta jákvætt en einhvers staðar þarf fjármagnið að koma frá. Einnig er að finna tillögur að tekjuöflun, meðal annars auknar tekjur vegna skattaeftirlits upp á fjóra milljarða. Vænta má að þar verði meira fé sett í starfsemi Ríkisskattstjóra til að koma í veg fyrir undanskot frá skatti. Tillagan er áhugaverð en það hlýtur að vera vafasamt að áætla svo nákvæmt að úr atlögu gegn skattsvikum megi hljóta umrædda upphæð.

**Siðferðisleg skylda**

Þetta er annað árið í röð sem stjórnarandstaðan leggur fram sameiginlegar fjárlagatillögur. Þetta er afar áhugaverð nýlunda sem minnir á skuggaríkisstjórn í Bretlandi sem leggur fram móttillögur gagnvart ríkjandi valdhöfum. Stjórnarandstaðan sjálf segir að með þessu sé hún að tefla fram skýrum valkosti við ríkisstjórnina. Árni Páll Árnason hefur sagt að ef ríkisstjórn fellur í kosningum beri stjórnarandstöðu siðferðisleg skylda til að reyna að mynda nýja ríkisstjórn. Miðað við öflugt samstarf stjórnarandstöðuflokkanna virðist löngu vera búið að ákveða að mynda þá ríkisstjórn eftir næstu kosningar þrátt fyrir að þeir flokkar muni ekki ganga bundnir til kosninga. stefanrafn@frettabladid.is

# Þjóðarskömm



**Ingimundur Gíslason**
augnlæknir á eftirlaunum

Ævilíkur Íslendinga nú eru 82,1 ár samkvæmt nýlegum tölum frá embætti landlæknis. Í nýrri skýrslu frá sama embætti má lesa að miðgildi biðtíma eftir augasteinsaðgerð sé 39 vikur. Heildarfjöldi (fjöldi augna) á biðlista fyrir sömu aðgerð var 3.895 í október 2015.

Aðalástæða augasteinsaðgerðar er ský á augasteini sem veldur verulegri sjónskerðingu og lélegum lífsgæðum. Á Vesturlöndum er ský á augasteini sjúkdómur gamla fólksins og eykst tíðni hans verulega með hækkandi aldri. Um áttrætt er helmingur fólks kominn með sjúkdóminn og í mörgum tilvikum er þá blinda bein afleiðing hans. Lækning felst í skurðaðgerð þar sem augasteinninn er fjarlægður og gerviaugasteinn settur inn í augað í hans stað. Að öllu jöfnu tekur aðgerðin sjálf fimm til tíu mínútur og sjúklingur getur farið heim strax að henni lokinni. Árangur er oftast mjög góður og margir fá fulla sjón á viðgerða auganu. Má með sanni segja að augasteinsaðgerð sé ein best heppnaða aðgerð læknisfræðinnar hvað varðar árangur miðað við kostnað.

Það er Íslendingum til vansæmdar að láta gamla fólkið bíða svona lengi eftir lítilli skurðaðgerð sem getur bætt líf þess svo um munar. Áttræð manneskja á ekki mörg ár eftir og því er ansi nöturlegt til þess að hugsa að hún verði ekki sæmilega sjáandi til æviloka. Við Íslendingar sýnum ekki gamla fólkinu næga virðingu, eins og margar aðrar þjóðir gera, og þetta sem hér að ofan er lýst er ein birtingarmynd þess. Þetta fólk á langa starfsævi að baki og hefur þá greitt sína skatta og gjöld. Fyrir þá sem sífellt eru að býsnast út af kostnaði við heilbrigðisþjónustu má benda á að oft léttir nýja sjónin fólki lífið og öll umönnun verður auðveldari og um leið ódýrari.

Almannatryggingar voru hugsaðar sem ein grunnstoð samfélagins. Nú eru komnir brestir í þessa stoð. Ef þú átt peninga getur þú oft borgað aðgerðina að fullu og stytt þannig biðtímann fyrir sjálfan þig.

Stundum skammast ég mín fyrir að vera Íslendingur.

> **Það er Íslendingum til vansæmdar að láta gamla fólkið bíða svona lengi eftir lítilli skurðaðgerð sem getur bætt líf þess svo um munar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*




# Ríkisútvarpið og fjöregg þjóðarinnar



Örnólfur Árnason
situr í stjórn Hollvina Ríkisútvarpsins

**Hvernig stendur á því að slagurinn um framtíð Ríkisútvarpsins er allt í einu orðinn eitthvert reiptog vinstri og hægri flokkanna?**

Ríkisútvarpið á nú mjög í vök að verjast. Alþingismenn núverandi stjórnarflokka virðast á báðum áttum hvort þeir eigi að leyfa því að lifa áfram enda þótt skoðanakannanir sýni að það er eindreginn vilji meirihluta landsmanna að við eigum okkar þjóðarútvarp. Það var ekki yfirlýst stefna þessara flokka fyrir kosningar 2013 að skera niður starfsemi Ríkisútvarpsins hvað þá að ganga af því dauðu.

Háværum einstaklingum og öflum sem ekki eiga einu sinni að heita forystusveit þessara flokka virðist hins vegar gefið einkennilega mikið vald þegar vélað er um framtíð þessarar stofnunar sem hlýtur að teljast einn af helst máttarstólpum íslenskrar menningar.

Hvernig stendur á því að slagurinn um framtíð Ríkisútvarpsins er allt í einu orðinn eitthvert reiptog vinstri og hægri flokkanna? Ég hef þekkt alla útvarpsstjórana nema einn og enginn þeirra hefur verið „vinstri maður“ enda hafa þeir flestir, ef ekki allir, verið skipaðir af menntamálaráðherrum Framsóknar- eða Sjálfstæðisflokks.

Það er að ýmsu leyti skiljanlegt að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttur skyldi grípa til örþrifaráða til að reyna að koma böndum á rekstur Ríkisútvarpsins eins og hann var orðinn eftir áralanga stjórn flokksbræðra hennar. En eins og hún viðurkenndi eiginlega í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni sl. sunnudag reyndist ohf-væðingin árið 2007 ekki farsæl lausn. Allra síst sú ráðstöfun að skilja lífeyrisskuldbindingar starfsmannanna eftir hjá stofnuninni.

En eftir mikið basl hafa stjórnendur Ríkisútvarpsins nú rétt reksturinn við. Þeir hafa sagt upp fjölda starfsfólks, hugsanlega einhverjum sem hægt var að vera án en því miður líka ýmsum sem hræðileg eftirsjá er að. Sparnaðaraðgerðirnar hafa að sjálfsögðu líka komið niður á dagskrá Útvarpsins og gert hana einhæfari og endurtekningasamari eins og hlustendur finna fyrir, og þeir sem vilja stofnunina feiga notfæra sér þá afturför til að benda á að lítil eftirsjá yrði að stofnuninni.

Hins vegar hefur nú loks tekist með þessum sára niðurskurði, sölu á eignum og leigu á hluta húsnæðisins í Efstaleiti að koma rekstrinum á sléttan sjó. Nýtt uppgjör var birt í Kauphöll í október sl. sem sýnir hallalaust ár 2014-2015. Það er hið fyrsta á starfsferli nýs útvarpsstjóra, Magnúsar Geirs Þórðarsonar, sem segist treysta sér til að reka stofnunina hallalaust áfram næsta ár að því tilskildu að Alþingi lækki útvarpsgjaldið ekki frekar.

### Gildismati hefur hrakað

Mér sýnist raunar þegar ég hugleiði þessi mál að mesta hættan fyrir Ríkisútvarpið og ýmsa aðra hornsteina íslensks þjóðfélags, sem foreldrar okkar, afar og ömmur, byggðu upp af dugnaði og stórhug, stafi af því hversu mjög gildismati og menningarstigi íslenskra alþingismanna hefur hrakað. Ég á ekki bara við akademískan bakgrunn, þótt sá samanburður sé sannarlega sláandi, heldur ekki síður hugsjónir og almennt lífsviðhorf. Hér áður fyrr sátu menn á þingi sem fundu til djúprar ábyrgðar gagnvart þjóð sinni og gátu náð saman um ákveðin grundvallaratriði þótt þeir hnakkrifust um annað. Þeir hefðu staðið sem klettur um Ríkisútvarpið, jafnt „hægri“ sem „vinstri“ menn.

Það hefði verið óhugsandi, held ég, á þeim tíma þegar forvígismenn stjórnmálaflokkanna voru úr hópi helstu menntafrömuða þjóðarinnar og einlægustu unnenda íslenskrar menningar, að ekki ríkti skilningur á mikilvægi Ríkisútvarpsins. Mig langar að nefna nokkra stjórnmálamenn sem ég þekkti nægilega vel til að vita að þeir hefðu haft gerólíka afstöðu gagnvart Ríkisútvarpinu en það fólk sem nú situr á Alþingi fyrir flokka þeirra, Sjálfstæðisflokkinn og Framsóknarflokkinn: Prófessorarnir Bjarni Benediktsson, Gunnar Thoroddsen, Ólafur Björnsson, Þórir Kr. Þórðarson, Gunnar G. Schram, Ólafur Jóhannesson og Haraldur Ólafsson. Eða menntamálaráðherrarnir Vilhjálmur Hjálmarsson og Ingvar Gíslason. Ég hef oft verið ósammála ýmsum þessara manna um pólitísk málefni en ég bar virðingu fyrir hverjum einasta þeirra og hefði treyst þeim til að halda á fjöreggjum íslensku þjóðarinnar, af trúmennsku.

Gætið að ykkur, ágætu alþingismenn, því Ríkisútvarpið er eitt af þeim fjöreggjum íslensku þjóðarinnar sem ykkur var trúað fyrir.

# Sameinumst um réttlátari fjárlög

Árni Páll Árnason
Katrín Jakobsdóttir
Óttarr Proppé
Helgi Hrafn Gunnarsson
formenn stjórnarandstöðuflokkanna

**Landspítalinn fái nægilegt fé til að standa undir nauðsynlegri starfsemi.**

Við í Samfylkingunni, Vinstri grænum, Bjartri framtíð og Pírötum stöndum saman að breytingatillögum við fjárlög. Þar sýnum við að það er hægt að leggja aðrar áherslur við stjórn landsins og nýta á sanngjarnari hátt bætta afkomu ríkissjóðs.

Við setjum bætt kjör almennings í forgang og þeirra sem hafa lægstar tekjur, leggjum áherslu á heilbrigðisþjónustu, menningu og menntamál og á fjárfestingar í umhverfi og innviðum samfélagsins um allt land. Með þessu vinnum við í sameiningu gegn ójöfnuði á Íslandi og tryggjum að aukin hagsæld skiptist á réttlátan hátt. Allar okkar tillögur eru að fullu fjármagnaðar með tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Tillögur okkar eru m.a.:

Elli- og örorkulífeyrir almannatrygginga hækki afturvirkt og með sama hætti og lægstu laun á samningstíma kjarasamninga, sem miða við 300 þúsund króna mánaðarlaun.

Landspítalinn fái nægilegt fé til að standa undir nauðsynlegri starfsemi.

Barnafjölskyldum verði mætt með hækkun á þaki fæðingarorlofs upp í 500 þúsund og barnabætur hækki með hækkun á skerðingarviðmiðum.

Framlög til háskóla hækki og fjármunum verði veitt til að aflétta fjöldatakmörkunum í framhaldsskólum og styrkja rekstur þeirra.

Að blásið verði til sóknar fyrir íslenskt mál í stafrænum heimi.

Fjárfestingar verði í innviðum og sóknaráætlun landshluta.

Sérstakt átak í viðhald og nýframkvæmdir í vegagerð, enda þörfin afar brýn.

Til að mæta skuldbindingum Íslands vegna loftslagsvandans er gert ráð fyrir auknum fjármunum til fjárfestinga í græna hagkerfinu og til Loftslagssjóðs.

Að auki eru gerðar tillögur um ýmis mjög brýn réttlætismál: Aukin framlög til móttöku flóttamanna, aukins stuðnings við innflytjendur, til fangelsismála, til baráttu gegn kynbundnu ofbeldi, til geðheilbrigðismála og til frumkvæðisathugana umboðsmanns Alþingis.

Allar þessar tillögur eru fjármagnaðar með auknum tekjum, hærri veiðigjöldum, arði af bönkum, orkuskatti á stóriðju og bættu skatteftirliti.

Þar fyrir utan má minna á að á kjörtímabilinu hefur stjórnarmeirihlutinn tekið fjölmargar ákvarðanir um lækkun tekna ríkissjóðs upp á tugi milljarða; m.a. lækkun veiðigjalds, afnám auðlegðarskatts, lækkun á tekjuskatti betur stæðra, afnám sykurskatts og heykst á alvöru gjaldtöku af ferðamönnum.

Með tillögum okkar í stjórnarandstöðunni sýnum við fram á að það er til svigrúm fyrir raunverulegar úrbætur í samfélaginu. Það skiptir öllu máli hverjir fara með stjórn opinberra fjármuna.





PIPAR\TBWA • SÍA • 155839

Menntun og fjölmenning

Menntun í fjölmenningarsamfélagi er viðfangsefni annars fundar í nýrri fundaröð Háskóla Íslands sem ber yfirskriftina **Fræði og fjölmenning.**

Við þróun fjölmenningarsamfélags er mikilvægt að huga sérstaklega að börnum og ungu fólki. Á Íslandi hefur nú þegar skapast töluverð reynsla af skóla margbreytileikans og þekking með rannsóknum á því sviði menntavísinda. Á fundinum verður athygli einkum beint að börnum og ungmennum af erlendum uppruna í íslensku menntakerfi.

Fundurinn verður haldinn á Alþjóðlega mannréttindadaginn, **fimmtudaginn 10. desember nk., kl. 12.00 til 13.15 í fundarsal Þjóðminjasafns Íslands.**

**Dagskrá**

**Jón Atli Benediktsson**, rektor Háskóla Íslands, setur fundinn.

**Hanna Ragnarsdóttir**, prófessor í fjölmenningarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, fjallar um hvers konar umgjörð íslensk menntastefna, lög og námskrár mynda fyrir fjölbreytta nemendahópa, einkum börn af erlendum uppruna.

**Dagur B. Eggertsson** borgarstjóri segir frá nýrri fjölmenningarstefnu fyrir skóla- og frístundastarf, ***Heimurinn er hér***, sem tók gildi í Reykjavík á síðasta ári. Stefnan tekur til alls lærdómsumhverfis barna og ungmenna með tilliti til fjölmenningar.

**Kristrún Sigurjónsdóttir**, deildarstjóri móttökudeildar Lækjarskóla í Hafnarfirði, fjallar um reynslu Lækjarskóla af því að taka á móti börnum af erlendum uppruna og hvernig sú reynsla hefur og mun nýtast við móttöku flóttabarna og barna hælisleitenda.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is

# Hversu há þarf framfærslan að vera?



**Björgvin Guðmundsson**
formaður kjaranefndar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Engin könnun hefur verið gerð á því hvað eldri borgarar þurfi mikið sér til framfærslu, þegar þeir eru hættir störfum. Raunar hefur Hagstofan ekki kannað framfærslukostnað almennt. En hún hefur reglulega kannað neyslukostnað, gert neyslukannanir. Samkvæmt síðustu neyslukönnun Hagstofunnar er meðaltalsneysla einhleypinga 321 þúsund krónur á mánuði. Húsnæði er inni í þeirri tölu og nær allir neysluliðir. Þegar velferðarráðuneytið kannaði árið 2011 hvert ætti að vera dæmigert neysluviðmið var útkoman svipuð og í neyslukönnun Hagstofunnar. Ljóst er því að miða má við hana.

Ég tel, að neyslukönnun Hagstofunnar eigi við eldri borgara eins og aðra. Sumir liðir könnunarinnar, eins og lækniskostnaður og lyfjakostnaður, eru þó lægri en meðaltalsraunkostnaður þessara kostnaðarliða hjá eldri borgurum. Eldri borgarar eyða m.ö.o. hærri upphæðum í læknis- og lyfjakostnað en nemur meðaltali slíks kostnaðar hjá almenningi.

Lífeyrir aldraðra hjá Tryggingastofnun er aðeins 192 þúsund krónur á mánuði eftir skatta (einhleypingar, sem ekki hafa aðrar tekjur en frá TR). Það vantar því 129 þúsund krónur á mánuði upp á, að lífeyrir TR nái meðaltali neyslukönnunar Hagstofunnar. Tölurnar eru sambærilegar, þar eð í báðum tilvikum eru þær án skatta.

### FEB vill miða við neyslukönnunina

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni hefur ítrekað ályktað á aðalfundum sínum að hækka ætti lífeyrinn frá almannatryggingum um 129 þúsund krónur á mánuði svo hann næði upphæð neyslukönnunar Hagstofunnar. En stjórnvöld hafa hundsað þá ályktun eins og þau hafa hundsað aðrar ályktanir eldri borgara!

Félag eldri borgara hefur boðið, að þessi munur, 129 þúsund krónur, yrði jafnaður í þremur áföngum. En ríkisstjórnin hefur virt þá ósk að vettugi. Það eina sem stjórnin býður eru rúmar 20 þúsund krónur af þessum 129 þúsundum! Rausnarlegt það, þegar nógir peningar eru til. Stjórnin hefur meira að segja afsalað sér sköttum!

Ef lífeyrir eldri borgara hjá TR hækkar um 14,5% eins og lágmarkslaun hækkuðu hækkar lífeyririnn um 32.625 krónur á mánuði. Lífeyrir aldraðra, sem einungis hafa tekjur hjá TR, er í dag 225 þúsund krónur á mánuði fyrir skatt. 14,5% hækkun gerir 32.625 kr.

Ef lífeyrir aldraðra hjá TR hækkar alls upp í 300 þúsund á mánuði á þremur árum eins og lágmarkslaun hefur lífeyrir aldraðra hjá TR hækkað verulega. Ríkisstjórnin ætti að taka rögg á sig og stíga þessi skref.

# Losun í París, lokun í Genf



**Ögmundur Jónasson**
alþingismaður

Á sama tíma og fulltrúar heimsbyggðarinnar ræða hvernig hamla megi gegn losun gróðurhúsalofttegunda, koma fulltrúar TiSA-ríkjanna saman í Genf til að ræða hið gagnstæða; hvernig koma megi í veg fyrir að félagsleg sjónarmið standi í vegi fyrir markaðsvæðingu þess sem á TiSA-máli kallast „Environmental services“ eða umhverfistengd þjónustuviðskipti.

### Klippt á lýðræðislegar rætur

TiSA er skammstöfun fyrir Trade in Services Agreement. Þessar fríverslunarviðræður spruttu upp úr GATS – General Agreement of Trade in Services – viðræðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um þjónustuviðskipti og hófust þær formlega árið 2013 eftir að hlé hafði verið gert á GATS-viðræðunum vegna vaxandi andstöðu almennings og fátækustu ríkja heims.

GATS og TiSA eru af sama toga og ganga út á lýðræðisvana markaðsvæðingu. Annars vegar er hún óafturkræf. Ekki er hægt fyrir nýjar ríkisstjórnir að vinda ofan af skuldbindingum um markaðsvæðingu, sem forverarnir gáfu, nema eiga málssókn á hættu. Í annan stað byggja þessar málsóknir á gerðardómsréttarfari, það þýðir að ágreiningsmálum er ekki skotið til dómstóla í viðkomandi ríkjum heldur til gerðardóma með aðkomu alþjóðlegra fyrirtækja. Þetta þýðir að klippt er á dómsvald sem á sér lýðræðislegar rætur.

### Aðild Íslands að siðleysinu

Þessar TiSA-samningaviðræður eru siðlausar af tveimur ástæðum fyrir utan það sem hér var nefnt.

Annars vegar eru TiSA-viðræðurnar tilraun ríkari hluta heimsins til að komast að samkomulagi sem síðan verði þröngvað upp á hinn snauðari hluta. Þetta takmark hefur ekki verið farið í grafgötur með. Í skýrslu utanríkisráðherra Íslands í mars 2014 segir að vonast sé til að aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar „gerist aðilar að TiSA-samningnum þegar viðræðum er lokið“! Hér er vísað til allra 123 ríkjanna sem stóðu að GATS-viðræðunum.

Hins vegar eru TiSA-viðræðurnar ósiðlegar vegna leyndarinnar. Í TiSA-viðræðunum er meiningin að komast að samkomulagi undir leyndarhjúp um mál sem varða samfélagið allt.

### Leikbrúður fjármagnsins

Fréttir af TiSA-viðræðunum nú eigum við enn og aftur Wikileaks að þakka. Í síðustu viku kom Wikileaks fréttum af leynimakkinu í Genf á framfæri. Athyglisvert er að lekinn hefur vakið miklu meiri athygli í þriðja heiminum en í okkar heimshluta þótt rökrétt væri að öll heimsbyggðin risi upp þegar alþjóðafjármagnið gerir lýðræðislega fulltrúa okkar að leikbrúðum sínum.

> **Ísland er þarna með á báti, sem áður segir, og var í fréttum í síðustu viku vísað í Noreg og Ísland sem tillöguríki um tiltekna þætti í þessum viðræðum án þess að nokkur opin umræða hafi farið fram um það hér á landi!**

Samningsríkin í TiSA-viðræðunum eru ýmist talin 50 eða 23 eftir því hvort Evrópusambandsríkin eru talin öll sér eða litið á þau sem eina heild en þannig koma þau að þessum viðræðum. Ísland er þarna með á báti, sem áður segir, og var í fréttum í síðustu viku vísað í Noreg og Ísland sem tillöguríki um tiltekna þætti í þessum viðræðum án þess að nokkur opin umræða hafi farið fram um það hér á landi!

### Varnaðarorð alþjóðasamtaka launafólks

Alþjóðasamtök starfsfólks í almannaþjónustu, Public Services International, PSI, hafa fylgst með þessum viðræðum eins og þau hafa getað og sagði Rosa Pavanelli, framkvæmdastjóri PSI, eftir að upplýsingarnar komu fram í síðustu viku, að með ólíkindum væri að heimurinn þurfi að reiða sig á Wikileaks um aðgang að upplýsingum um hvað ríkisstjórnir okkar eru að semja um á bak við tjöldin fyrir okkar hönd.



# MERKIÐ TRYGGIR GÆÐIN



## SALTMINNI HRYGGUR!

Þarf ekki að sjóða! Aðeins 90 mín. í ofni!

**Hagkaups Hamborgarhryggur**
Sérvalinn af fagmönnum úr nýju hráefni. Við viljum vera viss um að hátíðamaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups.







## NÝTT Í HAGKAUP

**Maltgrís hamborgarhryggur**
Maltgrís er unggrís sem er sérvalinn og séralinn fyrir Hagkaup af svínabóndanum á Vallá Kjalarnesi. Grísinn er fóðraður á soðnu maltbyggi, humlum og öðru úrvals góðgæti frá bruggmeisturum Ölgerðarinnar. Grísinn er í góðu yfirlæti við kjöraðstæður sem gerir kjötið einstaklega meyrt og bragðgott.

## MINNA SALT, SAMA BRAGÐ!

**Hagkaups hangikjötið**
Tað og birkireykt fyrsta flokks íslenskt lambakjöt. Í hangikjötið er notað 45% minna salt en notað er við hefðbundna hangikjötsframleiðslu. Engu að síður hefur tekist að framleiða hangikjöt með sama bragði.







## HIÐ EINA SANNA!

**Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip**
Undanfarin áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

# Íslam fordæmir hryðjuverkastarfsemi



**Mansoor Ahmad Malik**
Imam og landsforstöðumaður Ahmadiyya múslimasamfélagsins á Íslandi

**Hinn sanni boðskapur Íslams kemur til varnar öðrum trúarbrögðum og guðshúsum þeirra og hefur engan stað fyrir þá sem ávallt eru reiðubúnir að eyðileggja aðra.**

Nýlegar árásir í París eða hvar sem er annars staðar í heiminum eins og í Líbanon, Malí og áframhaldandi stríðið í Sýrlandi o.s.frv. sem leiða til þess að saklaust fólk lætur lífið eru gríðarlega villimannlegar og algjörlega gegn kenningum Íslams. Hinn heilagi Kóran kennir á skýran hátt að sé jafnvel ein saklaus manneskja drepin er það í eðli sínu líkt því að drepa allt mannkynið.

Hinn fjórði kalífi Alheimssamfélags Ahmadiyya múslima skrifaði í bók sinni *Morð í nafni Allah*:

*„Hvað Íslam varðar hafnar það algjörlega og fordæmir hvers kyns hryðjuverkastarfsemi. Það veitir ekkert skjól eða réttlætingu á neinu ofbeldi, hvort sem það er framið af einstaklingi, hópi eða ríkisstjórn... Ég fordæmi harðlega öll verk og hætti hryðjuverkastarfsemi því það er mín bjargfasta skoðun að ekki einungis Íslam heldur geta einnig engin sönn trúarbrögð, hverju nafni sem þau nefnast, samþykkt ofbeldi og blóðsúthellingar saklausra manna, kvenna og barna í nafni Guðs.“*

Þess vegna, ef einhver lýsir því yfir að hann komi fram fyrir hönd Íslams og hegðar sér í andstöðu við hinar sönnu og friðsömu kenningar Íslams þá myndi hið menntaða fólk samfélagsins vita að slíkt fólk er einungis fulltrúi eigin illra fýsna sinna og áforma.

Sumt fólk myndi færa rök fyrir því að Íslam styðji ofbeldi og máli sínu til stuðnings myndi það setja fram hina íslömsku hugmynd um Jihad. Hin íslamska hugmynd um Jihad er ein sú mest misskilda hugmynd, ekki aðeins meðal þeirra sem ekki eru múslimar, heldur einnig af tilteknum „fræðimönnum“ múslima. Spámaðurinn Múhameð (friður sé með honum) lýsti sig spámann árið 610 e.Kr. Hann eyddi næstu 13 árum í Mekka þar sem hann gekk í gegnum geysilegar ofsóknir af hendi íbúa Mekka fyrir þann eina „glæp“ að trúa á einn Guð. Eftir 13 ár þegar þessar grimmilegu ofsóknir tóku engan endi flutti hann til Madinah þar sem hann var einróma samþykktur sem leiðtogi Madinah af múslimum, gyðingum og öllum hinum íbúum Madinah.

Í ósætti sínu við velgengni Spámannsins Múhameð gerðu íbúar Mekka árás á Madinah. Þeir ákváðu að elta og ofsækja Múhameð Spámann og fylgjendur hans í borg sem var í mörg hundruð kílómetra fjarlægð. Múslimar trúa og Kóraninn staðfestir að þetta hafi verið sá tími þegar Guð veitti múslimum leyfi til að verja sig líkamlega í fyrsta sinn. Leyfi til að verja ekki einungis þá sjálfa heldur einnig kristna, gyðinga og trúarbrögð almennt.

*„Leyfi til að berjast er veitt þeim sem stríð er háð gegn vegna þess að þeir hafa verið beittir órétti – og Allah hefur sannarlega vald til að hjálpa þeim – þeir sem hafa verið hraktir burt af heimilum sínum á óréttmætan hátt einungis vegna þess að þeir sögðu ‚Drottinn okkar er Allah‘ – og ef Allah hefði ekki hrakið suma menn á brott gegnum aðgerðir annarra, þá hefðu klaustur og kirkjur og samkomuhús og moskur, þar sem nafns Allah er oft minnst, sannarlega verið rifin niður. Og víst mun Allah hjálpa þeim sem hjálpar Honum. Allah er vissulega máttugur og voldugur.“* (Hinn Heilagi Kóran, kafli 22:40-41)

**Þrjár tegundir Jihad**

Jihad er arabískt orð sem þýðir að leitast við, að kappkosta og keppa að ákveðnum málstað. Þetta eru þrjár tegundir Jihad.

1. Hið æðsta Jihad – ferli baráttunnar innra með sjálfum sér, viðleitnin við að hreinsa sjálfan sig, baráttan gegn eigin illum tilhneigingum, baráttan við að vera siðferðilegur, hógvær, auðmjúkur, góður, kærleiksríkur, hjálpsamur og allir aðrir góðir eiginleikar sem maður getur hugsað sér.

2. Hið mikla Jihad – að breiða út hinn sanna boðskap og kenningu Íslams. Kóraninn kennir hins vegar á skýran hátt að *það er engin nauðung í málefnum trúarbragða* (Hinn heilagi Kóran, kafli 2:257). Allir eru frjálsir að því að kjósa hvort þeir trúi eða trúi ekki, það er engin nauðung.

3. Hið lægra Jihad – hið lægsta stig Jihad, hið líkamlega Jihad. Íslam heimilar þetta hins vegar eingöngu í því skyni að „verja“ sig í vissum kringumstæðum, ekki til að „ráðast á“ eða „meiða“ nokkurn.

Ef manneskja vill ráðast á þig, eyðileggja heimili þitt, meiða eða jafnvel drepa börn þín og ástvini, myndir þú standa hjá og horfa á þá fremja slíkt? Víst myndirðu verja þig. Á sama hátt kennir Íslam þolinmæði fyrst og að grípa til sjálfsvarnar ef allt um þrýtur.

**Hræsnin í aðgerðum hryðjuverkamanna**

Þetta er hræsnin sem finnst í aðgerðum þessara hryðjuverkamanna sem eru eignaðar Íslam, en þó gætu aðgerðir þeirra ekki verið lengra frá hinum sönnu kenningum Íslams.

Á þessum tímum er Ahmadiyya múslimasamfélagið það samfélag þar sem lengst hefur verið við lýði kalífadómur, eða frá árinu 1908. Það er það samfélag sem mestrar einingar nýtur meðal múslimasamfélaga á heimsvísu undir einum kalífa með deildum í yfir 200 löndum og fjölda meðlima sem telur tugi milljóna. Stofnandinn og kalífar Ahmadiyya múslimasamfélagsins hafa ávallt fordæmt hryðjuverkastarfsemi og ávallt stutt samtal milli trúarbragða, gagnkvæman skilning og friðsamlega sambúð um leið og virðing er borin fyrir trú annarra almennt og þetta er eina leiðin fram á við. Hinn sanni boðskapur Íslams kemur til varnar öðrum trúarbrögðum og guðshúsum þeirra og hefur engan stað fyrir þá sem ávallt eru reiðubúnir að eyðileggja aðra.

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**



SAFT

# Heilsueflandi Reykjavík



**Heiða Björg Hilmisdóttir**
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar og formaður stýrihóps um Heilsueflingu í leik-, grunnskólum og frístund



Öll tökum við alls konar ákvarðanir daglega sem varða okkar heilsu og samfélagið sem við lifum í býr til þann ramma sem við tökum mið af þegar við tökum þær ákvarðanir. Því er svo mikilvægt að þeir sem taka að sér að vera fulltrúar almennings við ákvarðanatöku, í sveitarfélögum eða ríki, hafi þessa ábyrgð sína ofarlega í huga við alla stefnumótun, ákvarðanatöku og mat á árangri samfélags eða sveitarfélags.

Til eru heilmiklar rannsóknir á því í hvernig samfélögum fólki líður best og í hvernig samfélagi fólk er við besta heilsu og hvernig hægt er að meta árangur í þessum málum, rétt eins og við mælum hagvöxt og atvinnuleysi. Ríkisstjórnir geta stuðlað að jöfnuði og jöfnu aðgengi fólks að heilsugæslu, menntun og svo framvegis en sveitarfélögin sem skipuleggja nærumhverfi og nærþjónustu fólks hafa í þessum efnum líka mögnuð tækifæri.

Það skiptir nefnilega miklu máli fyrir heilbrigði, hamingju og vellíðan fólks að íbúabyggð sé þannig skipulögð að það sé stutt í þjónustu, að fólk hafi tækifæri til hreyfingar, geti hjólað eða gengið til vinnu eða í skóla, nálgast heilsusamlegan mat og gefandi félagsstarf.

Í þessum anda hefur Reykjavík ákveðið að vinna en í kjölfar samnings við Embætti landlæknis árið 2013 hófst vinna við það að heilsuefla borgina. Það þýðir að við viljum skapa borgarbúum þá umgjörð að það sé auðvelt fyrir þá að taka ákvarðanir í sínu daglega lífi, sem eru góðar fyrir þeirra heilsu. Borgarstjórn þarf einnig að taka mið af áhrifum ákvarðana sinna á lýðheilsu með mun skipulegri hætti en hingað til.

Þetta inniber einnig að Reykjavík ætlar sér að styðja við og efla þá þætti borgarmannlífsins sem eru í eðli sínu góðir og ganga vel. Þetta á við um íþróttastarf, félagsstarf fatlaðra, hverfastarf og samvistir barna með foreldrum svo eitthvað sé nefnt. Með sama hætti hefur Reykjavík einsett sér að vinna gegn þeim þáttum sem skaðað geta heilsu fólks eins og aðgengi að vímuefnum, óheilsusamlegum mat á starfsstöðvum borgarinnar o.s.frv.

Undanfarið ár hefur stýrihópur skipaður stjórnmálamönnum og fagfólki skipulagt hvernig best sé staðið að því að heilsuefla umhverfi barna og ungmenna í borginni.

Samhliða rannsóknum á heilbrigði og jöfnuði í hverfum borgarinnar sem nú fara fram, hefur verið ákveðið að hefjast handa með heilsueflandi starf í leikskólum, grunnskólum, frístundarheimilum og félagsmiðstöðvum barna í allri Reykjavík, enda eru það fjölmennustu starfseiningar borgarinnar og virka oft eins og hjartað í hverju hverfi.

Stefnan er að allir leikskólar, grunnskólar og frístundamiðstöðvar verði heilsueflandi og vinni þannig kerfisbundið að því að ná betri árangri í sínu starfi.

**Reykjavík í einstæðri stöðu**

Í nóvember komu saman fulltrúar allra þessara aðila, þar sem einn helsti sérfræðingur Evrópu í heilsueflandi skólastarfi leiðbeindi um það, hvernig best væri að bera sig að til að ná þessum markmiðum. Að hans mati er Reykjavíkurborg í einstæðri stöðu til að ná árangri í þessum efnum, og ef rétt verður á málum haldið gæti hún vísað öðrum veginn til heilsusamlegra borgarsamfélags. En háleit markmið eru eitt, að ná að framkvæma þau er það sem máli skiptir.

**Við höfum einstakt tækifæri til að breyta Reykjavík í heilsueflandi borg – borg sem styður við heilsu, hamingju og vellíðan íbúa.**

Til að styðja við heilsueflandi starf og samræma verklag innan hverfa munu verkefnastjórar félagsauðs og forvarna á þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar halda utan um verkefnið og verða sérfræðingar Reykjavíkurborgar í heilsueflingu. Þeir vinna enda í nánu samráði við leik-, grunn- og framhaldsskóla, frístund, félagsmiðstöðvar, lögreglu, verslunareigendur, heilsugæslu og aðra aðila innan hvers hverfis sem eru í lykilstöðu til að hafa áhrif innan hverfis á heilbrigði barna og ungmenna.

Heilsueflingarstarfið mun svo smám saman ná til allra starfsstöðva borgarinnar og enda í að öll hverfi borgarinnar verða orðin heilsueflandi eins og bæði Breiðholt og Grafarvogur hafa þegar byrjað að vinna að.

Við höfum einstakt tækifæri til að breyta Reykjavík í heilsueflandi borg – borg sem styður við heilsu, hamingju og vellíðan íbúa. Til að það gerist þarf að taka lýðheilsusjónarmið til skoðunar við alla ákvarðanatöku borgarstjórnar og vinna skipulega að heilsueflingu í öllum hverfum borgarinnar. Sú vinna er komin á fullt í Reykjavík.

16 DAGA ÁTAK GEGN KYNBUNDNU OFBELDI

# Stígamót fyrir karla



**Hjálmar Sigmarsson**
ráðgjafi á Stígamótum

Ég skammaðist mín svo mikið fyrir þetta og ég var sannfærður um að ég ætti ekkert heima á Stígamótum. Ég hélt einhverra hluta vegna að ekki væri tekið á móti körlum sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi.“

Þrátt fyrir að karlar hafi verið velkomnir hingað í mörg ár fáum við á Stígamótum að heyra svona og sambærilegar sögur alltof oft. Það sem verra er, er að alltof margir karlkyns brotaþolar upplifa að þeir hafi ekki rétt á að leita sér hjálpar vegna kynferðisofbeldis eða þá einfaldlega að þeir eigi ekki að þurfa þess – af því þeir eru karlar. Á Stígamótum eru karlar rúmlega 10-20% þeirra brotaþola kynferðisofbeldis sem leita hingað á hverju ári. Rúmlega helmingur þeirra varð fyrir kynferðisofbeldi á barnsaldri.

Margir karlar lifa með afleiðingum kynferðisofbeldis árum eða áratugum saman án þess að leita sér hjálpar eða að segja nokkrum frá ofbeldinu. Helsta ástæðan fyrir því að karlar leita ekki eftir aðstoð er sú skömm, sektarkennd og sjálfsásakanir sem þeir finna fyrir og fylgja oft brotaþolum kynferðisofbeldis. Þessum tilfinningum er svo viðhaldið með samfélagslegum ranghugmyndum um karlmennsku annars vegar og um kynferðisofbeldi hins vegar.

**Skaðlegar ranghugmyndir**

Reynsla okkar á Stígamótum gefur til kynna að ranghugmyndir um kynferðisofbeldi sé ein af meginástæðum þess að brotaþolar, bæði konur og karlar, taka á sig skömmina og tjá sig síður um ofbeldið. Þegar kemur að körlunum er menning okkar enn stútfull af alls konar karlmennskuhugmyndum sem gera ákveðnar kröfur til karla, til dæmis: Að karlar eigi að hafa stjórn á öllum sviðum lífsins; að karlar eigi að vera til í kynlíf hvar sem er, hvenær sem er og með nánast hverjum sem er; og að þeir eigi ekki að þurfa að leita sér hjálpar þegar þeir verða fyrir áföllum.

Margir karlar kenna sér um að hafa ekki haft stjórn á gerandanum eins og „alvöru“ karlar eiga að geta gert í hvaða aðstæðum sem er. Í staðinn ættu skilaboðin að vera þessi: Karlar verða fyrir kynferðisofbeldi, bæði sem börn og á fullorðinsaldri; afleiðingar þess eru mjög skaðlegar og geta dregið verulega úr lífsgæðum þeirra.

**Bætt líðan**

Undanfarin misseri hefur umræðan um karlkyns brotaþola aukist og hafa Stígamót reynt markvisst að tryggja að þeim sé mætt með skilningi þegar þeir leita sér hjálpar. Reynslan á Stígamótum sýnir að eftir a.m.k. fjögur viðtöl lýsir fólk aukinni sjálfsvirðingu og dregið hefur úr þunglyndi, kvíða og streitu. Markmiðið er að tryggja að fleiri karlkyns brotaþolar eigi svona sögu að segja:

„Eftir að ég leitaði mér hjálpar, þá var eins og þungu fargi væri létt af mér. Ég gat farið að tala um reynslu mína og takast á við þær tilfinningar sem ég var búinn að lifa með árum saman.“

**Margir karlar lifa með afleiðingum kynferðisofbeldis árum eða áratugum saman án þess að leita sér hjálpar eða að segja nokkrum frá ofbeldinu.**

Við á Stígamótum munum halda áfram að vekja athygli á þjónustu okkar fyrir karlkyns brotaþola og af því tilefni verður haldinn fundur fimmtudagsmorguninn 10. desember á Stígamótum, titlaður „Karlar á Stígamótum“. Hallgrímur Helgason verður sérstakur gestur okkar á fundinum og mun hann flytja erindi og lesa úr bók sinni „Sjóveikur í München“. Einnig munu Stígamót kynna nýjan fræðslubækling um og fyrir karlkyns brotaþola.

Morgunverðarfundurinn fer fram á Stígamótum, kl. 8.30-10.00, Laugavegi 170, 2. hæð. Húsið verður opnað kl. 8.00 og boðið upp á léttar veitingar. Verið öll velkomin.




www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39




SONY W8 androidtv



Motionflow XR 800

Afburðahönnun og frábær myndgæði frá meisturum Sony

43" – Verð: 149.990 kr.
50" – Tilboðsverð: 179.990 kr.
55" – Tilboðsverð: 209.990 kr.

SONY X8 androidtv



Motionflow XR 1000

4K Ultra HD upplausn, sjáðu hvert smáatriði í nýju ljósi

43" – Verð: 199.990 kr.
49" – Tilboðsverð: 219.988 kr.
55" – Tilboðsverð: 279.990 kr.

SONY W85 androidtv



Motionflow XR 800

Sjáðu stærstu myndina í snjallasta sjónvarpinu

65" – Verð: 369.990 kr.
75" – Verð: 569.990 kr.

Nýherji / Borgartúni 37
Kaupangi Akureyri
netverslun.is

NÝHERJI


# Þróunarsamvinnustofnun Íslands meiðir



**Hannes Í. Ólafsson**
framhaldsskólakennari

Á upplýsingavef sínum um þróunarmál þann 9. júní 2013 birti Þróunarsamvinnustofnun Íslands palladóm um kennslubókina „Ríkar þjóðir og snauðar“ en undirritaður er höfundur hennar. Í umfjölluninni um bókina á vefsíðunni „Pressan/Eyjan“ eru margar rangfærslur auk ummæla sem vega að starfsheiðri mínum sem námsbókarhöfundar og kennara.

Í pistlinum segir fulltrúi Þróunarsamvinnustofnunar mig hafa skrifað kennslubók um þróunarlönd þar sem ég forðist að ræða um ólæsi, skort á hreinu vatni, sjúkdóma og annað sem einkennir samfélög þar sem unnið er að þróunarsamvinnu. Því er haldið fram að í bókinni sé ekki fjallað um aðstæður fólks í þróunarlöndum heldur reyni ég sem höfundur bókarinnar að fá nemendur til að komast að þeirri niðurstöðu að þróunarsamvinna geri ekkert gagn. Ég er ásakaður um að eiga þátt í að stuðning skorti við þróunarsamvinnu hér á landi. Yfirskrift greinarinnar er „Áróður í skólum gegn þróunarsamvinnu“ Pistilinn skrifar útgáfu- og kynningarstjóri stofnunarinnar og er greinin hluti af vinnuframlagi hans fyrir stofnunina enda skrifuð undir nafni hennar.

Skrifum útgáfu- og kynningastjórans var fylgt eftir í RÚV í þættinum „Sjónmál“ en þátturinn bar undirheitið „Úrelt námsefni sumra framhaldsskóla“. Þar talaði útgáfu- og kynningarstjórinn fyrir munn Þróunarsamvinnustofnunar, endurtók margt af því sem hann hafði áður skrifað og benti á að kennslubókin „Ríkar þjóðir og snauðar“ væri enn notuð í framhaldsskólum. Í næsta þætti var síðan rætt við deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu um eftirlit með námsefni í skólum. Hátt var reitt til höggs til að stöðva þann áróður sem undirritaður er sagður stuðla að.

### Fjallað um aðstæður fólks

Bókin „Ríkar þjóðir og snauðar“ kom fyrst út árið 2002. Hún er 158 bls. en á vef Þróunarsamvinnustofnunar eru tekin dæmi af sex blaðsíðum og alhæft út frá þeim. Efnistök bókarinnar fylgja áfangalýsingu í félagsfræði þróunarlanda í Aðalnámskrá framhaldsskóla (1999). Í henni er því vitaskuld fjallað um ólæsi, skort á hreinu vatni, sjúkdóma og aðrar áskoranir þróunarlanda. Eins og aðrar félagsfræðibækur, en þvert á fullyrðingar Þróunarsamvinnustofnunar, þá fjallar bókin fyrst og fremst um aðstæður fólks. Í bókinni er hvorki rekinn áróður fyrir þróunarsamvinnu né gegn henni. Hún endurspeglar einungis samfélagslega og fræðilega umræðu og á þeim blaðsíðum sem fjallað er um á vef Þróunarsamvinnustofnunar er kynnt þekkt gagnrýni á þróunarsamvinnu. Án slíkrar umræðu hefði bókin ekki uppfyllt þá gagnrýnu umræðu sem krafist er í félagsfræði.

Í bókinni er fjallað um öll þau viðfangsefni sem haldið er fram að skorti og rækilega bent á að Íslendingar verji mun minna fé til þróunarsamvinnu en nálægar þjóðir. Þar segir m.a. um þróunarsamvinnu „að ekki beri að lasta það hjálparstarf sem opinberar stofnanir vinna hér á landi“ (51) og að ekki eigi að leggja „árar í bát heldur reyna að læra af þeim mistökum sem hafa verið gerð (138)“. Ljóst er að starfsmenn stofnunarinnar höfðu ekki lesið bókina þegar greinin var skrifuð.

Það er mál Gunnars Salvarssonar að koma fram í útvarpsþætti og ráðast að verkum undirritaðs og það er mál þáttarstjórnanda „Sjónmáls“ að kanna aðeins eina hlið á umfjöllunarefni þáttar. Það er hins vegar ábyrgð Þróunarsamvinnustofnunar Íslands þegar hún greiðir fyrir grein þar sem ráðist er að tilteknum einstaklingi og hans verkum, birtir hana á vefsínum og veitir henni skjól og styrk undir nafni stofnunarinnar.

> **Það er ekki sæmandi slíkri stofnun að neita að bera ábyrgð á óvönduðum vinnubrögðum, röngum fullyrðingum og meiðandi ásökunum sem settar eru fram undir hennar nafni.**

### Ekki sæmandi slíkri stofnun

Í lýðræðissamfélagi er mikilvægt að einstaklingar njóti verndar ríkisvaldsins. Ef stoðir samfélagsins vernda ekki mannréttindi getur lýðræðið snúist upp í andhverfu sína og orðið tæki þeirra sem hafa völdin í samfélaginu. Undirritaður hefur nú í rúm tvö ár reynt að fá stofnunina til að biðjast afsökunar á málflutningi sínum. Það hefur ekki borið árangur þar sem stofnunin telur sig hvorki bera lagalega né siðferðilega ábyrgð á því efni sem hún birtir.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands gegnir ábyrgðarmiklu og mikilvægu hlutverki. Ég hlýt því að vona að stofnunin sýni meiri vandvirkni og metnað í þróunarverkefnum sínum en hún hefur gert í greinarskrifum um mig. Opinber stjórnsýslustofnun hlýtur að bera siðferðilega ábyrgð á því sem sett er fram í hennar nafni. Það er ekki sæmandi slíkri stofnun að neita að bera ábyrgð á óvönduðum vinnubrögðum, röngum fullyrðingum og meiðandi ásökunum sem settar eru fram undir hennar nafni. Vonandi er Þróunarsamvinnustofnun Íslands undantekning frá góðri stjórnsýslu í íslensku samfélagi.

# Kirkja og skóli í sögu og samtíð



**Þórhallur Heimisson**
prestur og ráðgjafi

Eins og gjarnan á aðventu fer nú fram mikil umræða um samskipti kirkju og skóla. Sitt sýnist hverjum, en oft virðast menn ekki gera sér grein fyrir hversu sterk tengsl skóla, kirkju og fræðslu eru í sögulegu samhengi hér á landi. Er vert að rifja það upp í tilefni þessarar umræðu.

Öld kristninnar gekk í garð á Íslandi þúsund árum eftir hin fyrstu jól í Betlehem sem börnin syngja um í sunnudagaskólunum á aðventunni. Þá urðu þessi miklu tímamót hér hjá okkur, þegar forfeður okkar tóku kristna trú. Reyndar var það ekki svo að hér hafi búið heiðin þjóð fyrir kristnitökuna. Nei, þvert á móti, stór hluti landnámsmanna var frá upphafi kristinnar trúar, bæði írskir forfeður okkar og skandinavískir menn sem höfðu tekið trú frá ferðum sínum.

### Menningarleg bylting

Kristnin var ekki eingöngu átrúnaður. Hún var líka menningarleg bylting. Eftir að landsmenn allir tóku kristni, lærðu þeir að lesa og skrifa og breyttust í bókaþjóð, eins og við urðum og erum og viljum halda áfram að vera enn í dag. Kristnitakan olli þannig straumhvörfum í sögu Íslendinga – rétt eins og í sögu allra þeirra þjóða sem kristinn átrúnaður hefur snortið.

Með kristninni fylgdu bækur og skólar og tengsl við menntastofnanir um alla Evrópu. Þannig voru fyrstu skólar landsins á vegum kirkjunnar. Ísleifur Gissurarson, biskup í Skálholti 1056 til 1080, stofnsetti latínuskóla á biskupssetrinu eins og tíðkaðist við dómkirkjur víða í Evrópu á þessum tíma. Þegar Hólar í Hjaltadal urðu biskupssetur árið 1106 komst einnig á skólahald þar. Hólar voru um aldir aðal menntasetur Norðlendinga. Um leið héldu Íslendingar til náms erlendis við háskóla um alla Evrópu og tengdust þannig evrópskum straumum og menningu.

Í lok miðalda störfuðu hér á landi níu klaustur, sjö munkaklaustur og tvö nunnuklaustur. Þar var og unnið líknarstarf, þar dvaldi gjarnan aldrað fólk og þangað leitaði fátækt farandfólk. En um leið voru klaustrin miðstöðvar bóklegrar menntar. Þeim getum við þakkað flest það sem við höfum talið dýrmætast í íslenskri bókmennta- og menningararfleifð.

### Mótuðu bernskuspor barnaskóla

Kirkjan hafði þannig forystu um fræðslu fram eftir öldum. Með lúterskum sið óx áherslan á almennan lestur. Með þýðingu Biblíunnar á íslenska tungu bjargaði kirkjan íslenskunni. Og þegar barnaskólar ruddu sér til rúms, þá voru það prestar sem höfðu forystu um stofnun þeirra. Sem dæmi má nefna einn elsta skóla landsins, barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri, en þar hófst kennsla árið 1852 fyrir forgöngu séra Páls Ingimundarsonar. Annað dæmi um frumkvöðlastarf presta er barnaskólinn í Garði er var stofnaður 1872 – en stofnandi hans var séra Sigurður Brynjólfsson Sívertsen. Árið 1877 var Flensborgarskólinn í Hafnarfirði stofnaður, upphaflega sem barnaskóli. Það var séra Þórarinn Böðvarsson, prófastur í Görðum á Álftanesi, sem stofnaði skólann til minningar um son sinn, Böðvar. Kennaraskólinn var síðan stofnaður 1907. Fyrsti rektor hans var séra Magnús Helgason, en hann var rektor til 1929.

> **Kristnin var ekki eingöngu átrúnaður. Hún var líka menningarleg bylting. Eftir að landsmenn allir tóku kristni, lærðu þeir að lesa og skrifa og breyttust í bókaþjóð.**

Þannig mótuðu prestar bernskuspor barnaskóla hér á landi og ruddu leiðina fyrir menntun almennings. Og þannig er skólastarfið sprottið úr jarðvegi kirkjunnar hér á landi og þeirrar menningarbyltingar sem varð á Þingvöllum við Öxará árið 1000.




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 9. desember 2015

48. tölublað | 9. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

»2
**Óvissa um framtíð Yahoo**
Vonir um að Melissu Mayer tækist að breyta rekstri Yahoo til hins betra hafa ekki ræst.

»4
**50 milljónir í Appollo X**
Frumtak II ætlar að fjárfesta fyrir 2,5 milljarða á fyrstu tveimur árum sem sjóðurinn starfar.

»8
**Svipmyndin: Haukur Hinriks**
Haukur Hinriksson er nýr lögfræðingur KSÍ. Fyrsti maðurinn til að gegna starfinu.

»10
**Umhverfisstjórn og eignarréttur**
Hagfræðingurinn Lars Christensen skrifar um kvótakerfi í sjávarútvegi og umhverfisvernd.

»12
**Helgi Magnússon og N1**
Stjórnarmaðurinn skrifar um fjárfesta í trúnaðarstörfum fyrir lífeyrissjóði.



## Gjörbreyttar greiðslur í heilsugæslunni

Breytingar gerðar á greiðslukerfi í heilsugæslunni á næsta ári.

Forstjóri Samkeppniseftirlitsins segir mistök að nýta ekki samkeppnishvata.

Lækningaforstjóri vonar að með breyttu kerfi snúi læknar heim í vinnu.

»6

SKJÓÐAN

# Rotið réttarkerfi ógnar réttarríkinu

**DÓMSMÁL OG DÓMSTÓLAR** hafa verið mjög til umræðu á undanförnum vikum og mánuðum. Fallið hafa athyglisverðir dómar í kynferðisbrotamálum, hrunmálum og verðtryggingarmálum bæði í héraðsdómi og Hæstarétti Íslands.

**ÍSLENSKIR DÓMSTÓLAR** virðast gera hóflegar kröfur til sönnunarbyrði ákæruvalds í hrunmálum. Sama máli gegnir um kynferðisbrotamálin – svo fremi að þolandi sé karlmaður. Sé þolandi kynferðisbrots kona leita íslenskir dómarar logandi ljósi að hverju því smáatriði, sem mögulega getur varpað vafa á sekt meints geranda. Sé þolandinn hins vegar karlmaður er sakfellt, líkt og tíðkast í hrunmálum.

**HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS** gefur, að því er virðist, lítið fyrir rétt sakborninga í hrunmálum. Í einu máli sýknaði héraðsdómur hina ákærðu og komst þá Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að einn dómara hefði verið vanhæfur vegna ummæla sem hann lét falla um saksóknara eftir að dómur var kveðinn upp af tilefni, sem sömuleiðis kom upp eftir að dómur var kveðinn upp.

**Í ÖÐRU HRUNMÁLI** kom í ljós að einn dómarinn hafði misst eigur sínar vegna viðskipta við þann banka sem sakborningar í því máli stjórnuðu. Sakborningarnir voru sakfelldir og dæmdir í margra ára fangelsi. Hæstiréttur fór sannkallaða Krýsuvíkurleið til að komast að því að þetta eignatjón ylli ekki vanhæfi dómarans. Af þessu leiðir að velta má fyrir sér hvort afstaða Hæstaréttar til vanhæfis dómara grundvallist á því hvort viðkomandi dómarar sakfella eða sýkna útrásarvíkinga, rétt eins og hvort sekt í kynferðismálum sé ákvörðuð eftir kynferði þolanda.

**Í NÝLEGU** verðtryggingarmáli komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að engu máli skipti þó að banki hefði klárlega brotið gegn lagaskyldu sinni um að upplýsa lántakanda um kostnað við lántökuna. Hann gæti samt innheimt lánið og hvern þann kostnað sem hann kysi að fullu. Neytendavernd virðist vera dómurum við æðsta dómstól landsins framandi hugtak.

**TJÁNINGARFRELSIÐ** er einn helgasti réttur manna í réttarríkinu. Fjórum sinnum hafa blaðamenn kært íslenska ríkið til Mannréttindadómstóls Evrópu vegna mannréttindabrota Hæstaréttar Íslands í málum sem varða tjáningarfrelsið. Í öll skiptin hefur Mannréttindadómstóllinn dæmt gegn íslenska ríkinu.

**NÚ HEFUR** Mannréttindadómstóllinn ákveðið að taka fyrir fimmta málið gegn íslenska ríkinu vegna brota íslenskra dómstóla og Hæstaréttar Íslands gegn tjáningarfrelsi blaðamanns. Brotavilji æðsta dómstóls landsins gegn mannréttindum borgaranna er einbeittur þrátt fyrir ítrekaðar umvandanir Mannréttindadómstólsins.

**ÞETTA ER** alvarlegt mál þar sem varðstaða dómstóla um mannréttindi er hornsteinn lýðræðislegs réttarríkis. Þegar æðsti dómstóll landsins traðkar ítrekað á heilögustu mannréttindum borgaranna, sjálfu tjáningarfrelsinu, er sjálft réttarríkið í hættu. Séu dómstólar fúnir og réttarkerfið rotið er vart lengur hægt að tala um réttarríki.

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**

Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** **jonhakon@365.is**

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíðumynd **Getty**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is




Ellefu dægurlög er fyrsta sólóplata **Grétars Örvarssonar** og hefur fengið frábærar viðtökur. Hér flytur hann ásamt landsþekktum tónlistarmönnum og söngkonum þekkt dægurlög í nýjum og skemmtilegum útsetningum.

Grétar sýnir hér á sér nýja hlið sem söngvari og útkoman er sérlega vönduð og ljúf geislaplata sem unnendur fallegra dægurlaga ættu ekki að láta fram hjá sér fara.

Sölustaðir : **Nettó, Samkaup, Hagkaup, Penninn-Eymundsson**

Einnig er hægt að panta diskinn áritaðan með því að senda email á **baxehf@gmail.com**



Miklar vonir voru bundnar við það að Melissu Mayer tækist að snúa við rekstri Yahoo. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Mikil óvissa ríkir um framtíðina hjá Yahoo

Rekstur Yahoo gengur illa. Vonir um að Melissa Mayer sneri við blaðinu hafa ekki ræst. Gert er ráð fyrir helmingi minni hagnaði í ár en var árið 2012.

Gamli netrisinn Yahoo hefur ekki átt sjö dagana sæla undanfarið og er nú verið að skoða það að selja grunnrekstur fyrirtækisins. Reuters greindi frá því nýverið að fjarskiptafyrirtækið Verizon Communications sé að íhuga það að kaupa grunnrekstur Yahoo, þar á meðal tölvupósthlutann, frétta- og íþróttasíður, ásamt auglýsingatækni fyrirtækisins. Stjórnin hefur þó enn ekki tilkynnt um neina ákvörðun um sölu og er framtíð fyrirtækisins því enn óljós.

Yahoo hefur átt erfitt uppdráttar undanfarin árin. Melissa Mayer, ung framakona og fyrrverandi starfsmaður Google, var ráðin forstjóri árið 2012 í von um að henni myndi takast að koma starfseminni á réttan kjöl. Þær vonir hafa hins vegar ekki ræst. Gengi hlutabréfa í Yahoo hefur lækkað um 31 prósent það sem af er ári.

> **Gengi hlutabréfa í Yahoo hefur lækkað um 31 prósent það sem af er ári. Því er spáð að hagnaður ársins muni verða helmingur af hagnaði ársins 2012 þegar Mayer tók við.**

Stjórn og helstu hluthafar Yahoo komu saman í síðustu viku til að ræða framtíð fyrirtækisins og funduðu í þrjá daga. Meðal þess sem var rætt á fundinum var sala á grunnrekstri fyrirtækisins, þar á meðal Tumblr, sem hefur átt í rekstrarerfiðleikum. Talið er að verðmæti grunnrekstursins nemi 4,6 milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði tæplega 600 milljörðum íslenskra króna.

Meðal áhugasamra kaupenda eru fjarskiptafyrirtækið Verizon, sem keypti AOL síðasta sumar. Ef salan gengur eftir er óvíst hvort Mayer verði áfram við stýrið. En ef henni verður sagt upp störfum vegna sölu fyrirtækisins mun hún fá allt að 110 milljónir dollara, jafnvirði 14,2 milljarða íslenskra króna, í starfslokasamning. Hún á rétt á að minnsta kosti 25,8 milljónum dollara samkvæmt starfslokasamningi ef hún er rekin af stjórninni áður en sala fer fram.

Yahoo var netrisi á tíunda áratugnum og einn helsti keppinautur Google. Fyrirtækinu var farið að ganga illa þegar Mayer tók við, bæði vegna taps á auglýsingamarkaði í samkeppninni við Google og minni áhuga á fréttasíðum Yahoo þegar fréttaveitur á Facebook fóru að verða helsta fréttasíða notenda.

Sérfræðingar óttast nú að ekki verði aftur snúið í verri afkomu fyrirtækisins. Því er spáð að hagnaður ársins muni verða helmingur af hagnaði ársins 2012, þegar Mayer tók við.

**saeunn@frettabladid.is**

## Vikan sem leið

### 30 milljóna króna sekt lögð á Arion banka

Fjármálaeftirlitið sektaði Arion banka þar sem talið var að bankinn hefði búið yfir innherjaupplýsingum þegar hann seldi eigin hlutabréf í Högum í febrúar 2014. Arion banki var ósammála niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins en sagðist ekki geta sannað sakleysi sitt þar sem ekki hefði verið farið að verklagsreglum bankans við viðskiptin.

### 471 kaus með breyttu skipulagi

Naumur meirihluti var fyrir breytingum á deiliskipulagi á iðnaðarsvæðinu í Helguvík í íbúakosningu í Reykjanesbæ. 471 íbúi kaus með deiliskipulagsbreytingunum en 451 á móti en kjörsókn var 8,71 prósent. Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, hafði gefið út fyrir fram að kosningin myndi ekki hafa neina þýðingu.

### 98 milljarða sala á Stork

Eyrir Invest og aðrir hluthafar hafa náð samkomulagi um sölu á hlut sínum í Stork til Fluor Corporation fyrir 695 milljónir evra, jafnvirði 98 milljarða króna. Hjá Stork starfa yfir 15 þúsund starfsmenn og námu tekjur fyrirtækisins 211 milljörðum króna í fyrra. Stærstu eigendur Eyris Invest eru feðgarnir Þórður Magnússon, sem á 20 prósenta hlut, og Árni Oddur Þórðarson sem á 17 prósenta hlut.

## Á döfinni

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 9. desember**
**SEÐLABANKI ÍSLANDS** - Vaxtaákvörðunardagur
**LÁNAMÁL RÍKISINS** - Mánaðarlegar markaðsupplýsingar

**Fimmtudagur 10. desember**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Efnahagslegar skammtímatölur í desember 2015

**Föstudagur 11. desember**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Fjármál hins opinbera á 3. ársfjórðungi 2015.
**LÁNAMÁL RÍKISINS** - Útboð Ríkisvíxla.

**Þriðjudagur 15. desember**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Afli erlendra ríkja við Ísland 2013 og heimsaflinn.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Fiskafli í nóvember 2015.
**LÁNAMÁL RÍKISINS** - Útboð Ríkisbréfa.

**Fimmtudagur 17. desember**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Samræmd vísitala neysluverðs í nóvember 2015.
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** - Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu.

**Föstudagur 18. desember**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Vísitala byggingarkostnaðar fyrir janúar 2016.
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** - Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis.

vísir **Allar markaðsupplýsingar**

Make it matter

Windows 10




# Stærðin skiptir máli.

**HP ProDesk 600 G2 Mini borðtölva**

Fullvaxin smátölva með Intel®
Core™ i5-6500T (Skylake) örgjörva

Aðeins 17,5 cm á hæð (Raunstærð)

Aðeins 3.5 cm á breidd

## Framúrskarandi hönnun, létt, þunn og sterkbyggð

HP hefur tekist að skapa einstaka smátölvu fyrir fyrirtækjaumhverfi þar sem kröfuhörðustu notendur verða ekki fyrir vonbrigðum.

Kraftmikil og nett.
Passar nánast allstaðar.

Góð myndgæði og hljóð til
fyrirmyndar með DTS Sound+.

Kraftur frá Intel®.

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is
Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Core og Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum, Microsoft og Windows eru skráð vörumerki Microsoft Corporation.

**Kynntu þér HP ProDesk nánar á www.ok.is/prodesk/**

Opin Kerfi

Platinum Partner

# Reykjavík samþykkti tilboð í Þríhnúka

Reykjavíkurborg samþykkti einn hluthafa í Þríhnúkum ehf. tilboð Icelandic Travel Fund, sjóðs í rekstri Landsbréfa, dótturfélags Landsbankans, í hluti sína í félaginu. Landsbréf bauð 119 milljónir króna í allt hlutaféð. Reykjavíkurborg á 13,89 prósenta hlut í Þríhnúkum sem staðið hafa að uppbyggingu ferðaþjónustu við Þríhnúkagíg.

Tilboðið var gert með þeim fyrirvara að ef sjóðurinn næði ekki meirihluta í félaginu áskildu Landsbréf sér rétt til að falla frá tilboðinu. Helgi Júlíusson, sjóðsstjóri hjá Landsbréfum, segir að rætt verði við hluthafa í Þríhnúkum á næstu dögum, í framhaldinu muni málið skýrast.

Bæjarráð Kópavogsbæjar hafnaði tilboði í sinn hlut þrátt fyrir að bæjarlögmaður Kópavogs legði til að tilboðinu yrði tekið. Theodóra Þorsteinsdóttir, formaður bæjarráðs, segir að talið hafi verið rétt í samræmi við gegnsæja stjórnsýslu að hlutur bæjarins yrði auglýstur til sölu og kannað verði hvort fleiri aðilar hafi áhuga á að kaupa hlutinn.

Icelandic Travel Fund hefur sérhæft sig í að fjárfesta í afþreyingartengdri ferðaþjónustu. Sjóðurinn á meirihluta í hvalasafninu á Granda og íshellinum í Langjökli. – ih



**Til álita kemur að grafa göng inn í miðjan Þríhnúkagíg og koma þar fyrir útsýnispalli fáist öll tilskilin leyfi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fjárfesta fyrir milljarð á árinu

**Frumtak II hefur fjárfest í fjórum fyrirtækjum það sem af er ári. Sjóðurinn brúar bilið frá sprotafjármögnun yfir í vaxtarfjármögnun, til að gera félög tilbúin til vaxtar og útrásar. Stefnt er að því að fjárfesta fyrir allt að 2,5 milljarða á fyrstu tveimur árum sjóðsins.**



**Svana Gunnarsdóttir er meðeigandi í Frumtaki II. Hún er frumkvöðull að upplagi sem nýtist vel í starfinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sjóðurinn Frumtak II var stofnaður í byrjun árs og hefur fjárfest í fjórum fyrirtækjum það sem af er ári; Arctic Trucks í október, Controlant í nóvember, og Activity Stream í byrjun desember. Í gær var tilkynnt um fjárfestingu fyrir 50 milljónir í Appollo X. Forsvarsmenn sjóðsins horfa til þess að fjárfesta í fyrirtækjum sem komin eru af klakstigi og búa yfir miklum möguleikum til vaxtar og útrásar. Þetta á sérstaklega við upplýsingatækni og tæknihönnun þar sem möguleikar til skölunar eru miklir og þar með til verðmætasköpunar. Frumtak II hefur þegar tekið ákvörðun um að fjárfesta fyrir rúman milljarð á þessu ári í fimm fyrirtækjum og er reiknað með að fjárfesta í fjórum til sex fyrirtækjum á næsta ári fyrir allt að 1,5 milljarða króna.

Þegar Frumtak I hafði lokið fjárfestingatímabili sínu var hafist handa um að undirbúa stofnun Frumtaks II. „Þetta tók nokkurn tíma þar sem ekki voru allir hluthafar Frumtaks I með í hinum nýja sjóði. Það eru lífeyrissjóðir auk Landsbankans og umsýsluaðilans sem eru hluthafar í Frumtak II. Eins og í fyrri sjóðnum er verið að fjárfesta í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum sem komin eru af klakstigi og eru vænleg til vaxtar og útrásar. Markmiðið er að byggja upp öflug fyrirtæki sem geta verið leiðandi á sínu sviði þannig að þau skili ekki aðeins góðri ávöxtun til fjárfesta heldur leggi einnig sitt af mörkum til þess að bæta það samfélag sem þau búa í,“ segir Svana Gunnarsdóttir, partner í Frumtaki II.

### Frumkvöðlar stýra sjóðnum

Svana og Eggert Claessen eru meðeigendur í Frumtaki II, og stýra Frumtaki I og Frumtaki II sem fjárfestingastjórar. Þau eru bæði frumkvöðlar að upplagi, og hafa stofnað, rekið og selt eigin fyrirtæki.

### Fjögur ár til nýfjárfestingar

Frumtak II fjárfestir á Íslandi en er heimilt að fjárfesta erlendis að fenginni heimild Seðlabankans sem gæti komið til vegna útrásar eða markaðssóknar fyrirtækja í eigu sjóðsins á erlenda markaði. Frumtak II er tímasettur sjóður, þ.e. hefur afmarkaðan tíma til að fylgja eftir sínum fjárfestingum sem er fjögur ár til nýfjárfestingar og sjö ár í heildina til að fylgja sínum fjárfestingum eftir.

Frumtak II annast einnig umsýslu Frumtaks I þar til sjóðnum verður slitið, en sjóðurinn á nú hlut í níu fyrirtækjum. Frumtak II getur fylgt fjárfestingum Frumtaks I eftir með nýju hlutafé og hefur þegar fjárfest í Controlant eins og áður sagði.

### Mikilvægt að tryggja fjármagn

Frumtak gegnir því hlutverki að brúa bilið frá sprotafjármögnun yfir í vaxtarfjármögnun. Frumtak var eini sjóðurinn sem sérhæfði sig á þessu þroskastigi fyrirtækja frá stofnun árið 2009 og fram til byrjunar ársins 2015. „Þetta skiptir miklu máli því að ef ekki er tryggt fjármagn til fyrirtækja til að vaxa, þá ná sprotarnir ekki að verða sá burðarstólpi sem æskilegt er í samfélagi sem vill vera með fjölbreytt atvinnulíf, vel launuð störf og fyrirtæki sem skapa gjaldeyri. Þar með væri kastað fyrir róða þeirri fjárfestingu sem samfélagið hefur þegar sett í sprotafyrirtæki og þá nýsköpun sem þar er að finna,“ segir Svana. „Þó svo að nýsköpunarfyrirtæki séu komin með tekjur og viðskiptavini, ríkir oft á tíðum mikil óvissa um framtíðarvöxt þar sem hann byggir á nýrri vöru, tækni eða markaði. Hér er ekki aðeins um óvissu að ræða er varðar það hvort tekjur skili sér heldur einnig hversu langan tíma það tekur.“

„Sameiginlegt verkefni sjóðanna og frumkvöðlanna er að gera félögin tilbúin til vaxtar og útrásar þannig að þau veki áhuga annarra fjárfesta sem sjá í þeim fjárfestingatækifæri og geti þannig haldið áfram því verki sem íslensku sjóðirnir hafa byrjað. Þetta skapar oft tækifæri fyrir íslensku sjóðina til þess að selja sinn hlut. Þar sem við sérhæfum okkur ekki í fjárfestingum í tilteknni tegund fyrirtækja þá vinnum við markvisst að því að fá sérhæfða erlenda sjóði til liðs við okkur og eru Meniga og Mentor dæmi um félög sem hafa fengið slíka sérhæfða fjárfesta til liðs við sig,“ segir Svana.

### Fagnar fjölgun sjóða

Svana fagnar því að á árinu voru þrír nýir sjóðir stofnaðir sem sinna þessu hlutverki sem samanlagt hafa fjárfestingagetu fyrir rúma 11 milljarða. „Að vera eini sjóðurinn var ekki endilega gott þar sem við viljum skapa okkur orðspor fyrir að vera afburða sjóður sem er eftirsóknarvert að vinna með,“ segir Svana. „Þetta hefur styrkt umhverfið þar sem sjóðirnir vinna vel saman í tilteknum fjárfestingum. Við finnum fyrir mikilli aukningu á gæðum þeirra verkefna sem koma til okkar, og tel ég að það megi þakka stuðningsumhverfinu, sem er að gera góða hluti.“

### Arctic Trucks fyrsta fjárfestingin

Frumtak II hefur ásamt núverandi hluthöfum aukið hlutafé Arctic Trucks um 470 milljónir króna sem verða notaðar til frekari uppbyggingar félagsins erlendis. Arctic Trucks er þekkingarfyrirtæki sem byggir á íslensku hugviti og vinnur að því að sérsníða og þróa lausnir fyrir ökutæki sem bæta akstureiginleika og víkka notkunarsvið þeirra. Arctic Trucks er í dag leiðandi aðili á sínu sviði í heiminum og hafa lausnir fyrirtækisins til dæmis skapað því mikla sérstöðu á Suðurskautslandinu og opnað nýja möguleika í samgöngum á þessari köldustu, þurrustu og vindasömustu heimsálfu veraldar. Arctic Trucks hefur einnig nýtt sérþekkingu sína til að byggja upp ferðaþjónustu á Suðurskautslandinu og á Íslandi þar sem ferðamönnum gefst kostur á að leigja Arctic Trucks-bíla.

> **Ef ekki er tryggt fjármagn til fyrirtækja til að vaxa, þá ná sprotarnir ekki að verða sá burðarstólpi sem æskilegt er í samfélagi sem vill vera með fjölbreytt atvinnulíf, vel launuð störf og fyrirtæki sem skapa gjaldeyri. Þar með væri kastað fyrir róða þeirri fjárfestingu sem samfélagið hefur þegar sett í sprotafyrirtæki og þá nýsköpun sem þar er að finna.**
>
> Svana Gunnarsdóttir
> meðeigandi í Frumtaki II

Frumtak II lagði ásamt fjórum öðrum fjárfestum og sjóðum 270 milljónir króna í félagið Activity Stream sem er íslenskt félag með höfuðstöðvar í Danmörku. Activity Stream þróar sérhæfðan viðskiptahugbúnað sem safnar saman og greinir með sjálfvirkum hætti viðskiptaupplýsingar fyrirtækja til að auðvelda þeim að taka réttar ákvarðanir. Activity Stream hjálpar fyrirtækjum að veita persónusniðna þjónustu á forsendum viðskiptavinarins sem og að ná fram hagræðingu í rekstri með bættri yfirsýn, innsæi og upplýsingagjöf.

Frumtak II fjárfesti í fyrirtækinu Appollo X sem hefur þróað appið Watchbox. Watchbox auðveldar fólki að deila myndum og stuttum myndböndum innan hópa. Reiknað er með að þrjú þúsund milljörðum mynda verði deilt í gegnum snjallsíma á árinu 2015. Markaðurinn fer ört vaxandi og það eru mikil tækifæri fólgin í auknum dreifileiðum fyrir myndefni sem mun aukast á komandi árum. Frumkvöðlarnir leggja land undir fót í byrjun janúar og munu flytja til Bandaríkjanna til þess að styðja við áframhaldandi vöxt fyrirtækisins.

### Fjárfesta í átta til tólf fyrirtækjum

Svana segir ánægjulegt að sjá að það eru miklu fleiri fjárfestingatækifæri en þau áttu von á. „Við erum að fjárfesta í fleiri fyrirtækjum en áætlað var á þessu ári.“ Fram undan hjá Frumtaki eru tvær fjárfestingar til viðbótar á árinu – nemur þá heildarfjárfesting ársins milljarði. Einnig er reiknað með að fjárfesta í fjórum til sex fyrirtækjum á næsta ári fyrir allt að 1,5 milljarða króna. „Í heildina reiknum við með að fjárfesta í átta til tólf fyrirtækjum á fjárfestingatímabili sjóðsins sem er fjögur ár“,“ segir Svana.

saeunn@frettabladid.is

HB
HÚSGAGNA BANKINN

# LAGERSALA

## FAXAFEN 10, 108 REYKJAVÍK - 511 0030



## TUNGU - OG SVEFNSÓFAR





Kashmir
Tungu- svefnsófi - verð kr. 359.000
Tilboð kr. 299.000





Elton
Tungu- svefnsófi - verð kr. 288.000
Tilboð kr. 228.000



Melissa svefnsófi
verð kr. 98.000
Tilboð kr. 69.000



Asthon svefnsófi
verð kr. 198.000
Tilboð kr. 148.000



Classic svefnsófi
verð kr. 298.000
Tilboð kr. 238.000



Wave svefnsófi
verð kr. 318.000
Tilboð kr. 258.000

# WWW.HUSGAGNABANKINN.IS



Heilsugæslan í Lágmúla er ein tveggja einkarekinna heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu. Þar starfar meðal annars Salóme Ásta Arnardóttir læknir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fjármagnið fylgi einstaklingunum

**Ráðgert er að breyta mikið greiðslukerfi í íslenskri heilsugæslu. Breytingar munu sjást strax á næsta ári. Lækningaforstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins segir að með þessu verði til aukin samkeppni. Ísland sé ekki samkeppnishæft við Norðurlöndin að óbreyttu.**

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is



Ný stefnumótun í heilbrigðismálum var kynnt í upphafi árs 2014 undir heitinu Betri heilbrigðisþjónusta 2013-2017. Þar á meðal eru áform um breytt fyrirkomulag á greiðslum til heilsugæslustöðva og að boðið verði upp á tvo möguleika á rekstrarformi; einkareknar heilsugæslustöðvar með samning við ríkið og ríkisreknar stöðvar með einn stjórnanda yfir hverri rekstrareiningu.

„Þetta eru breytingar í grunninn á greiðslu- og gæðakerfi heilsugæslunnar. Þannig að það verður búinn til gagnagrunnur þar sem verður miðlæg skráning á hverjum og einum einstaklingi á heilsugæslu; uppfærð í rauntíma,“ segir Oddur Steinarsson, lækningaforstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Samkvæmt nýja kerfinu mun fjármagn fylgja hverjum og einum einstaklingi, þannig að ef skjólstæðingur færir sig af einni stöð yfir á aðra þá flyst fjármagnið með.

**Nýja kerfið í undirbúningi**

Oddur segir að Sjúkratryggingar séu um þessar mundir að smíða skráningargagnagrunna og áætlað sé að prufukeyrslur á þeim byrji eftir áramót. Kerfið fari svo í gang með vorinu.

Með breytingu á fyrirkomulaginu hér á Íslandi er meðal annars horft til kerfis sem Svíar kalla „Vårdval“. Oddur segir að þetta kerfi bæti aðgengið að heilsugæslunni. „Það kemur inn ákveðin samkeppni. Fjármunum verður stýrt eftir metinni þörf, út frá aldri, kyni, sjúkdómsbyrði, félagslegum þáttum, gæðaþáttum og fleiru,“ segir Oddur og bætir við að það sé aldurs- og kynkúrfa í grunninn. Mest sé greitt fyrir einstaklinga á fyrstu tveimur æviárunum en svo lækki greiðslurnar. Þær hækki svo aftur með aldri. Svo eru til dæmis hærri greiðslur fyrir konur á barneignaldri vegna mæðraverndar. Við ákvarðanir um greiðslu með sjúklingum er síðan notaður svokallaður ACG-heilsugæslugreiningaflokkari, sem er þróaður hjá John Hopkins háskólanum og notaður í fimmtán löndum í heiminum í dag, CNI-félagsþáttastuðull sem Svíar nota og svo gæðastaðlar.

**Býst við meiri samkeppni**

„Greiðslumódelið verður þannig að fjármagnið fylgir verkefnunum og allir sitja við sama borð. Það mun vonandi verða ákveðin samkeppni,“ segir Oddur. Oddur segir að á öllu höfuðborgarsvæðinu séu nú í heildina um 100 heimilislæknar starfandi. Staðan sé þannig að það þurfi að tvöfalda fjölda námslækna í heimilislækningum. Að hans sögn útskrifast um sex til átta heilsugæslulæknar á hverju ári, en á næstu tíu árum séu um 40 læknar að fara á eftirlaun hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Það þurfi því að fjölga námslæknum töluvert til að vinna á móti bæði þeim skorti sem sé á landsvísu og þeim stóra hópi sem fari á eftirlaun á næstu árum. Samkvæmt nýlegri skýrslu OECD, Health at Glance 2015, eru 16 prósent lækna á Íslandi heimilislæknar. En í ríkjum OECD er meðaltalið 29 prósent.

**Þrjár nýjar stöðvar**

Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, spurði Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra út í stöðu heilsugæslunnar á Alþingi á dögunum. Í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Katrínar kemur fram að það sé gert ráð fyrir þremur nýjum einkareknum heilsugæslustöðvum. „Það sem hefur verið rætt um er að þær verði reknar með svipuðu sniði og Salastöðin og Lágmúli,“ segir Oddur. Hann segir ekki liggja fyrir á þessari stundu hvar þær stöðvar yrðu. Hugsanlegt sé að þeir aðilar sem sækja um að reka stöðvarnar kæmu með tillögur að því.

„Það yrði byrjað á áhugakönnun, hvaða hópar séu tilbúnir í verkefnið,“ segir Oddur en bætir því við að það verði velferðarráðuneytisins að ákveða það. Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu komi ekki að því verkefni. Oddur segist vonast til þess að þetta nýja fyrirkomulag verði til þess að auka áhuga íslenskra heimilislækna á að starfa á Íslandi. Bæði lækna sem búsettir eru hérlendis en eru í starfi erlendis og íslenskra lækna sem hafi einfaldlega flust út og lækna sem nýlega hafi lokið sérnámi erlendis. „Vonandi fáum við einhverja úr þessum hópi. Það myndi strax þétta í raðirnar,“ segir hann.

**Ekki tilbúnir í vinnu fyrir ríkið**

Oddur segist telja að það séu íslenskir læknar sem séu ekki reiðubúnir til þess að vinna fyrir hið opinbera en væru til í að vinna sjálfstætt. Það þurfi að breyta kerfinu á Íslandi til þess að Íslendingar geti verið samkeppnishæfir við önnur Norðurlönd. „Þetta er í boði á hinum Norðurlöndunum,“ segir Oddur og bætir við að kerfið í Danmörku og Noregi byggi nánast eingöngu á einkareknum heilsugæslustöðvum. Jens Stoltenberg hafi breytt kerfinu í Noregi í vinstristjórn árið 2001. „Það er í raun og veru skrítið hvernig umræðan verður hérna á Íslandi miðað við hvað er í gangi á Norðurlöndunum. Og jafnvel öfgafirlýsingar,“ segir hann.

Oddur segir að helsti ávinningurinn fyrir íslenska ríkið af þessari breytingu sé sá að í dag sé stórum hluta af þeirri þjónustu sem ætti heima í heilsugæslunni sinnt á bráðamóttöku, annars staðar á spítölum, og jafnframt á einkastofum sérfræðilækna. „Að vera að sinna þessu á bráðamóttökum og spítala er mun kostnaðarsamara og það er mikilvægt að sjúkrahúsið sinni því sem það á að sinna og geri það vel,“ segir Oddur.

**Margvíslegt eftirlit**

Oddur segir að eftirlit með heilsugæslustöðvunum í nýja kerfinu verði með margvíslegum hætti. „Faglegt eftirlit er hjá Landlækni. Síðan er velferðarráðuneytið og Sjúkratryggingar. Þær koma inn í þetta og munu hafa ákveðið eftirlit. Síðan er hugmyndin að það verði eining innan heilsugæslunnar sem verði faglega leiðandi og myndi leggja línurnar. Svo mun Samkeppniseftirlitið vonandi gæta að því að það sé virk og sanngjörn samkeppni. Það er inni í kerfinu í Svíþjóð,“ segir Oddur.

*Hvaða aðilar hafa komið að vinnu við uppbyggingu þessa kerfis?*

Oddur segir að vinna við breytingarnar hafi farið fram á vegum velferðarráðuneytisins, fyrst undir stjórn Hönnu Katrínar Friðriksson, en svo Björns Zoëga, en jafnframt með þátttöku annarra starfsmanna. Þá hafi fulltrúi frá Landlækni tekið þátt í vinnunni og starfsmenn Sjúkratrygginga. Oddur hefur svo verið ráðgefandi í vinnunni, en kynntist Vårdval-hugmyndafærðinni.

**Margir leigulæknar starfandi**

Oddur bendir á að ef Ísland sé skoðað heilt yfir þá séu, meira og minna, allir landshlutar með leigulækna í einhverjum mæli í dag, sem sinni viku og viku á hverjum stað.

**Það kemur inn ákveðin samkeppni. Fjármunum verður stýrt eftir metinni þörf, út frá aldri, kyni, sjúkdómsbyrði, félagslegum þáttum, gæðaþáttum og fleiru.**

**Það er í raun og veru skrítið hvernig umræðan verður hérna á Íslandi miðað við hvað er í gangi á Norðurlöndunum. Og jafnvel öfgafirlýsingar.**

Oddur Steinarsson lækningaforstjóri á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins





**LÚXUSMÚSLÍ**
**Díana Rós A. Rivera býr til múslí fyrir jólin og gefur þeim sem hún elskar. Hún heldur úti matarblogginu La cocina.**
**Síða 2**


White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



natures aid

Vegan

Náttúruleg, sterk, hágæða
E-vítamín olía

- Frábær á slit, ör og exem
- Græðandi og mýkjandi
- Ver húðina fyrir öldrun
- Notist bæði inn- og útvortis

Natural Source Vitamin E Oil 20,000iu

High strength natural source Vitamin E

50ml

Hraunbergsapótek, Garðsapótek, Lyfsalinn, Apótek Garðabæjar, Lyfjaver, Árbæjarapótek, Apótekarinn Mjódd og Hamraborg, Lyf og heilsa Austurveri, Kringlunni og JL húsinu.



Skemmtipakkinn

FRÁBÆR DAGSKRÁ
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Tryggðu þér áskrift á 365.is

365.is | Sími 1817

365




**SÍVINSÆL** „Fólk er sólgið í skötuna og við höfum því sífellt verið að færa okkur framar í desember," segir Magnús Ingi Magnússon hjá Sjávarbarnum. MYND/GVA

# SKÖTUVEISLA Í TVÆR VIKUR

**SJÁVARBARINN KYNNIR** *Hin árlega skötuveisla á Sjávarbarnum við Grandagarð byrjar strax í dag og veitir ekki af. Íslendingar eru vitlausir í kæsta skötu.*

Í hádeginu í dag kyndir Magnús Ingi Magnússon undir skötupottunum á Sjávarbarnum og þar með hefst árleg skötuveisla hans sem margir bíða í eftirvæntingu. Hann og hans fólk stendur svo yfir pottunum þar til allir eru orðnir mettir á Þorláksmessukvöld. Verðið á skötuhlaðborðinu er í lágmarki, aðeins 2.900 kr. á mann. Stærri hópar þurfa að panta borð og einstaklingar og minni hópar ættu að hafa það í huga fyrir Þorláksmessu og dagana á undan.

„Fólk er sólgið í skötuna og við höfum því sífellt verið að færa okkur framar í desember," segir Magnús Ingi og fullyrðir að bæði sjóað fólk og viðvaningar fái skötu við sitt hæfi, en hann verkar hana sjálfur. „Við bjóðum upp á miskæsta skötu – milda, miðlungs og sterka. Svo er fjölmargt fleira á hlaðborðinu; kæst tindabikkja, skötustappa, saltfiskur, siginn fiskur, plokkfiskur, fiskibollur, síldarréttir og grafin langa. Meðlætið er svo við hæfi, eins og soðnar kartöflur, rófustappa, rúgbrauð og smjör, hamsar og sérverkaður hnoðmör."



Líf og fjör er á Facebook-síðu Sjávarbarsins í tilefni skötuveislunnar. „Við ætlum að bjóða nokkrum heppnum í skötu sem taka þátt í örlitlum leik með okkur," segir Magnús Ingi. „Þannig að það er um að gera að kíkja á síðuna okkar."

Skötuhlaðborðið er í boði jafnt í hádeginu sem á kvöldin og allan daginn á Þorláksmessu og dagana á undan. Allar nánari upplýsingar um skötuveisluna er að finna á vef Sjávarbarsins, sjavarbarinn.is


**2.000 KR.**

*900 kr. afsláttur af skötuhlaðborðinu 9.-20. desember, aðeins 2.000 kr. á mann.*

*Klipptu miðann út og hafðu hann með þér.*

*Gildir ekki 21-22. des. og á Þorláksmessu.*

SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT



natures aid

Trim-It
Fitubrennsla

Nýtt

FRÁBÆR BLANDA
SEM ÖRVAR MELTINGU
OG EYKUR BRENNSLU

Innheldur **eplaedik** sem hjálpar til við **hreinsun eiturefna** úr líkamanum, **kelp** (brúnþörunga) sem er sérlega steinefnaríkt og styður **starfsemi skjaldkirtilsins, B-6** sem hjálpar líkamanum m.a. við niðurbrot kolvetna og fitu, **lesitín** og **hveitikím.**

natures aid Trim-It Cider Vinegar, Kelp, Lecithin & Vitamin B6
120 SOFTGELS

Gengur þér illa að léttast!

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum, stórmörkuðum og verslunum.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429



VINSÆL GJÖF Strax í október voru nokkrar vinkonur og frænkur búnar að panta jólamúslíið hennar Díönu í jólagjöf. MYND/ANTON BRINK

# LÚXUSMÚSLÍ FYRIR ÚTVALDA ÁSTVINI

**GIRNILEG JÓLAGJÖF** *Díana Rós A. Rivera býr til múslí fyrir jólin og gefur þeim sem hún elskar. Hún fór af stað með matarblogg sitt, La cocina, í október eftir mikla hvatningu frá vinum og ættingjum.*

Ég er alltaf að reyna að finna eitthvað sniðugt, ódýrt, einfalt en skemmtilegt til að gefa fólki í jólagjöf. Eitt árið ákvað ég að gera múslí. Ég skoðaði alls konar uppskriftir og þróaði síðan mína eigin útgáfu sem reyndar breytist í hvert sinn sem ég geri hana," segir Díana Rós en uppskriftin sem hún gefur nú er alveg ný. „Þetta er svona lúxusútgáfa af múslí, alveg ekta til að fá sér milli jóla og nýárs." Hún mælir með að borða múslíið með mjólk þó hún viti til þess að sumir borði það beint upp úr krukkunni eins og snakk.

„Það eru nokkrar sem eru búnar að biðja sérstaklega um að fá múslí í ár. Ég veit að þær hamstra það og gefa engum með sér," segir hún glettin.

Díana hefur ávallt haft mikinn matreiðsluáhuga. „Hann vaknaði þegar ég var lítil stelpa að elda með pabba. Hann leyfði mér að vera með í öllu en matreiðslan er hans helsta ástríða. Hann býr í Svíþjóð og þegar ég kom til hans á sumrin vorum við annaðhvort í eldhúsinu eða á mörkuðum að ná okkur í hráefni," segir Díana sem opnaði matarbloggið sitt lacocinasite.wordpress.com í október. „Ég var oft að setja myndir á Facebook og fólk var sífellt að biðja mig um uppskriftir og ýta á mig að búa til blogg. Ég lét því loks undan og finnst þetta bara gaman."

Díana segist vera talsvert jólabarn og vera afar flink að vera ekki stressuð fyrir jólin. „Enda er ég yfirleitt búin að flestu í nóvember," segir hún glaðlega.

■ **solveig@365.is**



**LA COCINA** Díana Rós heldur úti matarbloggsíðunni lacocinasite.wordpress.com þar sem finna má ýmsar girnilegar uppskriftir.

## Hátíðarmúslí

**8 dl haframjöl**
**1 dl sólblómafræ**
**1 dl graskersfræ**
**1 dl saxaðar möndlur**
**1 dl saxaðar valhnetur**
**1 dl salthnetur**

Blandið öllu saman í stórri skál og snúið ykkur svo að hunangsleginum. Í hann fer:

**1½ dl kókosolía**
**1½ dl hunang**
**2 msk. hlynsíróp**
**2 msk. hnetusmjör**
**1 msk. kakó**
**1 tsk. kanill**
**½ tsk. salt**

Setjið allt í pott og blandið saman við vægan hita. Takið pottinn af hellunni áður en suðan kemur upp og hellið leginum yfir þurrefnin í skálinni. Blandið mjög vel saman með sleif.

Setjið bökunarpappír á tvær ofnplötur, skiptið múslíinu á plöturnar og dreifið vel úr. Ristið í ofni við 160°C á blæstri í 10 mínútur. Takið plöturnar út, hrærið aðeins í múslíinu og ristið í 10 mín. í viðbót. Látið múslíið kólna góða stund, það er mjúkt þegar það kemur úr ofninum og verður stökkt þegar það kólnar.

## Þegar múslíið er orðið kalt fer út í:

**2 dl trönuber**
**1 dl rúsínur**
**1 dl saxað 70% súkkulaði**
**1 dl ristaðar kókosflögur**

Hægt er að gera múslíið sætara með því að bæta við skeið af hlynsírópi í löginn eða velja súkkulaði með minna kakómagni.

Það er líka hægt velja sér hnetur og fræ eftir smekk og alltaf gaman að breyta til, sleppa einu og bæta öðru við.










20% AFSLÁTTUR AF yoek
Vandaður hollenskur fatnaður
í stærðum 38-54.
hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

METSÖLULISTI
Bókabúðar
Máls og menningar

1. **Gleðilegt uppeldi** – Margrét Pála Ólafsdóttir
2. **Fiskarnir hafa enga fætur** – Jón Kalman Stefánsson
3. **Leynigarður** – Johanna Basford
4. **Sorcerer's Screed** – Skuggi
5. **Sogið** – Yrsa Sigurðardóttir
6. **Stríðsárin 1938-1945** – Páll Baldvin Baldvinsson
7. **Nigella á ítölskum nótum** – Nigella Lawson
8. **Eitthvað á stærð við alheiminn** – Jón Kalman Stefánsson
9. **Stóri skjálfti** – Auður Jónsdóttir
10. **Frelsi** – Linda Vilhjálmsdóttir

26. nóv - 3. des 2015

BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18




# HÁTÍÐARILMUR Í HÚS Á AÐVENTU

**JÓLIN KOMA** *Sérstakur ilmur fyllir jafnan heimilið á aðventunni og fátt kemur okkur í meira jólaskap en ilmur af smákökum í ofninum.*

Í eina tíð þýddi ilmurinn af nýjum eplum að jólin voru að koma og þá finnst okkur flestum lyktin af nýflysjuðum mandarínum jólaleg. En hvaða lykt sem það er sem kemur okkur í jólaskap getum við öll verið sammála um að heimilið verður notalegra þegar það ilmar af hátíðleik. Auðveldlega má koma sér í jólaskapið með því að búa til ilmandi seyði í potti sem mallar drjúgan hluta úr degi á hellunni. Ýmiss konar hráefni hentar í seyðið. Einhvers konar sítrusávextir og krydd sem til eru í skápunum. Eftirfarandi uppskrift að hátíðarilmi er fengin af síðunni www.halfbakedharvest.

### Hátíðarilmur

**1½ bolli trönuber fersk**
**3 appelsínur skornar í tvennt**
**3 kanilstangir**
**2 stk. stjörnuanís**
**1 tsk. negulnaglar**
**1½ cm fersk engiferrót**
**1 vanillustöng og gott að bæta 1 msk. af vanilluextrakti líka út í**
**Lítil grein af greni**
**1 bolli eplaedik eða trönuberjasafi**
**Vatn eftir þörfum**

Allt hráefnið fer í sæmilega stóran pott. Fyllið pottinn að ¾ af vatni og skellið á helluna. Látið suðuna koma hægt upp, lækkið þá hitann og látið malla rólega. Bætið við vatni eftir þörfum en gott er að láta blönduna malla í um það bil 4 tíma yfir daginn, slökkva þá undir og láta standa til morguns. Þá má kveikja aftur undir og láta malla í 4 tíma. Munið bara að bæta við vatni eftir þörfum. **www.halfbakedharvest.com**



**ILMANDI HRÁEFNI** Auðveldlega má búa til ilmandi seyði úr því sem finnst í skápunum.
MYND/#HALFBAKEDHARVEST

# KERTALJÓS OG KLÆÐIN RAUÐ …

*Jólasýning á Skörinni. Jólaleg stemning ríkir í Aðalstræti 10, elsta húsi Reykjavíkur, en þar stendur nú yfir samsýning níu listamanna og hönnuða.*

Kertaljós og klæðin rauð … er yfirskrift sýningar Handverks og hönnunar sem stendur nú yfir á Skörinni, Aðalstræti 10. Níu listamenn sýna verk sín á sýningunni og þar af fimm leirlistamenn, þau Bjarni Viðar Sigurðsson, Guðný M. Magnúsdóttir, Inga Elín, Margrét Jónsdóttir og Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir.

Þórdís Jónsdóttir sýnir púða og Philippe Ricart handofið teppi en einnig er á sýningunni Sindrastóllinn í selskinni frá GÁ húsgögnum, hönnun Ásgeirs Einarssonar, og stóllinn „Heimalningur" sem byggir á gamalli íslenskri hönnun og er nú framleiddur af Bólstursmiðjunni.

Sýningin er opin alla daga vikunnar og stendur til 4. janúar.



**SAMSÝNING** Alls sýna níu listamenn verk sín á sýningunni.



**ÍSLENSK HÖNNUN** Meðal hluta á sýningunni er Sindrastóll Ásgeirs Einarssonar.

GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK

# VIÐ ERUM SANNFÆRÐ

## ...OG NOTUM HARÐKORNADEKKIN FRÁ GREEN DIAMOND



„Fyrir tveimur árum settum við Green Diamond Harðkornadekk undir forgangsbifreiðina okkar. Það er samdóma álit þeirra sem keyrt hafa bifreiðina að dekkin standist allar okkar kröfur um öryggi og mýkt við þau störf sem við sinnum. Dekkin eru hljóðlát og ekki sjálfgefið að dekk með þessa eiginleika séu á svo viðráðanlegu verði.“

*Borgþór Vignisson, formaður Björgunarfélagsins Eyvindur, Flúðum.*

**PANTIÐ Á:**
panta@hardkornadekk.is
☎ 611 7799
www.hardkornadekk.is

# FRÁBÆR MEÐMÆLI...

frá traustum og kröfuhörðum viðskiptavinum segja allt sem segja þarf!

**GARÐABÆR**

„Ég er búinn að nota Harðkornadekkin í tvö ár á pickup bíl. Þetta eru ein þau bestu dekk sem ég hef notað. Bíllinn er rásfastari og um leið mýkri í akstri á Harðkornadekkjunum en á öðrum dekkjum sem ég hef notað. Ég mæli eindregið með Green Diamond Harðkornadekkjunum.“

*Sigurður Hafliðason forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar Garðabæjar.*

**isavia**

„Í stefnumiði Isavia er m.a. lögð áhersla á að lágmarka áhættu, stuðla að auknu öryggi og hafa umhverfismál í öndvegi. Það er því í góðu samræmi við stefnumið Isavia að hafa bifreiðar okkar á Green Diamond Harðkornadekkjum. Góð reynsla og hagstætt verð styður enn frekar þessa ákvörðun."

*Vilhjálmur Karl Karlsson sérfræðingur / Innkaupadeild.*

**ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN**

„Hjá Öryggismiðstöðinni erum við með allan okkar bílaflota á heilsársdekkjum. Undanfarin ár höfum við notað Harðkornadekkin með iðnaðardemantinum og hafa þau reynst vel í hálku og snjó. Dekkin uppfylla okkar markmið um að vera umhverfisvæn og örugg. Getum því með góðri samvisku mælt með Green Diamond Harðkornadekkjum.

*Reynir Valbergsson frkvstj. fjármálasviðs.*

**HAFNARFJÖRÐUR**

„Hafnarfjarðarbær hefur markað sér skýra stefnu í umhverfismálum og viljum við forðast nagladekkjanotkun og stuðla þannig að minni svifryksmengun. Eftir góða reynslu af notkun Harðkornadekkja frá haustinu 2012 munum við áfram velja Green Diamond Harðkornadekk umfram önnur dekk.“

*Gunnar Guðnason umsjónarmaður tækja hjá Hafnarfjarðarbæ.*

**Jóhanna Lind Elíasdóttir**

„Ég hef ekið á Green Diamond Harðkornadekkjum í tvö ár og er svo ánægð að ekki kom annað til greina en að setja eins dekk undir bíl bóndans. Á ferðum mínum um landið hafa dekkin reynst mjög vel við allar aðstæður. Ekki skemmir fyrir að Green Diamond dekkin eru á mjög samkeppnishæfu verði.“

*Jóhanna Lind Elíasdóttir ráðgjafi hjá Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins*

**Í Harðkornadekkjum eru iðnaðardemantar sem...**

– stórauka veggrip í hálku
– má keyra á allt árið
– auka rásfestu
– valda hverfandi svifryki
– endast allan líftíma dekksins

[Ath. iðnaðardemanta er ekki að finna í neinum öðrum „korna“ dekkjum á Íslandi.]

VARIST EFTIRLÍKINGAR!

GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?
JÁ IÐNAÐARMENN
Við þjónustum þig með lítil sem stór verk.
Tímavinna eða tilboð.
Sími 544-4444 / 777-3600
www.jáiðnaðarmenn.is

Smidur.com
s. 897 9933

K2
LOFTSTOKKAHREINSUN
· FYRIRTÆKI
· FJÖLBÝLISHÚS
· SKIP
· VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**SPÁSÍMI 908 6116**
Ástir, fjármál og heilsa. Einkatímar í s. 823 6393 Sirrý.

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu

VERSLUNARTÆKNI
Tilboðsrammar







Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og laugardaga 10-16

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

Tvö herbergi í 108. Langtíma leiga. Jarðhæð einbýli. Tveir inngangar. Þvottavél og þurrkari. 160þús. 65fm. Tveggja mánaða trygging. Laust í janúar. Reyklaus. Uppl. í s. 662 8370 og 662 6097

**TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!**
129 - 5000 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**BIFVÉLAVIRKI OG BÍLARÉTTING**
Óskum eftir að ráða vanan Bifvélavirkja til starfa sem fyrst, þarf að tala góða íslensku og ensku einnig er tölvukunnátta við bilanagreiningu æskileg. Einnig óskum við eftir góðum starfskrafti í bílaréttingar og sprautun .
**Bílaspítalinn Kaplahrauni 1 220 Hafnarfirði Umsókn sendist á bsp@bsp.is eða á staðnum**

A1 Málun

Óska eftir málara eða manni með mikla reynslu. Uppl. í s. 660 1787 a1malun@a1malun.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**ÍSLENDINGAR.EU**
Nýr samskiptavefur - og við bjóðum frjálslyndar konur sérstaklega velkomnar. Líttu við!

## nám

# VERK- OG STJÓRNENDANÁM

**Viltu verða betri stjórnandi?**

- Námið er hundrað prósent fjarnám fyrir starfandi og verðandi millistjórnendur
- Markmiðið er að gefa þátttakendum tækifæri á að stunda stjórnendanám á sínum forsendum og tíma
- Ekki eru gerðar sérstakar forkröfur til þátttakenda en námið þarfnast almennrar tölvufærni auk aðgangs að tölvu og neti
- Fjarnámið hefst 18. febrúar 2016 með kennslu á Ég - verkstjórinn/millistjórnandinn (lota 1)

Nánari upplýsingar veitir Kristján Óskarsson, *kro@nmi.is*

Sótt er um á vef Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, *www.nmi.is*

Aðilar að VSSÍ geta sótt um styrk í menntasjóð VSSÍ og SA fyrir allt að 80% af námskeiðsgjaldi. Umsóknareyðublöð eru á *www.vssi.is*

VSSÍ Verkstjórasamband Íslands · SA Samtök atvinnulífsins
Starfsmenntasjóður SA og VSSÍ
Nýsköpunarmiðstöð Íslands

LAUGARDAG 12. DES. KL. 03:00 · 2 SPORT
STÆRSTA UFC-KVÖLD ÁRSINS




GUNNAR ER KLÁR Í BARDAGANN
Laugardagskvöldið 12. desember mætir Gunnar Nelson hinum brasilíska Demian Maia og í aðalbardaga kvöldsins kljást Conor McGregor og José Aldo.
**Ekki missa af stærsta UFC-kvöldi ársins.**
365.is | Sími 1817
365



# Capacent Ráðningar

Okkar markmið er að leiða saman einstaklinga og fyrirtæki svo úr verði árangursríkt og metnaðarfullt samstarf. Við leggjum því ríka áherslu á að kynnast vel þörfum viðskiptavina okkar og umsækjenda.

Byggt á áralangri reynslu höfum við þróað faglegar aðferðir við mat og val á milli umsækjenda til að finna rétta einstaklinginn í starfið. Starfsfólk Capacent býr yfir mikilli þekkingu á notkun matstækja og valaðferða í ráðningarferli og til notkunar við starfsþróun innan fyrirtækja.

**Umsækjendur og atvinnurekendur**
**- kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

**TRAUSTI** fasteignasala




**Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir** Sölustjóri Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja og skipasali Löggiltur leigumiðlari
**Kristján Baldursson hdl.** Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari

## RJÚPNASALIR 8 - 1. HÆÐ





**OPIÐ HÚS MIÐVIKUD. 9. DES. KL. 17:30-18:00**
Glæsileg og rúmgóð 3-4 herbergja 91,9 fm endaíbúð á 1. hæð (gengið beint inn) í litlu fjölbýli í Salahverfinu í Kópavogi. Rúmgóður suður pallur. Þvottahús innan eignarinnar. **Ásett verð 34,9 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**



**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Hamarsbraut 4 – Hafnarfirði. Til sölu eða leigu.**
**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Glæsilegt 204,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 26,1 fm. bílskúr í hjarta Hafnarfjarðar. Stofa, með góðri lofthæð og gólfsíðum gluggum. Eldhús/borðstofa, með fallegum hvítum innréttingum og eyju og stórum bogadregnum hornglugga. Fataherbergi innaf hjónaherbergi. Innihurðir eru extra háar. Lóðin er 440,5 fermetrar að stærð, fullfrágengin og viðhaldslítil. Mikil hellulögn og fallegur gróður. **Frábær staðsetning með útsýni yfir höfnina.**



**EIGNAMIÐLUN**
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

**Nýtt á sölu**
**möguleiki að flytja inn fyrir jól !**

**Ægisíða 117 - kjallari.**



Talsvert endurnýjuð 3 herb., 79,2 fm íbúð í kjallara í fjölbýli á mjög góðum stað í vesturbæ Reykjavíkur. **V. 29,9 millj.**

**Krummahólar 4- fimm herb. íbúð**



120,4 fm 5 herbergja íbúð á 3.hæð í góðu lyftuhúsi. Fjögur herbergi. Mikið endurnýjuð íbúð á mjög góðum stað. Fallegt útsýni. Eignin er til afhendingar við kaupsamning, sölumenn sýna. **V. 29,9 millj.**

**Berjarimi 9 – 3ja með bílskýli.**



3ja herbergja 92,3 fm ENDA íbúð á 3.hæð í góðu vel staðsettu fallegu fjölbýlishúsi ásamt stæði í lokaðri bílageymslu. Sérinngangur af svalagangi. Mikið útsýni. Góðar svalir. Íbúðin er laus, sölumenn sýna. **V. 30,0 millj.**

**Álftahólar 6 – 3ja á 1.hæð.**



Íbúð 0101 er 3ja herbergja 82,8 fm íbúð á 1.hæð í lyftuhúsi á fínum stað í Breiðholti rétt við leik-, grunn- og framhaldsskóla sem og aðra þjónustu. Íbúðin hefur verið talsvert endurnýjuð. Góðar svalir. Laus strax, sölumenn sýna. **V. 26,5 millj.**


**tilkynningar**

## AUGLÝSING UM BREYTINGU DEILISKIPULAGS Í GARÐABÆ
## LYNGÁS 1

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á tillögu að breytingu deiliskipulagi Ása og Grunda sem nær til lóðarinnar Lyngás 1 í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Gert er ráð fyrir að hámarksfjöldi íbúða á lóðinni aukist úr 119 í 138 og að garður komi í stað bílastæða ofan á bílageymslu efst á lóðinni. Ekki er gert ráð fyrir að byggingarmagn aukist. Markmið breytinganna er að auka framboð á minni íbúðum á lóðinni til að mæta eftirspurn íbúða sem henta yngri eigendum og fjölskyldufólki.

Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 9. desember 2015 til og með 20. janúar 2016. Hún er ennfremur aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út miðvikudaginn 20. janúar 2016.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**skipulagsstjóri Garðabæjar**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Tækni- og umhverfissvið







**Jólafundur**
**Skógræktarfélags Kópavogs**

**verður haldinn miðvikudaginn**
**9. desember kl. 20:00**
**í Gullsmára 13 félagsheimili aldraðra.**

**Verður rauðblaða birki sem jólatré á Íslandi**
**Þorsteinn Tómasson, plöntuerfðafræðingur flytur erindi:**
**„Bötun (kynbætur) birkis fyrir garða- og skógrækt“**
**Jólahappadrætti og veitingar í boði félagsins**

***Stjórnin***


**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Lindargata 11

Umhverfis og skipulagsráð Reykjavíkur samþykkti þann 11. nóvember 2015 og borgarráð Reykjavíkur þann 19. nóvember 2015 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna lóðarinnar nr. 11 við Lindargötu. Í breytingunni felst að hækka húsið um ca. 1. metra, byggja viðbyggingu á norðurhlið hússins þar sem komið verður fyrir lyftu- og stigahúsi og breyta notkun hússins úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili í flokki IV

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 - 16:15, frá 9. desember 2015 til og með 20. janúar 2016. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðunni, ***www.reykjavik.is***, undir skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega, til umhverfis - og skipulagsviðs, b.t. skipulagsfulltrúa, eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 20. janúar 2016. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 9. desember 2015
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

„Þetta eru verktakar sem eru að fá verktakalaun fyrir," segir Oddur. Þetta séu sjálfstætt starfandi læknar sem fái greitt frá ríkinu. Neyðin hafi einfaldlega orðið til þess að hver staðurinn á fætur öðrum hafi misst fasta lækna og þurft að fá inn leigulækna. „Þetta er í raun bara óskipulagður einkarekstur," segir Oddur og bætir við að það þurfi að fastmóta betur umhverfið í kringum þá. Hann bendir á að það séu læknar í Keflavík sem séu með þó nokkra staði á landinu á sínum snærum og Heilsuvernd sér um að manna læknisstöðu á Höfn í Hornafirði. „Manneklan er orðin þannig að festan er farin úr. Þú þarft að skapa hvata með því að fá lykilaðila til að eiga og reka staðina, þá ertu líka að festa þá," segir Oddur.

Oddur segir ekki verið að stíga skref í átt að bandarísku heilbrigðiskerfi. „Þetta er skipulögð verktaka. Það þarf að færa skráningar og gæðaþætti á annað stig en þeir hafa verið á hingað til. Við höfum ekki séð næga nýmönnun í heilsugæslunni á undanförnum tuttugu árum og ef sú þróun heldur áfram þá erum við farin að sinna meirihluta heilbrigðisþjónustunnar á dýrari stigum. Og kerfisbreytingin er ein af þeim leiðum sem Norðurlöndin hafa farið til þess að styrkja almannatryggingakerfið. Og það er svo fjarri því að það sé verið að fara einhverja bandaríska leið," segir Oddur. Hann ítrekar að þessi norræna leið byggi á almannatryggingakerfinu. „Við höfum leyft þetta í meiri mæli í sérfræðiþjónustunni heldur en nágrannaþjóðirnar og við höfum ekki endurskoðað það kerfi að neinu ráði síðustu 35 árin," segir Oddur. Hann bendir á að í Glæsibæ sé stór sérfræðilæknastöð, einnig í Orkuhúsinu, í Domus Medica og Læknasetrinu í Mjódd.

„Við höfum farið öfugt að miðað við Norðurlöndin. Við höfum haft þetta í sérfræðigeiranum en ekki heilsugæslunni. Og þetta er eitt af því sem hefur verið hvati í sérfræðigreinar hér, en Norðurlöndin hafa ákveðið að hafa þetta sem hvata inn í heilsugæsluna þar," segir Oddur.

## Eftirspurnin mun aukast

**Heilbrigðismál eru stærsti útgjaldaliður hins opinbera í dag.**

Um 160 milljörðum króna verður varið til heilbrigðismála á næsta ári eða um fjórðungi heildarútgjalda. Auk þess bera sjúklingar kostnað af heilbrigðisþjónustu. Í ritinu Höldum heilsunni – Staða og framtíðarhorfur í heilbrigðismálum, sem Viðskiptaráð Íslands, gaf út í haust er bent á að útgjöld einstaklinga til heilbrigðismála námu 33 milljörðum króna í fyrra – eða að meðaltali 100 þúsund krónum á mann.

Í ritinu er bent á að vegna breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar muni eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu vaxa á næstunni. Fjögur úrræði komi til greina til þess að bregðast við því:

1 **Aukin skattheimta**
2 **Aukin kostnaðarþátttaka**
3 **Hagkvæmari rekstur**
4 **Forgangsröðun þjónustu**

Hingað til hafi áherslan að mestu verið á fyrstu tvö úrræðin. Útgjöld til heilbrigðismála hafi aukist verulega – og skattbyrði með samsvarandi hætti – um leið og beinn kostnaður sjúklinga hafi vaxið umtalsvert. Að mati Viðskiptaráðs væri ábyrgðarlaust að halda áfram á þeirri braut. Viðskiptaráð leggur því til að greint sé betur milli fjármögnunar þjónustunnar og veitingar hennar.

**160**
**milljörðum króna**
verður varið til heilbrigðismála á næsta ári eða um fjórðungi heildarútgjalda.

# Sömu kröfur verði gerðar á báða aðila



„Mín skoðun á þessu er að ef við lítum á greiðslukerfið, sem er þá eftir sænskri fyrirmynd frá Gautaborgarsvæðinu, að það sé þá til mikilla bóta að verið sé að taka upp greiðslukerfi sem er öðruvísi en þetta fjárveitingakerfi sem við höfum haft í dag í heilsugæslunni," segir Birgir Jakobsson landlæknir. Sé það ætlunin að bjóða út einhverjar einkareknar stöðvar þá sé mjög mikilvægt að opinber rekstur og einkarekstur hafi sama fjármögnunarkerfi. „Það er mjög mikilvægt að það séu sömu kröfur á báða aðila," segir Birgir.

Birgir segist þekkja Vårdval-kerfið mjög vel og það hafi þróast í Svíþjóð í meira en áratug. „Það fjármögnunarkerfi sem er í heilbrigðisþjónustunni yfirleitt erlendis, sérstaklega það sem Svíar hafa verið að reyna, hefur verið gjörsamlega öðruvísi en fjármögnunarkerfið hér," segir Birgir og tekur fram að kerfið hér hafi að sumu leyti verið lamandi fyrir opinbera þjónustu og að sumu leyti mjög furðulegt fyrir einkarekna þjónustu.

**En ég held að sú þróun sem hefur verið í Svíþjóð, þau 25 ár sem ég hef tekið virkan þátt í því starfi, að hún hafi verið í rétta átt. Hins vegar sér maður alltaf einhverja annmarka.**

Birgir Jakobsson landlæknir

Hann segir að kerfið í Svíþjóð hafi bæði kosti og galla. „En ég held að sú þróun sem hefur verið í Svíþjóð, þau 25 ár sem ég hef tekið virkan þátt í því starfi, að hún hafi verið í rétta átt. Hins vegar sér maður alltaf einhverja annmarka. En þá eru Svíar þannig gerðir að þeir eru að reyna að slípa í burtu annmarkana og halda áfram þróuninni í rétta átt."

# Mistök að nýta ekki samkeppnishvata

„Þegar maður ber þetta saman við Norðurlöndin þá sér maður að þar hafa ríki flest hver verið miklu opnari í því að leita leiða til þess að nýta samkeppnishvata til þess að draga úr kostnaði í heilbrigðisþjónustu og líka til þess að bæta gæði þjónustunnar," segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

Hann segir verulegar líkur á því að það öngstræti sem við höfum ratað í á liðnum árum sem endurspeglast í mikilli óánægju fagfólks á sviði heilbrigðisþjónustu, atgervisflótta úr greininni, stöðugum neikvæðum fréttum af húsakynnum, myglusveppum og fjárskorti af ýmsu tagi, megi rekja til mistaka þar sem menn nýttu sér ekki þá samkeppnishvata sem þá voru til staðar. Heldur þvert á móti kerfisbundið dregið úr þeim og eyðilagt. Þar vísar hann til þeirrar stefnu sem var rekin hér í kringum aldamót að sameina alla heilbrigðisþjónustu undir einn hatt. „Sem leiddi til þeirrar niðurstöðu að í spítalarekstri þá var bara einn vinnuveitandi og enginn að keppa um starfsfólk," segir Páll Gunnar.

Hann segir Samkeppniseftirlitið ekki á nokkurn hátt mælast til þess að menn hverfi frá þeim grundvallarsjónarmiðum í heilbrigðisþjónustunni um jöfnuð í velferðarkerfinu sem flestir á Íslandi vilja byggja á. „Heldur að nýta þá takmörkuðu fjármuni sem við höfum eins vel og hægt er. Búa til aðstæður þar sem við getum dregið að okkur besta fagfólk sem völ er á og um leið veita þjónustuþeganum betri þjónustu fyrir minni pening." -jhh



**Heldur að nýta þá takmörkuðu fjármuni sem við höfum eins vel og hægt er.**

Páll Gunnar Pálsson forstjóri



AUÐUR FINNBOGADÓTTIR



## Nýr formaður stjórnar

Auður Finnbogadóttir hefur verið skipaður formaður stjórnar Samkeppniseftirlitins. Skipunin gildir frá 1. desember 2015 til 26. ágúst 2017. Auður er viðskiptafræðingur frá University of Colorado í Bandaríkjunum og með MBA-próf frá Háskólanum í Reykjavík. Á sama tíma skipaði ráðherra Eyvind G. Gunnarsson í aðalstjórn Samkeppniseftirlitins og þau Ingva Má Pálsson, og Jóhönnu Katrínu Magnúsdóttur sem varamenn. – sg

BIRNA HLÍN



## Fossar fá nýjan yfirlögfræðing

Birna Hlín Káradóttir hefur verið ráðin yfirlögfræðingur hjá Fossum mörkuðum hf. og mun hefja störf í janúar. Birna Hlín útskrifaðist með kandídatspróf í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2006. Frá árinu 2009 hefur hún gegnt starfi yfirlögfræðings, fyrst hjá Straumi-Burðarási, svo Straumi fjárfestingabanka og nú síðast hjá sameinuðum banka MP og Straums. – sg

SIGURBJÖRN INGIMUNDARSON



## Varaformaður í stjórn ÍLS

Sigurbjörn Ingimundarson hefur verið skipaður varaformaður í stjórn Íbúðalánasjóðs og Valdimar Valdemarsson fastamaður í stjórn.

Sigurbjörn lauk BA-námi í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík 2010, og lagði stund á framhaldsnám í lögfræði við HR á árunum 2010 til 2013. Hann leggur nú stund á MBA-nám við Háskóla Íslands.

Sigurbjörn vinnur nú sem framkvæmdastjóri þingflokks Sjálfstæðisflokksins. Hann hefur líka starfað hjá LOGOS lögmannsþjónustu, Landsvirkjun og Garðabæ. – sg



**Þá tókst mér að ferðast til átta landa í leiðinni. Það var tiltölulega auðvelt að finna flug og þá kviknaði mikill áhugi á ferðamennsku.**

Haukur Hinriksson er fæddur og uppalinn á Akureyri, en flutti til Reykjavíkur þegar hann hóf háskólanám. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fótbolti er áhugamál númer eitt

Haukur Hinriksson verður lögfræðingur Knattspyrnusambands Íslands. Hann er Akureyringur í húð og hár. Áhugann á knattspyrnu og lögfræði sækir hann til afa síns sem spilaði með fyrsta landsliði Íslands.

SVIPMYND
HAUKUR HINRIKSSON

Haukur Hinriksson hefur verið ráðinn lögfræðingur Knattspyrnusambands Íslands. Þar mun hann starfa í mótadeild. „Þetta er í raun og veru mjög fjölbreytt verkefni. Starfslýsingin er þannig að ég er í sambandi við milliliði, ég sé um uppfærslu á reglugerðum, ég er með á borðinu hjá mér samningamál og félagsskiptamál og ýmis tilfallandi verkefni í raun og veru,“ segir Haukur þegar hann er beðinn um að lýsa nýja starfinu sínu. Hann segir þetta vera nýtt starf og ekki hafi verið starfandi lögfræðingur hjá KSÍ. Þó hafi staðið til í nokkurn tíma að ráða lögfræðing. Hann byrjar í starfinu þann 4. janúar næstkomandi.

Haukur útskrifaðist með ML-gráðu í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík síðastliðið vor, en var jafnframt í skiptinámi í París árið 2014. Haukur var aðstoðarmaður lögmanna á Lögfræðistofu Suðurnesja sumarið 2014 en hefur verið sölumaður hjá heildverslun Ólafs Gíslasonar & Co frá útskrift.

Haukur lætur vel af náminu í Háskólanum í Reykjavík. Uppsetning námsins sé svolítið frábrugðin því sem er í HÍ, því að í HR sé meira lagt upp úr raunhæfum verkefnum í stað 100 prósent prófa í lok annar. Í lokaritgerð skrifaði hann um skuldajöfnun afleiðusamninga við gjaldþrotaskipti eða slitameðferð. Hann segir áhugamál sín á sviði lögfræði því mjög fjölbreytt. En hann hafi ekki þurft að hugsa sig tvisvar um þegar starfið hjá KSÍ bauðst. „Þetta er áhugamál númer eitt, það er fótbolti.“

Haukur er Akureyringur í húð og hár, fæddur þar og uppalinn. „En foreldrar mínir eru hins vegar báðir að sunnan,“ segir Haukur. Það hafi því ekki verið neitt mál að flytja suður þegar lögfræðinámið hófst. Haukur á ekki langt að sækja knattspyrnuáhugann, því afi hans var lögfræðingur og spilaði með íslenska landsliðinu í fyrsta landsleik Íslands árið 1946. Hann hét Þórhallur Ingibergur Einarsson og varð meðal annars Íslandsmeistari með Fram.

Haukur hefur sjálfur spilað fótbolta. Þrjú tímabil spilaði hann í fyrstu deild, með KA og Þrótti í Reykjavík og einnig spilaði hann í annarri deild. Eftir að hann byrjaði í lögfræði spilaði hann líka í fjórðu deild.

Áhugamálin fyrir utan fótboltann eru aðrar íþróttir. Þá helst snjóbretti, golf og veiði, en einnig hefur Haukur mikinn áhuga á ferðamennsku. Sá áhugi kviknaði þegar hann var í skiptináminu í París. „Þá tókst mér að ferðast til átta landa í leiðinni. Það var tiltölulega auðvelt að finna flug og þá kviknaði mikill áhugi á ferðamennsku,“ segir Haukur og bætir við að það sé sérstaklega gaman að sjá ólíka menningu. Hann segir áhugaverðustu heimsóknina hafa verið til Slóvakíu. jonhakon@frettabladid.is

# Skrifstofum í Brautarholti breytt í hótel

„Það eru framkvæmdir á fullu í húsinu núna og við stefnum að því að opna í maí 2016,“ þetta segir Linda Jóhannsdóttir, en hún ásamt manni sínum, Ellerti Finnbogasyni, ætlar að opna lífræna „boutique“ hótelið Eyja Guldsmeden við Brautarholt 10-14. Þau hafa rekið saman Luna apartments síðan árið 2003.

Hótelið verður rekið í samstarfi við dönsku hótelkeðjuna Guldsmeden, sem rekur m.a. hótel í Danmörku, Noregi, Frakklandi og á Balí. „Við hjónin eigum hótelið og rekum það alveg sér, en með samstarfinu nýtum við þegar áunna þekkingu, ferla og kerfi sem nýtist vel í okkar rekstri,“ segir Linda.

Húsnæðið sem áður var skrifstofuhúsnæði er 2.070 fermetrar og verður hótelið búið 65 herbergjum. Lögð er áhersla á lífrænan rekstur og vistvernd m.a. með því að versla við innlenda aðila sem eru með lífræna vottun eða uppfylla gæðastaðla. „Ísland er tilvalið land til þess að huga meira að umhverfinu, við erum með hreint vatn og góðar matvörur. Þó þær séu ekki endilega lífrænar, eru þær beint frá býli og hollar og góðar. Svo leggjum við mikið upp úr því að minnka sóun, meðal annars matarsóun. Við notum heldur ekki spillandi efni eða plastvörur. Við hvetjum gesti til að drekka hreina, tæra íslenska vatnið beint úr krananum, en þess utan bjóðum við upp á ótakmarkað vatn og sódavatn frítt fyrir gesti,“ segir Linda.

„Það hefur orðið mikil vakning í umhverfismálum í heiminum en fólk er ekki endilega að velja hótelið út af því,“ segir Linda. Markhópurinn er því fjölbreyttur enda lagt mikið upp úr því að hótelið sé persónulegt og með persónulega þjónustu. „Eyja Guldsmeden hotel verður frábrugðið þeim hótelum sem hafa verið opnuð undanfarið með öðruvísi karakter og áherslu,“ segir Linda. -sg



Hótelið verður í húsnæði við Brautarholt 10-14 og verður búið 65 herbergjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

» Danska hótelkeðjan Guldsmeden rekur hótel í Danmörku, Noregi, Frakklandi og á Balí.

# Teninga ALIAS

*Ný útgáfa af vinsæla borðspilinu Alias*




*Spilið sem fær fólk til að tala saman!*

*Komið í verslanir*



Umhverfismál
Sigríður Björk Jónsdóttir
framkvæmdastýra vistbyggðarráðs

# Umhverfismál og byggingariðnaður

Á heimsvísu er talið að byggingariðnaðurinn sé ábyrgur fyrir um 30% af losun gróðurhúsalofttegunda og noti um 40% af framleiddri orku í heiminum. Aukin umhverfisvitund í byggingariðnaði er mikilvægur þáttur sem þjóðir heims þurfa að huga að þótt ekki hafi hann fengið mikla umfjöllun hér á landi. Það má ef til vill skýra með lægð í greininni undanfarin ár og því að byggingariðnaðurinn er gjarnan flokkaður með almennum iðnaði þegar verið er að mæla loftslagsáhrif og jafnvel orkunotkun. En nú er farið að rofa til á byggingarmarkaði eins og sjá mátti á kynningarfundi Reykjavíkurborgar um uppbyggingaráform fyrir skömmu og er það ekki síst vegna vaxandi eftirspurnar eftir hentugu húsnæði fyrir ungt fólk. En það skiptir máli hvernig byggt er og hentugt húsnæði getur verið hvort tveggja, hagkvæm og umhverfisvæn fjárfesting.

Ýmsar leiðir hafa verið notaðar til þess að efla byggingu vistvottaðra bygginga erlendis. Oft er sparnaður í orkunotkun helsti hvatinn en einnig hefur stefna fyrirtækja í umhverfis- og samfélagsmálum áhrif. Fjárhagslegir hvatar eru öflug leið til að stýra neyslu. Síðustu áramót voru felld niður vörugjöld af byggingavörum. Í kjölfarið mætti skoða það að lækka virðisaukaskatt á byggingavörum sem eru umhverfisvottaðar eða með alþjóðlegum umhverfismerkingum (til dæmis EPD). Það myndi án efa auka eftirspurn, hafa áhrif á framboð á vistvænum byggingavörum hér á landi og liðka fyrir byggingu húsnæðis þar sem umhverfissjónarmið eru höfð að leiðarljósi.

Þá gætu sveitarfélög skoðað möguleika á ívilnunum í formi lægri gjalda á vistvottað húsnæði. Fjárfestar, bankar og tryggingafélög gætu einnig endurskoðað áhættumat umhverfisvottaðra fjárfestinga og lækkað vexti og markvisst veitt auknu fjármagni í grænar fjárfestingar. Vistferilshugsun og vönduð hönnun er nefnilega ekki bara æskileg út frá umhverfissjónarmiði. Ávinningurinn kemur einnig fram í aukinni hagkvæmni framkvæmda, gæðum húsnæðis og þar með virði þeirra verðmæta sem felast í okkar byggða umhverfi.

**Þá gætu sveitarfélög skoðað möguleika á ívilnunum í formi lægri gjalda á vistvottað húsnæði.**

## Unnið á gamla mátann



Bændur vinna á gamla mátann á hrísgrjónaakri í Aceh í Indónesíu. Bændur þar ná ekki að tileinka sér nútíma tækni við framleiðsluna. Af þeim ástæðum er framleiðslan því yfirleitt lítil og skortur á hrísgrjónum. Afleiðingin er sú að indónesísk stjórnvöld flytja inn hrísgrjón. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Góð stjórnun á umhverfinu snýst um eignarrétt



Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Sögulega hafa flestar fiskveiðiþjóðir heims átt í vandræðum vegna ofveiði. Ástæðan fyrir þessu er klemman sem sjómenn standa frammi fyrir. Þegar sjómaður veiðir fisk úr „sameiginlegum stofni“ minnkar framboðið af fiski til annarra sjómanna, þegar til skamms tíma er litið.

Það er augljóslega skynsamlegt fyrir einstaklinginn að auka sjósóknina til að veiða meira. Fiskimaður sem reynir hins vegar að hugsa um „almannaheill“ og takmarka veiði sína til að forðast ofveiði hættir á að tapa illilega.

Þetta er það sem hagfræðingar kalla „sameignarvanda“ og kjarni þessa vandamáls er að þegar við höfum ekki vel skilgreindan eignarrétt, í þessu tilfelli á fiski, verður ofveiði.

En Íslendingar standa nú um stundir ekki frammi fyrir vandamálum vegna ofveiði, eins og hefur stundum verið áður, og það er vegna þess að Íslendingar hafa rutt brautina fyrir kerfi sem almennt kallast kvótakerfi. Aðalhugmyndin er sú að hverri útgerð er úthlutað kvóta upp á hve mikinn fisk hún má veiða. Með öðrum orðum á útgerðin eign upp á vissan afla. Ennfremur, eins og með annan eignarrétt, er hægt að selja þennan kvóta.

Þetta hefur að miklu leyti leyst ofveiðivandann á Íslandi og aðrar þjóðir hafa tekið upp þetta kerfi. Þessi reynsla kennir okkur eina mjög mikilvæga lexíu. Ef við viljum viðhalda góðu umhverfi almennt ættum við að einbeita okkur að því að skilgreina hver hefur eignarhald á umhverfinu, því ef umhverfið er í eigu „okkar allra“ þá fáum við svipuð vandamál og fylgja ofveiði.

Þess vegna snýst góð umhverfisstjórn í raun um vel skilgreindan eignarrétt. Skýringarmyndin sýnir þetta. Hún sýnir sambandið á milli tveggja vísitalna – alþjóðlegu eignarréttarvísitölunnar (IPRI), sem mælir eignavernd í ýmsum löndum, og umhverfisvísitölunnar (EPI), sem metur hversu vel ríki standa sig í umhverfismálum á tveim víðtækum stefnusviðum: Heilsuvernd fyrir umhverfisáhrifum og verndun vistkerfa. Hver „punktur“ á grafinu táknar eitt ríki.

Ísland kemur vel út í báðum vísitölunum, en er ekki á meðal þeirra efstu. Í eignarréttarvísitölunni er Ísland aðeins í 22. sæti í heiminum, og Ísland er í 14. sæti í umhverfisvísitölunni. Svo það má gera betur. Ef við viljum sjá framfarir í umhverfismálum á Íslandi og halda áfram góðri nýtingu á náttúruauðlindum landsins er kannski mikilvægt að við sækjum hvatningu í árangurinn af notkun „eignarréttarins“ á fiskveiðisviðinu, því ef við viljum ekki eyðileggja náttúruna þurfum við í raun að skilgreina hvar eignarhaldið liggur.

### Eignarréttur og umhverfið




# Færri jólagjafir úr H&M í ár



Hin hliðin
Kristín Hrefna Halldórsdóttir
viðskiptastjóri hjá Meniga

Verslunarferðir til útlanda hafa verið vinsælar hjá Íslendingum undanfarin ár. Þar eru jólagjafa- og jólafatakaupin afgreidd hratt og örugglega en það hefur skilið innlenda verslun eftir með heldur lítinn bita af jólakökunni. Þetta virðist þó vera að breytast ef marka má „H&M vísitöluna“.

Í flestum þessara verslunarferða er sænski fatarisinn heimsóttur og þar eru keyptar helstu nauðsynjar. Hver kannast ekki við sænsku náttfatajólin þar sem hver gjöfin á fætur annarri er með merkimiða úr H&M? Gleðin fölnar á andlitum barnanna þegar enn einn sænskur mjúkur pakkinn er dreginn undan jólatrénu.

Þessi þróun virðist þó vera að snúast við, því Íslendingar hafa verslað 22% minna í H&M í september, október og nóvember í ár en á síðasta ári samkvæmt greiningum úr Markaðsvakt Meniga. Ef verslun Íslendinga í verslunum Primark er skoðuð má sjá að hún er sex prósentum minni.

Rúmlega 17 þúsund notendur Meniga eru í úrtakinu sem skoðað var en aldrei er unnið með persónugreinanlegar upplýsingar í greiningum Markaðsvaktar Meniga.

### Hvar verslum við þá?

Þegar 20 söluhæstu fataverslanir landsins eru skoðaðar má sjá að meirihluti þeirra bætir við sig í sölu þessa þrjá mánuði samanborið við sömu mánuði í fyrra og í heildina er 7,8% meiri innlend fataverslun. Það er því líklegt að mjúkir pakkar verði á sínum stað undir jólatrjám landsmanna þó að færri verði í sænsku fánalitunum.

### Góður desember í vændum

Verslun dregst þó saman hjá einhverjum íslensku verslananna sl. þrjá mánuði eins og gengur og gerist. Verslunareigendur geta þó verið vongóðir um að desember verði góður þar sem Íslendingar virðast hafa keypt minna af jólagjöfum og jólafötum í utanlandsferðum sínum sl. þrjá mánuði en þeir gerðu í sömu mánuðum í fyrra.

### Bara byrjunin?

Það verður spennandi að fylgjast með þessari þróun sérstaklega þegar boðaðar tollaniðurfellingar taka gildi um áramótin.

Ekki er ósennilegt að þær hafi haft einhver áhrif á minni verslun í H&M og Primark þar sem sumar innlendar verslanir hafa lækkað verð sín nú þegar.

Íslendingar ættu því að geta gert góð kaup hér heima næstu misseri og notað utanlandsferðir sínar í annað en að troðfylla ferðatöskurnar af varningi úr H&M.



Gleði og
FRIÐARJÓL
Jólatónleikar
Aukatónleikar kl. 17:00
komnir í sölu á tix.is
Jólatónleikar
Pálma Gunnarssonar
ásamt Ragnheiði Gröndal
í Eldborg Hörpu
19. desember kl. 21:00
Örfá sæti laus
Miðasala á harpa.is, tix.is og í síma 528 5050
Sérstakur gestur er Valdimar Guðmundsson.
Jólatónleikar Pálma og Ragnheiðar slógu rækilega í gegn í fyrra og komust færri að en vildu. Þau endurtaka leikinn í ár með góðum gestum og sömu notalegu stemningunni.
Í ár eru 30 ár liðin frá útgáfu jólaplötunnar Friðarjól og er hún órjúfanlegur hluti af jólaundirbúningnum á fjölmörgum heimilum. Og það er aldrei að vita nema ný jólalög líti dagsins ljós í tilefni afmælisins. Ekki missa af þessu tækifæri til að eiga yndislega og ógleymanlega stund á aðventunni.
DÆGURFLUGAN
HARPA

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 25. nóvember 2015

FTSE 100
6.135,22 -88,30
(1,42%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Kínamúrar Helga

**Ólafía B. Rafnsdóttir,** formaður VR, var í viðtali á dögunum í tilefni af útkomu á skýrslu Samkeppniseftirlitsins um eldsneytismarkaðinn. Niðurstaða skýrslunnar var sú að neytendur ofgreiddu ríflega fjóra milljarða króna á ári vegna skertrar samkeppni milli olíufélaganna þriggja.

**Ólafía** hitti naglann á höfuðið þegar hún nefndi þá margvíslegu hagsmunaárekstra sem hljóta að vera óumflýjanlegir í daglegum störfum Helga Magnússonar, stjórnarmanns og varaformanns stjórnar Lífeyrissjóðs verslunarmanna.

**Auk þess** að vera stjórnarmaður í lífeyrissjóðnum og sitja í stjórnum á vegum sjóðsins er Helgi einnig umsvifamikill fjárfestir á eigin reikning. Hvað N1 varðar, til að mynda, á Helgi umtalsverðan hlut persónulega. Hann fer einnig með ríflega fjórtán prósenta hlut sjóðsins í félaginu og situr í stjórn. Sömu sögu er að segja af Marel þar sem Helgi leikur sömuleiðis tveimur (raunar þremur) skjöldum.

**Í bankageiranum** er oft talað um Kínamúra, t.d. milli bankamanna sem ráðleggja félögum um samruna eða yfirtökur, og þeirra sem ráðleggja viðskiptavinum um kaup á skráðum hlutabréfum.

**Ástæðan er** einföld, ekki endilega sú að náunganum sé vantreyst, heldur til að koma í veg fyrir þann möguleika að fólk falli í freistni.

**Sama gildir** um lögmenn – ef dómsmál er í uppsiglingu milli tveggja umbjóðenda tiltekinnar stofu, þurfa lögmenn á stofunni að reisa múra sín á milli, og ræða ekki atvik málsins hvor við annan. Jafnvel yrði talin ástæða að senda a.m.k. annan kúnnann í viðskipti á aðra stofu.

**Ástæðan er** ekki sú að menn treysti sér ekki til að vinna að málum með heiðvirðum hætti, heldur miklu frekar hitt að koma í veg fyrir að aðrir utanaðkomandi kunni að draga þá ályktun að maður sé í mysunni.

**Hvernig ætli** Helgi fari að í sambærilegum aðstæðum? Hvað myndi hann gera ef upp kæmu deilur milli Lífeyrissjóðs verslunarmanna og N1? Kæmi hann þá fram sem stjórnarmaður í N1 eða hluthafi, eða sem varaformaður lífeyrissjóðsins?

**Forsvarsmenn** lífeyrissjóðanna verða að gera það upp við sig hvort þeir ætla að höndla með fjárfestingar sjóðfélaga eða standa í umfangsmiklum fjárfestingum á eigin reikning.

**Þetta tvennt** fer ekki saman.


UMHVERFIÐ
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## 4,5 PRÓSENT HAGVÖXTUR Á FYRSTU NÍU MÁNUÐUM

Landsframleiðslan á fyrstu níu mánuðum ársins 2015 jókst um 4,5% að raungildi milli ára. Á sama tíma jukust þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, um 6,2%, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Einkaneysla jókst um 4,4%, samneysla um 0,9% og fjárfesting um 15,8%.

## 7.265 MILLJÓNA VELTA

Fjöldi þinglýstra kaupsamninga á höfuðborgarsvæðinu 27. nóvember til 3. desember 2015 var 190. Þar af voru 144 samningar um eignir í fjölbýli, og 32 samningar um sérbýli og 14 samningar um annars konar eignir. Heildarveltan var 7.265 milljónir króna samkvæmt tölum frá Þjóðskrá og meðalupphæð á samning 38,2 milljónir króna.

## 02.12.2015



**Það getur vel verið að Rio Tinto Alcan hafi ekki áhuga á að reka þetta álver áfram, það kann að vera. En þeir eru með kaupskyldu að miklu magni af raforku, þurfa að borga hátt í hundrað milljónir dollara á ári fyrir hana næstu 20 árin. Það er útilokað, útilokað, að þeir loki álverinu með þessa kaupskyldu á sér.**

Ketill Sigurjónsson, lögfræðingur og sérfræðingur í orkumálum





# ERT ÞÚ Í FRAMHALDSNÁMI ERLENDIS?

Menntasjóður Viðskiptaráðs Íslands veitir árlega styrki til einstaklinga í framhaldsnámi við erlenda háskóla í greinum sem tengjast atvinnulífinu og stuðla að framþróun þess.

Við auglýsum eftir umsóknum um námsstyrki úr Menntasjóði Viðskiptaráðs. **Námsstyrkirnir eru fjórir talsins að upphæð 1.000.000 kr. hver.** Einn styrkjanna er tileinkaður nemanda á sviði upplýsingatækni.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. janúar 2016**

**Umsóknum er skilað inn rafrænt**

**Nánari upplýsingar á vi.is/namsstyrkir**

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

# ALLT Í HAKKI!

*Frábært tilboð á ungnautahakki í Iceland*






**Vaxtalaus jólareikningur Netgíró***
**Þú borgar jólainnkaupin 1. febrúar 2016**

*Þú borgar enga vexti en greiðir 195 kr. tilkynningar- og greiðslugjald (ef upphæð er yfir 3.000 kr. annars 0 kr.) og lántökugjald 3,95%

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland




# Víkingaför Gunnars um heiminn

**Gunnar Nelson heyr sinn sjöunda UFC-bardaga á ferlinum aðfaranótt sunnudags þegar hann glímir við Demian Maia. Stokkhólmur er eini staðurinn þar sem honum hefur ekki tekist að vinna sigur í UFC.**

**MMA** Gunnar Nelson kom sterkur til baka í síðasta bardaga sínum þegar hann hengdi Bandaríkjamanninn Brandon Thatch í júlí á þessu ári. Það var mikilvægur endurkomusigur eftir vægast sagt óvænt tap gegn Rick Story, í Stokkhólmi í október í fyrra.

Tapið gegn Story er það eina á ferli á Gunnars og Stokkhólmur eini staðurinn sem víkingaför hans um heiminn hefur ekki verið sigursæl. Hann sigldi þess í stað vestur um haf síðast og barðist í fyrsta sinn í Las Vegas, á sjálfu MGM Grand-hótelinu og vann sigur.

Sigurför Gunnars hefur verið góð og mikil; jafnt á öllum ferlinum og einnig ef aðeins eru til teknir bardagarnir í UFC. Gunnar Nelson barðist fyrsta sinni í UFC í Nottingham í september 2012 og fór þá létt með Bandaríkjamanninn DaMarques Johnson.

Mikil spenna var á meðal UFC-áhugamanna að sjá íslenska undrabarnið sem kom 9-0-1 inn í UFC og gerði þriggja bardaga samning. Því miður gekk illa að finna fyrsta mótherja Gunnars, en það hefur reyndar því miður gengið stundum erfiðlega. Johnson var alltof þungur fyrir bardagann en það skipti engu máli.

Gunnar hélt sig á Englandi en barðist í höfuðborginni í sínum öðrum og þriðja UFC-bardaga. Brasilíumaðurinn Jorge Santiago var felldur fyrst í febrúar 2013, en hann er enn í dag eini maðurinn sem staðið hefur með Gunnari allar loturnar og tapað.

Rússinn Omari Akhmedov, strákur sem átti að vera mikil hetja í rússnesku bardagalistinni sambó, átti ekki möguleika í Gunna í næsta bardaga í London. Hann dansaði einhverja skáútgáfu af sambó við okkar mann í tæpa eina lotu og var svo svæfður.

Þá var komið að víkingaskipi Gunnars að sigla stutt yfir til Írlands þar sem hann er elskaður og dáður eins og fóstursonur þjóðarinnar. Bandaríkjamaðurinn Zak Cummings, stór og sterkur strákur sem vann svo næsta bardaga sinn eftir tap gegn Gunnari, lá þar í valnum.

Gunnar hafði ekki barist á Norðurlöndum síðan hann var áhugamaður í september 2008 þegar honum bauðst að vera aðalatriðið í Stokkhólmi í október í fyrra. Því miður kom þar fyrsta tap Gunnars en þar var okkar maður ólíkur sjálfum sér og tapaði.

Eftir frægðarför Gunnars til Las Vegas í júlí fær hann nú aftur tækifæri til að berjast á MGM Grand-hótelinu þar sem allir bestu bardagamenn sögunnar hafa sýnt listir sínar. Að þessu sinni mætir hann Brasilíumanninum Demian Maia, besta glímumanni sem Gunnar hefur mætt á ferlinum.

Gunnar sýndi gegn Brandon Thatch að hann er ekki lengur bara gólfglímumaður heldur firnasterkur standandi með mikinn höggþunga. Það þarf ekkert að vera að Maia fá tækifæri til að fara með Gunnari í gólfið. Vonandi liggur hann bara eftir og horfir upp á íslenska víkinginn vinna sjöunda sigurinn í UFC.

tomas@frettabladid.is; ooj@frettabladid.is




**Gunnar Nelson**

**Félag:**
Mjölnir

**Aldur:**
27 ára

**Hæð:**
180 sm

**Þyngd:**
77 kíló

**Faðmur:**
183 sm

**16 bardagar í MMA**
**14 sigrar**
**1 jafntefli**
**1 tap**

## Nýjast

**Meistaradeildin**

**A-riðill**

**Real Madrid - Malmö 8-0**
1-0 Karim Benzema (12.), 2-0 Karim Benzema (24.), 3-0 Cristiano Ronaldo (39.), 4-0 Ronaldo (47.), 5-0 Ronaldo (50.), 6-0 Ronaldo (59.), 7-0 Mateo Kovacic (70.), 8-0 Benzema (74.). Kári Árnason var fyrirliði Malmö í leiknum.

**Paris SG - Shakhtar 2-0**
1-0 Lucas Moura (57.), 2-0 Zlatan Ibrahimović (86.)
**Lokastaða liðanna:** Real 16, PSG 13, Shakhtar 3, Malmö 3.

**B-riðill**

**Wolfsburg - Man. Utd. 3-2**
0-1 Anthony Martial (10.), 1-1 Naldo (13.), 2-1 Vieirinha (29.), 2-2 Sjálfsmark (82.), 3-2 Naldo (84.). United fer í Evrópudeildina.

**PSV - CSKA Moskva 2-1**
0-1 Sergey Ignashevich (76.), 1-1 Luuk de Jong (78.), 2-1 Davy Pröpper (86.)
**Lokastaða liðanna:** Wolfsburg 12, PSV 10, United 8, CSKA 4.

**C-riðill**

**Benfica - Atlético Madrid 1-2**
**Galatasaray - Astana 1-1**
**Lokastaða liðanna:** Atlético 13, Benfica 10, Galatasaray 5, Astana 4.

**D-riðill**

**Man. City - Gladbach 4-2**
1-0 David Silva (16.), 1-1 Julian Korb (19.), 1-2 , 2-2 Raheem Sterling (80.), 3-2 Raheem Sterling (81.), 4-2 Wilfried Bony (85.).

**Sevilla - Juventus 1-0**
1-0 Fernando Llorente (65.).
**Lokastaða liðanna:** City 12, Juventus 11, Sevilla 6, Gladbach 5.

**Olís -deild karla í handbolta:**

**Haukar - FH 32-25**
**Markahæstir:** Janus Daði Smárason 7/3 (12/4 skot), Adam Haukur Baumruk 6 (7), Einar Pétur Pétursson 6 (7), Elías Már Halldórsson 5 (7) - Jóhann Birgir Ingvarsson 9 (15), Einar Rafn Eiðsson 6/2 (13/2). Áttundi sigurleikur Haukanna í röð.
**Stig liðanna:** 1. Haukar 28, 2. Valur 24, 3. Fram 19, 4. Afturelding 15, 5. ÍBV 14, 6. Grótta 14, 7. Akureyri 13, 8. FH 12, 9. ÍR 11, 10. Víkingur 6.

### LIÐIN SEM VERÐA Í POTTINUM ÞEGAR DREGIÐ VERÐUR Í DAG

Dregið verður í hádeginu í dag fyrir átta liða úrslit Powerade-bikars karla og kvenna í körfubolta. Í pottinum í karlaflokki verða úrvalsdeildarliðin Grindavík, Þór Þorl., Haukar, Keflavík og Njarðvík auk Skallagríms og b-liðs Njarðvíkur. B-lið Hauka og Íslandsmeistarar KR eiga eftir að spila en sá leikur fer ekki fram fyrr en um næstu helgi. Í pottinum hjá konunum verða úrvalsdeildarliðin Grindavík, Keflavík, Snæfell, Haukar, Hamar, Valur og Stjarnan sem og 1. deildarlið Skallagríms. Hamar, Valur og Stjarnan sátu hjá í síðustu umferð og eru því að fara að spila sinn fyrsta bikarleik í átta liða úrslitum.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Meistaradeildarkvöld | Sport 4 |
| 19.45 | Valencia - Lyon | Bravó |
| 19.45 | Chelsea - Porto | Sport 3 |
| 19.45 | Leverkus.- Barcelona | Sport 5 |
| 19.45 | Olympiakos - Arsenal | Sport |
| 21.45 | Meistaramörkin | Sport |
| 18.00 | ÍBV-Akureyri | Vestm.eyjar |

# JÓLAGLAÐNINGURINN

Verð frá
kr. 89.990



30 litir

**KitchenAid**
FOR THE WAY IT´S MADE

*Öllum KitchenAid Artisan hrærivélum fylgir fimm stykkja bökunarsett að verðmæti 14.990 kr. ásamt matreiðslubók á íslensku.*



**KitchenAid**

*Segulknúinn blandari*

*Svunta fylgir!*

- 2ja hestafla segulknúinn blandari
- Hraðar, 4 kerfi, púls, handvirkur
- 1,75 L kanna

VERÐ FRÁ **94.990***

FULLT VERÐ 104.990

* Sanseraðir litir 99.990



## Hágæða blandari

- 0,9 hestafla blandari
- 4000-11500 sn. á mín.
- 1,5 L glerkanna + auka kanna
- 5 hraðar, púls, klakastilling

12 litir

**KitchenAid**

TILBOÐ FRÁ **39.990**

FULLT VERÐ 43.990

**Saeco**

## Sjálfvirk kaffivél

- Sjálfvirk kaffivél
- Ketill úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramík
- Panarello flóunarstútur
- Baunahólf: 300g
- Vatnstankur: 1,5 lítrar
- Korgskúffa: 10 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar
- 1400 wött



**KAUP AUKI**
1kg af Kimbo baunum fylgir öllum SAECO kaffivélum til jóla

TILBOÐ **79.990**

FULLT VERÐ 99.990

*Mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil!*



**KitchenAid**

*Rifjárn*
*Flott viðbót á eldhúsborðið*

VERÐ **4.990**



**KitchenAid**

- 240 w 2ja hraða saxari
- 830 ml plastskál
- Smelltur hnífur

VERÐ **14.990**



**KitchenAid**

- 1,25 lítra hraðsuðuketill
- On/Off takki
- Losanleg sía

VERÐ **19.990**



**KitchenAid**

- 2ja sneiða 1100w brauðrist
- Sjö hitastillingar
- Beyglustilling

VERÐ **24.990**



**KitchenAid**

- Töfrasproti með 5 hröðum
- Stjörnuhnífur og S hnífur
- Þeytari og saxari og pískari

VERÐ **34.990**

**dyson**

## Hágæða handryksuga



**Dyson V6**

- Root Cyclone tækni
- 20 mín. á hleðslu
- Þráðlaus og pokalaus
- Drif á bursta

VERÐ **84.990**

## Aukahlutir á KitchenAid hrærivélina



**KitchenAid**
**Sleikjuarmur**
*Frábær í baksturinn*

VERÐ **5.990**



**KitchenAid**
**Slow Juicer safapressa**
*Hrærivélin breytist í safapressu*

VERÐ **32.990**



**KitchenAid**
**Ísgerðarskál**
*Hrærivélin verður ísvél*

VERÐ **19.990**



**KitchenAid**
**4,8 lítra hitaskál**
*Eldaðu með hrærivélinni*

VERÐ **64.990**

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Þrír sigrar í þremur leikjum hjá danska kvennalandsliðinu




**Áfram á sigurbraut** Dönsku stelpurnar unnu glæsilegan níu marka sigur á Serbíu á Heimsmeistaramóti kvenna í handbolta í gærkvöldi og hafa því unnið þrjá fyrstu leiki sína á heimsmeistaramótinu. Þórir Hergeirsson og stelpurnar hans í norska landsliðinu unnu á sama tíma 40-19 sigur á Kasakstan. Danmörk og Rússland, sem vann Noreg í fyrsta leik, eru einu liðin á mótinu sem hafa unnið þrjá fyrstu leiki sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**Freydís Halla Einarsdóttir byrjar tímabilið mjög vel.** MYND/SKÍ

## Gull og silfur hjá Freydísi Höllu

**SKÍÐI** Landsliðskonan Freydís Halla Einarsdóttir byrjar tímabilið vel en hún komst á verðlaunapall á tveimur fyrstu mótum tímabilsins. Bæði mótin voru svigmót og fóru fram í í Sunday River sem er í Maine-fylki í Bandaríkjunum.

Freydís Halla vann fyrra mótið þar sem hún var með besta tímann í báðum ferðum. Í seinna mótinu í gær þá endaði Freydís í öðru sæti en þá var hún með besta tímann í seinni ferðinni.

Bandaríska stelpan Mardene Haskell var aðeins þrettán sekúndubrotum á undan Freydísi í mótinu í gær en kanadísk stelpa var í öðru sæti þegar Freydís vann mótið á mánudagskvöldið. Freydís Halla er þar með búin að fá gull og silfur í fyrstu tveimur mótunum auk þess að ná besta tímanum í þremur af fjórum ferðum. Frábær byrjun á tímabilinu hjá Garðbæingnum. **– oój**






**Anton Gylfi Pálsson og Jónas Elíasson eru fremsta dómarapar Íslands og það eina sem var á HM.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Við munum tryggja að þetta hafi ekki áhrif á þeirra störf innan IHF

**HANDBOLTI** „Við erum mjög svekktir með þessa niðurstöðu," segir Guðmundur B. Ólafsson, formaður Handknattleikssambands Íslands, við Fréttablaðið um ákvörðun Alþjóðahandknattleikssambandsins, IHF, að vísa íslenska dómaraparinu, Antoni Gylfa Pálssyni og Jónasi Elíassyni, frá störfum á HM kvenna sem nú stendur yfir í Danmörku.

Anton dæmdi mark í stöðunni 6-6 í leik Frakklands og Suður-Kóreu þegar síðarnefnda liðið skaut að marki. Ákvörðunin var rétt hjá Antoni, en einhverra hluta vegna, kannski að hans frumkvæði, var ákveðið að skoða skotið með marklínutækni. Danskur eftirlitsmaður leiksins fékk ekki senda á skjá sinn nógu skýra mynd þótt boltinn væri augljóslega langt inni í markinu og var markið ekki skráð. Leiknum lyktaði með jafntefli, 22-22, og höfðu þessi mistök því mikil áhrif.

IHF leysti málið með því að vísa öllum starfsmönnum leiksins frá störfum á HM, allt frá dómurum til eftirlitsmanns og ritara. Það að auki fór sambandið í algjöra vörn og ákvað að nota marklínutæknina ekki oftar á mótinu.

> **Við erum mjög ósátt við að okkar mönnum sé refsað fyrir þetta því þetta er á engan hátt þeim að kenna.**
>
> Guðmundur B. Ólafsson, formaður HSÍ

„Anton gerir ekkert rangt. Hann dæmir mark og virðist vilja fá það skoðað betur en til þess er nú tæknin. Hann leitar fulltingis myndavélarinnar til að vera öruggur í sinni ákvörðun og þar liggja mistökin. Við erum mjög ósátt við að okkar mönnum sé refsað fyrir þetta því þetta er á engan hátt þeim að kenna. Fyrir mér er þetta bara fljótfærni eftirlitsmannsins og þetta kallaði ekki eftir uppsögnum," segir Guðmundur.

Anton Gylfi og Jónas eru fremsta dómarapar landsins og hafa dæmt nokkra stórleiki í Meistaradeildinni á þessu tímabili. Hún heyrir undir evrópska handboltasambandið en þá voru þeir líka í stóru verkefni á vegum IHF í Katar fyrr á árinu. Guðmundur segir sambandið ætla að passa upp á að þeir fái ekki mínus í kladdann fyrir þessi mistök sem þeim urðu ekki á.

„Við munum vinna örugglega í því að tryggja innan IHF að þetta hafi engin áhrif á þeirra störf. Við munum styðja þá í öllu og byrja á því að ræða við IHF til að fá einhverjar skýringar á því hvers vegna þessi ákvörðun var tekin. Að mínu mati eru þetta ekki þeirra mistök," segir Guðmundur, sem hafði ekkert heyrt í forráðamönnum alþjóðasambandsins í gær.

„Það er stjórnarfundur hjá okkur á morgun [í dag]. Þar tökum við þetta fyrir og munum óska eftir svörum frá IHF og mótmæla þessari ákvörðun," segir Guðmundur B. Ólafsson. **– tom**

nettó

# Jólahús Nettó

## komdu við og smakkaðu

**Sérfræðingar okkar**
lofa þér að smakka og gefa þér ráð

**Hamborgar-hryggur**
sagaður eftir óskum

**Hangikjöt**
einreykt, tvíreykt, frampartur, læri, lamb, sauður

*Vertu velkominn í jólahús Nettó í Mjódd, Nettó Granda, Nettó Akureyri, Nettó Egilsstöðum, Nettó Selfossi og Nettó Reykjanesbæ*

**OPNUNARTÍMAR JÓLAHÚSS NETTÓ**

**Virkir dagar**
12-19

**Laugardagar**
12-18

**Sunnudagar**
12-18

**17. - 23. des**
12 - 22

**24. des**
10-12

markhönnun ehf

## Merkisatburðir

**1794** Skúli Magnússon er skipaður landfógeti, fyrstur Íslendinga.
**1926** Sjö hús brenna til kaldra kola á Stokkseyri, og er þá upp talinn meirihluti þorpsins. Ekki verður manntjón.
**1956** Hamrafell, stærsta skip Íslendinga fram til þessa, kemur til landsins. Er skipið svo gríðarstórt að það getur einungis lagst við höfn á einum stað, og er það í Hafnarfirði.
**1982** Ásmundur Sveinsson myndhöggvari deyr, þá 89 ára gamall.
**1982** Kvikmyndin E.T. er frumsýnd í Laugarásbíói, og er um að ræða Evrópufrumsýningu.
**1996** Sameinuðu þjóðirnar hleypa af stokkunum átakinu Olía fyrir mat í Írak.
**2010** Nýr Icesave-samningur milli Bretlands og Íslands er kynntur á blaðamannafundi.
**2010** Lilja Mósesdóttir brýtur blað í sögu þingsins, er hún situr hjá í atkvæðagreiðslu um fjárlagafrumvarp. Er það mögulega í fyrsta skipti í sögunni sem stjórnarþingmaður greiðir ekki atkvæði með fjárlagafrumvarpi.

# Fjallar á léttum nótum um miðaldakirkjugarða

**„Fornleifar eru sameign okkar allra,“ segir Guðný Zoëga, fornleifa- og mannabeinafræðingur, sem mun halda erindi á ársfundi Hins íslenzka fornleifafélags í dag.**

„Mér finnst kirkjugarðar aðalmálið, ég tala svo sem ekki fyrir munn félagsins,“ segir Guðný Zoëga, fornleifa- og mannabeinafræðingur hjá Byggðasafni Skagfirðinga, sem flytja mun erindið Gluggað í garða og byggir það á rannsókn skagfirskra miðaldakirkjugarða. Tilefnið er ársfundur Hins íslenzka fornleifafélags 2015 sem haldinn er á Þjóðminjasafninu í dag.

Guðný segir Íslendinga almennt mjög áhugasama um fornleifafræði og það skipti gríðarlegu máli, þar sem bagalegt sé þegar menn grafi eitthvað í burtu til að forðast vesen. „Við verðum að nálgast þetta á jákvæðan hátt. Allt er þetta sameign okkar allra í jörðinni okkar og það skiptir máli að kynna þetta vel,“ útskýrir Guðný og bendir á að þó gaman sé að grafa, sé það ekki eini tilgangur fornleifarannsókna. „Hægt er að rannsaka svo margt við gröftinn, svo sem hvað fólk var að gera, hvað það borðaði, voru umhverfiserfiðleikar og jafnvel erfðatengsl.“

Beinir Guðný sjónum að kirkjugörðum á þessum ársfundi eins og áður sagði. „Við byrjuðum Skagfirsku kirkjurannsóknina árið 2008, að hluta til vegna þess að fornir kristnir grafreitir voru að koma upp í framkvæmdum. Við vildum skrá þetta, leita og staðsetja áður en stórvirkar vinnuvélar létu til sín taka.“ Úr varð að nú þegar hefur Guðný ásamt teymi sínu hlotið styrk og liðsinni frá Bandaríkjunum, og grafið upp fjöldann allan af kirkjugörðum. Hefur hópurinn meðal annars fundið kirkjugarð „með manni og mús“ eins og hún orðaði það.

En hver er helsti munurinn á kirkjugörðum þá og nú? Varla getur munurinn verið svo mikill. „Munurinn er gífurlegur,“ svarar Guðný. „Þarna erum að ræða garða frá elleftu öld og eru garðarnir teknir upp í kjölfar kristnitökunnar. Garðarnir voru fimmtán til tuttugu metrar í þvermál, hringlaga og lítil viðarkirkja höfð í miðjunni. Um var að ræða fjölskyldukirkjugarða þar sem heimilisfólkið sá alfarið um að jarðsetja sitt fólk, sem jafnan dó heima, og gerði allt, hvort sem var að smíða kistuna eða grafa,“ útskýrir Guðný og heldur áfram: „Í dag deyja flestir inni á sjúkrastofnunum og fagaðilar sjá um þetta ferli. Við höfum þannig fjarlægt dauðann frá eðlilegu lífi.“

Guðný segist ætla að fjalla um rannsóknina á fundinum, og ætlar sér að gera það á léttu nótunum, enda sé ekki ástæða til annars. „Ég held að fólk hafi mikinn áhuga á fólki, og ég held þú komist ekki nær því en akkúrat svona.“

**gudrun@frettabladid.is**



**Guðný segir alla þá sem ekki hræðist bein velkomna á Þjóðminjasafnið í dag. Fundurinn hefst klukkan 16.00 og er öllum opinn.**

---



✝

Elskulegur faðir minn,

**Sigurður Gunnarsson**

andaðist sunnudaginn 6. desember í Brákarhlíð, Borgarnesi.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Þórður Sigurðsson**

---



✝

Ástkær maðurinn minn, sonur, bróðir, mágur og tengdasonur,

**Gísli Bjarnason**

tæknifræðingur,
Gaukshólum 2,

lést á Landspítalanum 29. nóvember.
Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 11. desember kl. 11.

**Þóra Björk Róbertsdóttir**
**Bjarni Kristbjörnsson**
**Guðrún Inga Bjarnadóttir**
**Kristbjörn Bjarnason** — **Steinunn Björg Jónsdóttir**
**Valgerður Bjarnadóttir** — **Óskar Garðar Hallgrímsson**
**Róbert Árnason** — **Þórgunnur Þórarinsdóttir**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðbjörg Kristrún Guðmundsdóttir Roesel**

sem andaðist á Landspítalanum í Fossvogi 19. nóvember, verður jarðsungin frá Háteigskirkju föstudaginn 11. desember kl. 13.00. Blóm og kransar afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Mæðrastyrksnefnd eða Kvennaathvarfið.

**Roy Richard Roesel Jr.**
**Tamara Lísa Roesel** — **Michele Trappella**
**Nanna B. Benediktz** — **Guðmundur B. Stefánsson**
**Helgi Þór Guðmundsson** — **Kirstín Dóra Árnadóttir**
**Birgir Hlynur Guðmundsson og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Lárus Jónsson**

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 29. nóvember, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 11. desember kl. 13.00.

**Guðrún Jónsdóttir**
**Jón Ellert Lárusson** — **Sigrún Ásdís Gísladóttir**
**Hólmfríður Kristjánsdóttir**
**Marta Kristín Lárusdóttir** — **Guðmundur Valsson**
**Jónína Sigrún Lárusdóttir** — **Birgir Guðmundsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**

---



✝

Yndisleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jónína Halldóra Einarsdóttir**

Hvassaleiti 157, Reykjavík,

lést þann 1. desember á hjúkrunarheimilinu Eir, Reykjavík. Jarðarförin fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn 11. desember kl. 11.

**Rósamunda Gerður Bjarnadóttir**
**Guðrún Hildur Bjarnadóttir**
**Gísli Jón Bjarnason** — **Guðbjörg Aðalsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Okkar innilegustu þakkir færum við öllum þeim sem auðsýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Tryggva Þorsteinssonar**

læknis,

sem lést hinn 23. nóvember síðastliðinn.

**Hjördís Björnsdóttir**
**Guðjón Sch. Tryggvason** — **Sigrún Stefánsdóttir**
**Laufey Tryggvadóttir** — **Þorgeir S. Helgason**
**Hildur Tryggvadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Þorgerður Þorgeirsdóttir**

hússtjórnarkennari,

sem andaðist 27. nóvember síðastliðinn, verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju föstudaginn 11. desember kl. 15.

**Magnús Gíslason** — **Guðrún Halldórsdóttir**
**Rósa Gísladóttir** — **Þórhallur Eyþórsson**
**Gísli Magnússon**
**Vilborg Magnúsdóttir**
**Þorgerður Þórhallsdóttir**
**Helga Gunndís Þórhallsdóttir**
**Guðrún Sigríður Þórhallsdóttir**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Auður Brynjólfsdóttir**

lést þann 21. nóvember 2015 á Hjartadeild Landspítalans við Hringbraut. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Við þökkum starfsfólki hjúkrunarheimilisins Markar og Hjartadeildar Landspítalans fyrir umönnun og auðsýnda alúð og hlýju.

**Brynjólfur Björnsson** — **Unnur Svava Ágústsdóttir**
**Ásta Björk Solis** — **Joe Solis**
**Arna Björnsdóttir** — **Valur Geirsson**
**Ástrós Bryndís Björnsdóttir** — **Þorbergur Einarsson**
**börn og barnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.
Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

565 6000 / somi.is




# BAKKAÐU UPP VEISLUNA EÐA NÆSTA FUND

## JÓLABAKKI

JÓLA!



12 bitar
fyrir 5 manns

Hamborgarhryggur og kartöflusalat.
Jólasíldarsalat.
Dönsk lifrakæfa, sveppir og beikon.

**4.100 kr.**

## GAMLI GÓÐI



20 bitar
fyrir 5 manns

Hangikjöt, eggjasalat.
Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur.
Rækjusalat.

**3.680 kr.**

## EÐALBAKKI



20 bitar
fyrir 5 manns

Hangikjöt, lauksósa, salatmix.
Beikon, egg, steiktir ferskir sveppir.
Kjúklingur, rautt pestó, syrður rjómi, paprika, salatmix.

**3.680 kr.**

## LÚXUSBAKKI



20 bitar
fyrir 5 manns

Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa.
Kjúklingur, egg, lauksósa.
Reyktur lax, íssalat.

**3.680 kr.**

## PARTÝBAKKI



20 bitar
fyrir 5 manns

BBQ kjúklingur, bakaðar sætar kartöflur, spínat.
Fetaostur, rauðlaukur, spínat.
Heitreyktur lax, ferskt dill, spínat, lauksósa.

**4.100 kr.**

## VEISLUBAKKI



30 bitar
fyrir 5 manns

Reykt skinka, egg, íssalat.
Tikka masala kjúklingur, íssalat.
Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.

**4.100 kr.**

## ÁVAXTABAKKI



40 - 60 bitar
fyrir 5 - 8 manns

Vínber, melónur, ananas, appelsínur og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.

**2.800 kr.**

## DESERTBAKKI



50 bitar
fyrir 10 manns

Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi.
Kókostoppar með súkkulaði.

**2.270 kr.**

## KÖKUBAKKI



24 bitar
fyrir 10 manns

Súkkulaðikaka með mjúku súkkulaðikremi.
Gulrótarkaka með rjómaostakremi.
Eplakaka með kanilkeim.

**3.300 kr.**

Viltu bjóða upp á margréttaða óvissuferð á næsta fundi eða hafa spennandi hlaðborð í veislunni? Við bjóðum ferska og ljúffenga veislubakka með fjölbreyttum brauðréttum, tortillum, kökum og ávöxtum.

Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru 4 bakkar eða fleiri. Athugið að panta þarf bakkana eigi síðar en kl. 15:30 næsta virka dag fyrir afhendingu.

**Pantaðu í**
**síma 565 6000**
**eða á somi.is.**

SÓMI
Ferskt á hverjum degi

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Breytileg átt, víða 3-10 metrar á sekúndu í dag. Úrkomulítið víðast hvar, en norðlæg átt og snjókoma eða él norðantil á Vestfjörðum og á annesjum norðanlands seinnipartinn og í kvöld. Frost 0 til 8 stig, kaldast inn til landsins.

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 0° | -1° | -1° |
| ← 10 | ↙ 14 | ↙ 8 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -1° | -1° | -5° |
| ↓ 13 | ↘ 4 | ↙ 7 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -2° | -9° | -5° |
| ← 8 | ↑ 5 | ↗ 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -9° | -5° | -11° |
| ↘ 4 | ↘ 8 | → 3 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. faðmlag
6. slá
8. stefna
9. hylli
11. kallorð
12. samfokinn fönn
14. eftirsjá
16. fæddi
17. tæra
18. sæ
20. frá
21. atorka

**LÓÐRÉTT**
1. tilræði
3. komast
4. miðla
5. hlóðir
7. skilyrða
10. Skítur
13. frjó
15. heiti
16. þrá
19. org




**LÁRÉTT: 2.** knús, **6.** rá, **8.** átt, **9.** ást, **11.** hó, **12.** skafl, **14.** iðrun, **16.** ól, **17.** æta, **18.** sjó, **20.** af, **21.** kapp.
**LÓÐRÉTT: 1.** árás, **3.** ná, **4.** úthluta, **5.** stó, **7.** áskilja, **10.** tað, **13.** fræ, **15.** nafn, **16.** ósk, **19.** óp.

### Skák Gunnar Björnsson

Þröstur Árnason (2.248) átti leik gegn Benedikti Jónassyni (2.230) á Íslandsmóti skákfélaga sl. haust.



**Svartur á leik**

**34. … Re4!!** Glæsileg drottningarfórn. Hvítur reyndi **35. Bxe4 Dxb5 36. Hxe1** en laut í gras. **35. Dxe5 Rxf2+ 36. Kg1 Hxe5** er enn vonlausara.
**www.skak.is:** Jólamót Víkingaklúbbsins.

### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 5 | 3 | 8 | | 4 | | |
| 4 | | | | | | 7 | | |
| | | 7 | 9 | | | | 6 | |
| | | 8 | 7 | | 5 | 1 | | |
| 7 | | | 6 | | 1 | | | |
| 3 | 5 | | | 4 | 8 | | | 7 |
| | | 9 | | | 3 | | | 8 |
| | | | 5 | | | 3 | 1 | |
| | 4 | 3 | | 1 | | 9 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 8 | 7 | | | | |
| | | 2 | | 9 | | | 1 | 3 |
| | 7 | | 1 | | 5 | 8 | | |
| 7 | | 5 | | | | 4 | | 2 |
| | | | | | 1 | 5 | | 9 |
| | 2 | 4 | | | 7 | | | |
| 8 | | 7 | 4 | | | | 2 | |
| 1 | | | 5 | 3 | | | 8 | |
| | 5 | | | | 8 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 5 | | | 1 | |
| 8 | | | | | 9 | | | 5 |
| | | | 8 | | | 4 | 7 | |
| | | 5 | 2 | | | | | |
| 3 | | | | 4 | | 2 | | 1 |
| 4 | | 9 | | | | 6 | 8 | |
| | | | 7 | 9 | 5 | | | |
| | | | 1 | | 3 | | | |
| 9 | 7 | | | | 8 | | | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| w | 3 | 7 | 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 |
| 6 | 8 | 4 | 7 | 1 | 5 | 9 | 2 | 3 |
| 9 | 5 | 2 | 3 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 |
| 5 | 2 | 8 | 4 | 6 | 3 | 1 | 9 | 7 |
| 7 | 4 | 6 | 9 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 |
| 3 | 9 | 1 | 8 | 2 | 7 | 5 | 6 | 4 |
| 2 | 6 | 5 | 1 | 3 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 7 | 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 1 | 2 |
| 8 | 1 | 3 | 2 | 7 | 9 | 4 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 6 | 2 | 1 | 8 | 7 | 5 | 9 |
| 5 | 7 | 8 | 3 | 9 | 4 | 1 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 2 | 5 | 6 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 8 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 2 | 1 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 8 | 2 | 1 | 4 | 6 | 3 |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 9 | 7 | 8 |
| 2 | 8 | 1 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 4 | 2 |
| 4 | 9 | 5 | 7 | 3 | 2 | 6 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 7 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 1 | 5 | 2 | 8 | 6 | 4 | 3 | 9 |
| 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 |
| 3 | 4 | 1 | 6 | 2 | 5 | 9 | 7 | 8 |
| 9 | 5 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 6 | 3 |
| 2 | 6 | 8 | 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 4 |
| 1 | 3 | 4 | 8 | 6 | 2 | 5 | 9 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 |
| 6 | 7 | 2 | 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 1 |




## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# HARÐIR PAKKAR!




**Sölvasaga unglings**
Vildarverð: 3.899.-
Verð: 4.799.-




**The Amazing Book Is Not on Fire**
Vildarverð: 3.199.-
Verð: 3.999.-




**Dagbók Kidda klaufa - Besta ballið**
Vildarverð: 3.999.-
Verð: 4.899.-




**Carry On**
Vildarverð: 1.999.-
Verð: 2.499.-

25% vildarafsláttur




**Segulteiknibretti - Minions**
Vildarverð: 3.119.-
Verð: 4.159.-

25% vildarafsláttur




**Segulteiknibretti - Star Wars**
Vildarverð: 2.774.-
Verð: 3.699.-

25% vildarafsláttur




**Púslmotta fyrir 500 - 3000 púsl**
Vildarverð: 3.854.-
Verð: 5.139.-




**Heyrnartól - Maxell Play**
Verð: 6.999.-




**Fótboltaspil 51 x 31 x 10 cm**
Vildarverð: 7.499.-
Verð: 9.999.-

25% vildarafsláttur

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON




NÝ VERSLUN Í MJÓDDINNI

VIÐ PÖKKUM INN FYRIR ÞIG!

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildartilboð gilda frá 9. desember, til og með 13. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Ætla að fjalla um störfin sem ég er stoltastur af

**Farið verður lauslega yfir feril Trausta Valssonar, prófessors í skipulagsfræði, í Öskju síðdegis í dag og sjónum einkum beint að umhverfismálum. Fundurinn er á vegum Umhverfis-og skipulagsdeildar Háskóla Íslands. Hann er haldinn í tengslum við útgáfu bókarinnar Mótun framtíðar og er öllum opinn.**

Þetta verður lokaerindi mitt við skólann. Ég er að verða sjötugur og ætla að kveðja Umhverfis-og verkfræðideildina um áramótin samkvæmt landslögum,“ segir Trausti Valsson skipulagsfræðingur um fyrirlestur sem hann heldur í dag í stofu 132 í Öskju. Á eftir setjast í panel þau Birgir Jónsson dósent, Halldór Eyjólfsson, fyrrv. MS-stúdent Trausta, og Harpa Þórsdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands. Auk þess verða leyfðar spurningar úr sal. Fundarstjóri er Guðmundur Freyr Úlfarsson deildarstjóri.

Trausti kveðst ætla að fjalla um afmörkuð atriði úr sinni nýju bók sem nefnist Mótun framtíðar, einkum störfin sem hann sé stoltastur af. „Bókin er starfsævisaga, samantekt á því sem ég hef verið að fást við síðustu tuttugu og sjö ár, þó hún byrji á að lýsa fólkinu sem að mér stendur, uppvextinum og skólaárunum,“ segir hann.

Trausti var akkúrat með réttu menntunina, doktorspróf í umhverfisskipulagi, þegar hann kom heim frá námi í Bandaríkjunum 1987 og fékk því fljótlega starf við Umhverfis-og skipulagsdeild HÍ, fyrst sem dósent en fljótlega sem prófessor. „Verkfræðingarnir við deildina höfðu séð í blaðaviðtali að ég hefði þá þekkingu sem felst í því að rannsaka náttúruna til að geta aðlagað vegi, brýr, flugvelli, hafnir og byggð að henni. Það heitir á ensku Design with nature og var dálítið nýtt þá. Áður var yfirleitt byrjað á að fá jarðýtur til að slétta úr svæðum en lítil tilfinning var fyrir þeim verðmætum sem felast í landslaginu og að lagni þyrfti til að láta mannvirki falla að umhverfinu.“

> **ÚR BÓKINNI MÓTUN FRAMTÍÐAR**
>
> Ég var alltaf smíðandi og teiknandi og hafði þó sérstaklega gaman af að módelera. Snemma eignaðist ég olíuleir sem hægt var að móta aftur og aftur, og hafði mikla unun af að móta mannshausa úr leirnum. Svona hausa mótaði ég líka stundum í snjó úti í garði, á meðan hinir krakkarnir bjuggu til snjókarla með kolamola fyrir augu og gulrót sem nef.

Eftir inngönguna í EES byrjuðu Íslendingar að taka við tilskipununum frá Brussel. Ein þeirra var um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Það er grundvallarfag í dag og Trausti aftur í vissu lykilhlutverki innan sviðsins. Sér hann fyrir sér að bókin hans verði kannski kennslubók við deildina?

„Ég veit það ekki en mér finnst leiðinlegt að leggjast alveg í leti svo ég bjó til nýtt námskeið fyrir Endurmenntunarstofnun HÍ sem heitir Þróun hugmynda um skipulag og hönnun og byrjar eftir áramótin. Þessi nýja bók nýtist sem kennslubók þar.“

Fundurinn í Öskju stendur frá klukkan 15 til 16.30 og er öllum opinn. **gun@frettabladid.is**



**Skipulag með næmi gagnvart náttúrunni, samfélaginu og efnahagslegu umhverfi er sérgrein Trausta Valssonar.**
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


FUDGE Mættu og taktu númer

Rakarastofan Klapparstíg

S: 5513010





# Svona verður morðingi til

**BÆKUR**

**Líkvaka**

★★★★☆

**Höfundur:** Guðmundur S. Brynjólfsson
**Útgefandi:** Sæmundur
**Kápuhönnun:** Davíð Þór Guðlaugsson
**Prentun:** Svet Print
196 bls.

Mannvonskan birtist í óteljandi myndum í þessari voluðu veröld og það er hætt við að án hennar færi lítið fyrir bókmenntum. Þannig hafa illmenni bókmenntanna alla tíð heillað og laðað til sín lesendur ekki síður en hetjur og góðmenni. Í upphafi bókarinnar Líkvaka eftir Guðmund S. Brynjólfsson vísar höfundur til orða W. Somerset Maugham um þrjóta í skáldsögum sem segir meðal annars: „Þegar höfundurinn er að klæða sögupersónu sína af holdi og blóði, er hann um leið að glæða lífi þann þátt af sjálfum sér, sem ekki getur birzt á annan hátt. Sköpunargleði hans er áþekkust því, sem fargi sé létt af honum.“ Og samkvæmt þessum orðum hlýtur gríðarlegu fargi að vera létt af höfundi Líkvöku.

Mannvonskan, grimmdin og hryllingurinn er að mörgu leyti alls ráðandi en þannig er það líka víða í samfélagi manna og það sem Guðmundi tekst einkar vel upp við að draga fram er hvernig eitt leiðir af öðru í þessari sköpunarsögu morðingja frá barnsaldri til verknaðar. Hér er illska hvorki sjálfsprottið afl né eðlislægt ástand heldur samfélagslegt og kennt fyrirbæri.

Líkvaka hefst á því að morðingi situr, eða öllu heldur liggur, yfir líki manneskju sem hann myrti. Þaðan streymir til lesandans rödd sögumannsins Engilberts sem talar án afláts og þrátt fyrir allt mótlætið í lífinu eða eins og hann segir sjálfur og gamli sveitapresturinn kenndi honum: „Það er gott að tala.“ Sögumaður rifjar upp martraðakennda æsku, uppfulla af illsku og ofbeldi fullorðna fólksins og rekur áfram ævi sína fram til þeirrar stundar þar sem sagan hefst. Einföld hringrás og skýr atburðarás þar sem eitt leiðir af öðru og lesandinn öðlast bæði samúð og samkennd með geðveikum morðingja með sundurtætta sál af illsku heimsins.

Guðmundur S. Brynjólfsson er fantagóður og lipur penni. Stíllinn er þéttur og afdráttarlaus og fellur ákaflega vel að persónu sögumanns sem er í senn vel gefinn en stórskemmdur einstaklingur en fyrst og síðast afsprengi ofbeldisfulls samfélags. Kaflarnir eru stuttir og viðburðaríkir sem gefur sterka tilfinningu fyrir takmarkaðri einbeitingu sögumanns ásamt þunga þess sem lýst er hverju sinni hversu erfitt er að dvelja við slíkar minningar. Þrátt fyrir þessa knöppu nálgun tekst Guðmundi vel að láta sögumann draga upp skýra mynd af persónum sem snerta líf hans með einum eða öðrum hætti og sérstaklega eftirminnilegar eru lýsingar á sveitaprestinum og konu hans. Guðmundur er greinilega á heimavelli þegar hann lýsir góðu fólki í litlu þorpi úti á landi.




Með því að láta hinn brotna og skemmda Engilbert segja söguna kemst Guðmundur líka burt frá öllum samtímalegum rétttrúnaði þar sem sögumaður getur leyft sér að láta gamminn geisa þvert á viðteknar skoðanir og lífssýnir samfélags sem telur sig umburðarlynt en fellir þó oft þunga dóma yfir þeim sem standa utan garðs. Þar nýtur dálítið gamaldags og illkvittinn húmor Guðmundar sín vel í laumulegum setningum sem sögumaður eins og rétt missir út úr sér á óvæntustu stöðum.

Líkvaka býr yfir slíkum óhugnaði að rétt er að vara viðkvæmar sálir við lestri bókarinnar. Vandi Líkvöku er helst að óhugnaðurinn verður eftir því sem á líður helst til leiðigjarn og þvingaður. Því hefði betur farið að láta hringnum lokið öllu fyrr því innan verksins er að finna forvitnilegar pælingar um eðli mannsins, mannlífsins, guðdóminn og almennt siðferði. Eitthvað sem á alltaf erindi á meðan illsku er að finna í heiminum og á henni er því miður víst enginn skortur.

**Magnús Guðmundsson**

**NIÐURSTAÐA:** Óhugnanleg en vel skrifuð bók sem snertir á mörgum samfélagsmeinum og dregur upp áhrifaríka lýsingu á skepnuskap mannsins.

# NÝ GLÆPASAGNA-DROTTNING

„Virkilega hressandi lesning.“
FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / FRÉTTATÍMINN

„Hröð og óvænt … hvergi dauður punktur, það var ekki nokkur leið að hætta. Frábær spennusaga.“
GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / VIKAN






„… áhugaverð spennusaga með tilfinningalegri dýpt.“
ÁSTA KRISTÍN BENEDIKTSDÓTTIR / HUGRÁS

„… sterk flétta er borin uppi af stórgóðri frásagnartækni höfundar.“
SÓLVEIG ÁSTA SIGURÐARDÓTTIR / DV

„… blússandi spenna frá upphafi til enda.“
VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR

„Við gætum eignast nýja glæpasagnadrottningu.“
TINNA EIRÍKSDÓTTIR / SIRKÚSTJALDIÐ

„… spennandi saga um venjulegt fólk í óvenjulegum aðstæðum.“
KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
ÞAÐ MARGBORGAR SIG




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| IN THE HEART OF THE SEA 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| IN THE HEART OF THE SEA 2D VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| IN THE HEART OF THE SEA 3D ÓTEXTUÐ | KL. 9 |
| SURVIVOR | KL. 8 - 10:10 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 3D | KL. 6:30 |
| THE GOOD DINOSAUR ENSKT TAL 2D | KL. 5:50 - 8 |
| SOLACE | KL. 8 - 10:40 |
| PAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |
| EVEREST 2D | KL. 10:10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| IN THE HEART OF THE SEA 2D | KL. 8 - 10:40 |
| KRAMPUS | KL. 8 |
| HUNGER GAMES 2D | KL. 10:20 |

SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| IN THE HEART OF THE SEA 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:35 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| SOLACE | KL. 5:40 - 8 |
| SPECTRE | KL. 6 - 8 - 9 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 10:20 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| IN THE HEART OF THE SEA 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| SURVIVOR | KL. 8 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |
| SPECTRE | KL. 5:20 - 8:30 - 10:20 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| IN THE HEART OF THE SEA 2D | KL. 8 - 10:40 |
| SURVIVOR | KL. 8 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 |
| THE GOOD DINOSAUR ENSKT TAL 2D | KL. 5:50 |
| SOLACE | KL. 10:10 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| KRAMPUS | 5:45, 8, 10:45 |
| HUNGER GAMES 4 | 5:15, 8, 10:10 |
| THE NIGHT BEFORE | 8, 10:10 |
| GÓÐA RISAEÐLAN | 5:15 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

## 9. DESEMBER 2015

### Bókmenntir

**Hvað?** Jólafundur bókmenntahóps U3A
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Félagsmiðstöðin ,Hæðargarði 31
Þetta er jólafundur og í tilefni af því er Jórunn Sigurðardóttir útvarpsmaður gestur kvöldsins. Rætt um bækur ársins, jólabækurnar og verðlaun í bókmenntaheiminum. Allir velkomnir. Aðgangseyrir er 500 krónur.

**Hvað?** Höfundakvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kex Hostel – Gym&Tonic Salurinn
Undanfarnar vikur hafa farið fram höfundakvöld í Gunnarshúsi, húsi Rithöfundasambands Íslands, þar sem skáld koma fram, spjalla um og lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum. Það er húsráð Gunnarshúss sem skipuleggur höfundakvöldin, en svo vill til að allir meðlimir húsráðsins, þau Bryndís Björgvinsdóttir, Hallgrímur Helgason, Kristín Svava Tómasdóttir og Þórdís Gísladóttir, sendu einnig frá sér nýjar bækur í haust. Þau blása nú til höfundakvölds utanhúss, með fulltingi Marteins Sindra Jónssonar tónlistarmanns. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.


Bryndís Björgvinsdóttir

### Handverk

**Hvað?** Kertaljós og klæðin rauð
**Hvenær?** 9.00
**Hvar?** Aðalstræti 10
Við Aðalstræti 10 stendur elsta hús Reykjavíkur og þar er mikil jólastemning um þessar mundir, þar sem sýningin Kertaljós og klæðin rauð, þar sem handverk og hönnun er í hávegum haft. Eru sýnendur m.a. Bjarni Viðar Sigurðsson, Guðný M. Magnúsdóttir, Inga Elín, Margrét Jónsdóttir og Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir. Þórdís Jónsdóttir og Philippe Ricart sýna handofið teppi en einnig er á sýningunni Sindrastóllinn í selskinni frá GÁ húsgögnum (hönnun Ásgeirs Einarssonar) og stólinn „Heimalningur“ sem byggir á gamalli íslenskri hönnun og er nú framleiddur af Bólstursmiðjunni. Sýningin er opin alla daga vikunnar.

### Tónlist

**Hvað?** Kúnstpása – Ópera á aðventu!
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Norðurljós, Hörpu
Andri Björn Róbertsson bassbaritón kemur fram ásamt píanóleikaranum Janet Haney. Miðaverð er 1.500 krónur.


Hera Björk

**Hvað?** Hátíð í bæ
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Iða – Íþróttahús FSu á Selfossi.
Níundu jólatónleikarnir „Hátíð í bæ“ fara fram í kvöld og verður vart þverfótað fyrir hæfileikaríku tónlistarfólki sem færir gestum jólastemningu beint í æð. Fram koma þau Karítas Harpa Davíðsdóttir, Karlakór Selfoss, Hera Björk Þórhallsdóttir, Labbi, Söngtríóið Iðunn, Margrét og Bergþóra, Sönghópurinn Harmony, stórbassinn Davíð Ólafsson og tenórinn Stefán Íslandi yngri, söngdúettinn Bessi og Dísa og Barnakór Hvolsskóla. Undirleik annast Tríó Vignis Þórs Stefánssonar. Sigþrúður Harðardóttir er kynnir. Miðasala á midi.is


Kvennakór Garðabæjar efnir til sinna árlegu aðventutónleika í Digraneskirkju í kvöld klukkan 20.00.

**Hvað?** Aðventutónleikar Flugfreyjukórs Icelandair 2015
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Háteigskirkja
Flugfreyjukórinn mun skapa innilega jólastund í kirkjunni í kvöld og eru allir velkomnir. Aðangur ókeypis.

**Hvað?** SVIN (DK) / Kælan mikla / Xheart á Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Bandið SVIN, frá Danmörku stígur á svið í Húrra í kvöld ásamt íslensku böndunum Kælunni miklu og Xheart. Miðaverð 1.000 krónur.

**Hvað?** Aðventutónleikar Kvennakórs Garðabæjar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Digraneskirkja
Árlegir aðventutónleikar kvennakórsins. Efnisskráin er fjölbreytt með íslenskum og erlendum jólalögum og sérstakur gestur verður óbóleikarinn Peter Tompkins, píanóleikari er Sólveig Anna Jónsdóttir og kórstjóri Ingibjörg Guðjónsdóttir. Að tónleikum loknum er gestum boðið að þiggja kaffi og heimabakaðar jólasmákökur. Miðaverð við inngang er 3.000 krónur.

**Hvað?** Múlinn Jazzklúbbur: Sigurður Flosason og Stefan Bauer
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Björtuloft, Hörpu
Saxófónleikarinn Sigurður Flosason og víbrafónleikarinn Stefan Bauer leika eigin dúóútgáfur af þekktum djassstandördum. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Jólatónleikar Borgardætra
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Hinir árlegu jólatónleikar Borgardætra á Rosenberg fara fram í kvöld og er efnisskráin þéttpökkuð af jólalögum úr ýmsum áttum. Miðasala á midid.is

**Hvað?** Trúbadorinn Siggi Þorbergs
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** American bar

**Hvað?** Dj De La Rosa
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Prikið

**Hvað?** Dj Jésús
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Big Lebowski

**Hvað?** Dj John BRNLV
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Kaffibarinn

**Hvað?** Trúbadorarnir Ellert og Roland
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** English Pub

### Önnur afþreying

**Hvað?** Fljótandi gongslökun á aðventunni
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Salalaug, Kópavogi
Arnbjörg Kristín Konráðsdóttir jógakennari mætir með gongið í laugina í kvöld og býður gestum að fljóta og njóta undir tónum gongsins. Flotbúnaður verður á staðnum og hægt að fá lánað. Aðgangur er ókeypis, en greiða þarf ofan í sundlaugina.

**Hvað?** Bjórakademían
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Bryggjan Brugghús
Bryggjan Brugghús býður upp á bjórskóla fyrir áhugasama í samstarfi við Bjórakademíuna þar sem einstaklingar og hópar geta verið með og náð sér í bæði skemmtun og fróðleik umvafin öllu því besta sem nútíma bjórmenning hefur upp á að bjóða. Steinn Stefánsson er meðal kennara.

**Hvað?** Stjörnur og stríð pub quiz
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Stofan, Vesturgötu 3
Þemað í kvöld verður Stjörnur og stríð – Star Wars, sólstjörnur, Hollywood-stjörnur, heimsstyrjaldir, þjóðarmorð, endaþarmsop og allt annað sem kallast gæti stjarna eða stríð. Aðgangur ókeypis.

### Uppistand

**Hvað? Jólauppistand**
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Íslenski rokkbarinn
Árlegt jólauppistand Uppistand.is er farið af stað og munu þau Jón Víðis töframaður, Jonathan Duffy, Sigurður Anton og Elva Dögg sjá um að grínast í kvöld. Aðgangseyrir 1.000 krónur.

### Leiklist

**Hvað?** Frumsýning The Most Wonderful Time of The Year
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Bæjarbíó, Hafnarfirði
The Most Wonderful Time of The Year er nýtt verk um hefðir og sögur sem tengjast jólunum á Íslandi og er það samið með það í huga að færa sögurnar nær nútímanum. Grýla, jólasveinarnir og blessuð börnin stíga á svið í nýju jólaleikriti í Bæjarbíói Hafnarfirði. Er leikritið hugsað fyrir erlenda ferðamenn til að kynnast hefðum Íslendinga betur, og fer því fram á ensku. Miðaverð er 2.500 krónur.

### Málþing

**Hvað?** Suðupotturinn Ísland. Hvernig byggjum við fordómalaust samfélag?
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Ráðhús Reykjavíkur
Rauði krossinn á Íslandi, í samstarfi við lyfjafyrirtækið Alvogen, býður til málþings í dag þar sem verða flutt stutt erindi um íslenska sjálfsmynd, umburðarlyndi og framtíð íslensks samfélags án aðgreiningar og fordóma. Munu Goddur, Anna Lára Steindal, Susan Rafik Hama, Helgi Hrafn Gunnarsson og Áshildur Linnet taka til máls. Eva María Jónsdóttir er fundarstjóri og eru allir velkomnir.



BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | | | |
|---|---|---|---|
| Macbeth | 17:45 | Virgin Mountain ENG SUB | 20:00 |
| Dheepan | 17:45 | Valley of Love | 22:00 |
| Sparrows / Þrestir ENG SUB | 18:00 | Glænýja Testamentið | 22:00 |
| 45 years | 20:00 | Rams / Hrútar ENG SUB | 22:00 |
| The Program | 20:00 | | |



# METSÖLUBÆKUR Í 22 ÁR

1. SÆTI
ALMENNT EFNI






Útkallsbækur Óttars Sveinssonar hafa verið eitt vinsælasta lesefni Íslendinga í tvo áratugi. Spennuþrungnar frásagnir úr íslenskum veruleika. Í þessari bók er lýst ótrúlegri samkennd, fórnfýsi og þrautseigju íslenskra sjómanna á úrslitastundu. Um hver jól grúfa þúsundir Íslendinga sig yfir Útkallsbækurnar og leggja þær ekki frá sér fyrr en að lestri loknum.

Hér er sagt frá því er á þriðja hundrað íslenskir togarsjómenn horfast í augu við dauðann á Nýfundnalandsmiðum í febrúar 1959. Eitthvert allra versta sjóveður sem Íslendingar hafa lent í á öldinni. Skipin eru hlaðin stórhættulegri ísingu. Togarans Júlí frá Hafnarfirði er saknað með 30 mönnum. Fulllestaður liggur Þorkell Máni frá Reykjavík á hliðinni í sjó sem er mínus tvær gráður og ölduhæð á við átta hæða hús.

Einnig er barist upp á líf og dauða um borð í Harðbak, Júní, Marz, Norðlendingi, Bjarna riddara og fleiri togurum. Stöðugt gefur yfir togarana í bítandi brunagaddinum - spáin er vond: áframhaldandi ofviðri, hamfarasjór og 10 stiga frost. Tilkynnig frá danska „Titanic“, Hans Hedtoft: „SOS, við sökkvum“. Gerpir frá Neskaupstað heldur til móts við skipið.

Útkall ehf. Sundaborg 9, 104 Reykjavík sími 562 2600 - www.utkallbokautgafa.is



2 | 19:50
**HEIMSÓKN**
Hún rekur eitt glæsilegasta og notalegasta hótel landsins, Hótel Egilsen í Stykkishólmi og setur upp jólaskreytingarnar í október. Sindri tekur hús á Grétu Sigurðardóttur í Heimsókn í kvöld.

FRÁBÆR
**MIÐVIKUDAGUR**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365



2 | 20:20
**COVERT AFFAIR**
Skemmtileg þáttaröð um CIA fulltrúana Annie og Auggie og flókið samband þeirra innan og utan vinnunar.




2 | 21:05
**FLESH AND BONES**
Claire er ungur og hæfileikaríkur dansari í New York. Hún lifir og hrærist í kröfuhörðum dansheiminum og á ekki alltaf sjö dagana sæla.



2 | 21:55
**CATASTROPHE**
Önnur þáttaröðin um hinn ameríska Rob og hina írsku Sharon sem hófu kynni sín á skemmtistað í London og upp frá því réðust örlög þeirra.




G | 21:30
**KLOVN**
Félagarnir Frank og Casper lenda í ótrúlegum ævintýrum sem oft á tíðum eru meira en lítið neyðarleg.



3 | 20:20
**MAYDAY: DISASTERS**
Vandaðir heimildaþættir sem fjalla um flugslys, flugrán og aðrar hættur sem hafa komið upp í háloftunum.



Krakka stöðin | 18:00
**DÓRA LANDKÖNNUÐUR**
Dóra landkönnuður, Klossi og félagar fara í ævintýralegan leiðangur og leysa skemmtilegar þrautir og verkefni á leiðinni.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.01** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu
**07.10** Lína Langsokkur
**07.35** Big Time Rush
**08.00** The Middle
**08.25** Anger Management
**08.50** Friends With Better Lives
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Spurningabomban
**11.05** Sullivan & Son
**11.30** Jamie's Family Christmas
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Nashville
**13.45** Nashville
**14.30** Big Time Rush
**14.55** White Collar
**15.45** Project Greenlight
**16.15** Bara grín
**16.40** Raising Hope
**17.05** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu
**17.15** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag
**19.20** Víkingalottó
**19.25** Mindy Project
**19.50** Heimsókn
**20.20** Covert Affairs
**21.05** Flesh and Bone Dramatískir þættir um Claire sem er ungur og hæfileikaríkur dansari í New York. Hún lifir og hrærist í kröfuhörðum dansheiminum og á ekki alltaf sjö dagana sæla.
**21.55** Catastrophe
**22.25** Bones 10
**23.10** NCIS
**23.55** Stalker
**00.40** Flypaper
**02.05** 30 Minutes or Less
**03.25** Falling Down
**05.15** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

**08.25** Meistaradeildarmörkin
**09.00** Meistaradeildarmörkin
**09.35** Hellas Verona - Empoli
**11.15** Ítölsku mörkin
**11.40** PSV Eindhoven - CSKA Moskva
**13.25** Real Madrid - Malmö
**15.10** Man. City - Borussia M'gladbach
**16.55** Wolfsburg - Man. Utd.
**18.40** Meistaradeildarmörkin
**19.15** Meistaradeildarkvöld
**19.40** Olympiakos - Arsenal BEINT
**21.45** Meistaradeildarmörkin
**22.30** Chelsea - Porto
**00.20** Bayer Leverkusen - Barcelona

## SPORT 2

**11.30** Premier League Review
**12.25** Arsenal - Sunderland
**14.10** Football League Show
**14.40** Swansea - Leicester
**16.20** Messan
**17.35** Stoke - Man. City
**19.20** Watford - Norwich
**21.05** Premier League World
**21.35** Manstu
**22.10** Southampton - Liverpool
**23.50** PL Classic Matches. Arsenal - Chelsea, 1996

## GOLFSTÖÐIN

**08.20** PGA Tour
**13.20** Golfing World
**14.10** PGA Tour
**19.10** Golfing World
**20.00** Samsung Unglingaeinvígið
**20.55** PGA Tour 2015 - Highlights
**21.50** World Golf Championship

## STÖÐ 3

**18.00** Clipped
**18.25** Sullivan & Son
**18.45** Top 20 Funniest
**19.30** Ground Floor
**19.55** Schitt's Creek
**20.20** Mayday. Disasters
**21.05** Last Ship
**21.50** The Last Man on Earth
**22.15** Discovery Atlas
**00.00** Gotham
**00.45** Ground Floor
**01.10** Schitt's Creek
**01.30** Mayday. Disasters
**02.20** Last Ship
**03.00** The Last Man on Earth
**03.25** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Rasmus Klumpur
**07.55** UKI
**08.00** Ævintýri Tinna
**08.23** Ofurhundurinn Krypto
**08.47** Hvellur keppnisbíll
**09.00** Lína Langsokkur
**09.25** Ljóti andarunginn og ég
**09.47** Ævintýraferðin
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.45** Doddi litli og Eyrnastór
**10.55** Tommi og Jenni
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Rasmus Klumpur
**11.55** UKI
**12.00** Ævintýri Tinna
**12.23** Ofurhundurinn Krypto
**12.47** Hvellur keppnisbíll
**13.00** Lína Langsokkur
**13.25** Ljóti andarunginn og ég
**13.47** Ævintýraferðin
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.45** Doddi litli og Eyrnastór
**14.55** Tommi og Jenni
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Rasmus Klumpur
**15.55** UKI
**16.00** Ævintýri Tinna
**16.23** Ofurhundurinn Krypto
**16.47** Hvellur keppnisbíll
**17.00** Lína Langsokkur
**17.25** Ljóti andarunginn og ég
**17.47** Ævintýraferðin
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.45** Doddi litli og Eyrnastór
**18.55** Tommi og Jenni
**19.00** Hvíti Kóalabjörninn



Svampur Sveinsson, kl. 07.24, 11.24 og 15.24

## GULLSTÖÐIN

**18.20** The Big Bang Theory
**18.45** Friends
**19.10** Modern Family
**19.30** New Girl
**19.55** Frikki Dór og félagar
**20.20** Tekinn 2
**20.45** Chuck
**21.30** Klovn
**22.00** Cold Case
**22.50** Cold Feet
**23.40** Broadchurch
**00.30** The Sopranos
**01.20** Frikki Dór og félagar
**01.40** Tekinn 2
**02.10** Chuck
**02.50** Klovn
**03.15** Cold Case
**04.00** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**12.00** Battle of the Year
**13.50** Last Chance Harvey
**15.25** Black Nativity
**17.00** Battle of the Year Skemmtileg mynd frá 2013 þar sem dansinn er allsráðandi. Stærsta danskeppni ársins er framundan þar sem götudansarar frá öllum heimshornum berjast um sigurinn.
**18.50** Last Chance Harvey
**20.25** Black Nativity
**22.00** Peep World Fjölskyldan hittist einu sinni á ári til að fagna afmæli fjölskylduföðurins. Systkinin fjögur eru öll komin af léttasta skeiði og hefur gengið brösulega að láta drauma sína rætast í lífinu. Öll nema Nathan sem nýverið skrifaði vinsæla skáldsögu byggða á lífi fjölskyldunnar.
**23.20** Lockout
**01.00** Malavita
**02.50** Peep World

## RÚV

**15.50** Disneystundin
**15.51** Finnbogi og Felix
**16.10** Sígildar teiknimyndir
**16.18** Finni kostur
**16.40** Tímaflakkið
**17.05** Geðveik jól - lögin
**17.15** Landinn
**17.40** Táknmálsfréttir
**17.50** KrakkaRÚV
**17.51** Hæ Sámur
**18.00** Jól í Snædal
**18.25** Tímaflakkið
**18.50** Krakkafréttir
**18.55** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.10** Á götunni – Í aðdraganda jólanna
**20.45** Kiljan
**21.30** Dagbók læknis
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Geðveik jól - lögin
**22.30** Tíu milljarðar
**23.55** Flóttafólkið
**00.50** Kastljós
**01.20** Fréttir
**01.35** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Kitchen Nightmares
**09.50** Secret Street Crew
**10.40** Pepsi MAX tónlist
**13.30** Cheers
**13.55** Dr. Phil
**14.35** Black-ish
**15.00** The Good Wife
**15.45** America's Next Top Model
**16.25** Solsidan
**16.45** Life in Pieces
**17.05** Grandfathered
**17.30** The Grinder
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Late Late Show
**19.50** The Millers
**20.15** Survivor
**21.00** Code Black
**21.45** Quantico
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Agent Carter
**00.35** Agents of S.H.I.E.L.D.
**01.20** Zoo
**02.05** Code Black
**02.50** Quantico
**03.35** The Tonight Show
**04.15** The Late Late Show
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




FYLGSTU MEÐ **MEISTARA-DEILDINNI** Í KVÖLD

**NÝ ÞJÓNUSTA Á ÍSLANDI**

# NÚ GETUR ÞÚ BORGAÐ FYRIR EINA BEINA



*Þeir sem hafa gagnvirkt sjónvarp 365, Símans og Vodafone geta nú greitt fyrir staka leiki í Meistaradeild Evrópu. Um er að ræða spennandi nýjung og hægt verður að kaupa beinar útsendingar kvöldsins í Meistaradeildinni.*

**Leikir kvöldsins**

Kl. 19:30 **Valencia–Lyon**
Kl. 19:30 **Chelsea–Porto**
Kl. 19:30 **Bayer Leverkusen–Barcelona**
Kl. 19:30 **Olympiakos–Arsenal**

365 Síminn vodafone

365.is | Sími 1817

# Stefna á markaðssetningu í útlöndum

North Limited hlaut á dögunum silfurverðlaun fyrir borðin **Berg** frá Færið og kertastjakann **Keili** frá Guðrúnu Vald.

Borðin Berg frá merkinu Færið og kertastjakinn Keilir frá Guðrúnu Vald hlutu á dögunum silfurverðlaun á vegum Design 100 í flokknum Emerging Brands. Einnig var bás þeirra valinn sem einn af þeim áhugaverðustu á sýningunni af Architonic eftir að verk þeirra voru sýnd á hönnunarsýningunni 100% London, sem er ein stærsta hönnunarsýning Englands.

Guðrún Vald, Þórunn Hannesdóttir, sem á merkið Færið, og Sigríður Hjaltdal Pálsdóttur, sem á Bybibi, sýna verk sín saman undir nafninu North Limited. Merkin eru þó aðskilin og með ólíkar vörulínur en deila markaðsmálum, tengslaneti og dreifingu á vörum erlendis.

„Við tókum þátt í hönnunarsýningu í september í London sem heitir 100% London og er hluti af London Design Week. Þar hittum við tvo fulltrúa sýningarinnar sem spjölluðu heilmikið við okkur og sögðust ætla að tilnefna þessi tvö verk til verðlaunanna,“ segir Guðrún Vald og bætir við að hún hafi ekki búist við að úr yrði. Design 100 eru ástrílsk verðlaun og ferðast fulltrúar þeirra á milli hönnunarsýninga og verðlauna framúrskarandi hönnun. „Ég man þegar þeir komu og töluðu við okkur og ég hugsaði bara: Já, einmitt. Flott. Ekki það að ég trýði þeim ekki en ég bara einhvern veginn pældi ekki mikið í því og gerði ekki mikið úr þessu í höfðinu á mér,“ segir Guðrún og hlær.

**ÉG MAN ÞEGAR ÞEIR KOMU OG TÖLUÐU VIÐ OKKUR OG ÉG HUGSAÐI BARA: JÁ, EINMITT. FLOTT. EKKI ÞAÐ AÐ ÉG TRYÐI ÞEIM EKKI EN ÉG BARA EINHVERN VEGINN PÆLDI EKKI MIKIÐ Í ÞVÍ OG GERÐI EKKI MIKIÐ ÚR ÞESSU Í HÖFÐINU Á MÉR.**

Á mánudaginn fór verðlaunaafhendingin fram í Hönnunarmiðstöð Íslands þar sem eigandi Design 100, Mark Bergin, kom sérstaklega til landsins til þess að afhenda verðlaunin.

Guðrún er að vonum ánægð með verðlaunin og segir þær fyrst og síðast gera sér vonir um að þau veiti þeim byr undir báða vængi þegar kemur að markaðssetningu erlendis, en þangað er stefnan sett. „Þetta verður vonandi til þess að við fáum enn meiri umfjöllun erlendis, það auðveldar markaðssetninguna í London sem er náttúrulega það sem við erum að reyna að gera,“ segir hún og bætir við að North Limited stefni á að halda aftur út á 100% London á næsta ári.

gydaloa@frettabladid.is




Guðrún Valdimarsdóttir og Þórunn Hannesdóttir eru að vonum ánægðar með verðlaunin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




SÖLUAÐILAR

Reykjavík: Gilbert úrsmiður Laugavegi 62 s: 551-4100 | Gullúrið Mjódd s: 587-4100 | GÞ skartgripir og úr Bankastræti 12 s: 551-4007 Meba Kringlunni s: 553-1199 | Meba - Rhodium Smáralind s: 555-7711 | Michelsen Úrsmiðir Kringlunni s:511-1900 | Rhodium Kringlunni s: 553-1150 | Jón Sigmundsson skartgripaverslun Laugavegi 5 s: 551-3383 | Úra- og skartgripaverslun Heide Glæsibæ s: 581-3665 | Hafnarfjörður: Úr & Gull Firði-Miðbæ Hafnarfjarðar s: 565-4666 | Keflavík: Georg V. Hannah, úrsmiður Hafnargötu 49 s: 421-5757 | Akureyri: Halldór Ólafsson úrsmiður Glerártorgi s: 462-2509 | Akranes: Guðmundur B. Hannah, úrsmiður Suðurgötu 65 s: 431-1458 | Egilsstaðir: Klassík Selási 1 s:471-1886 | Selfoss: Karl R. Guðmundsson, úrsmiður Austurvegi 11 s: 482-1433 | Vestmannaeyjar: Geisli Hilmisgötu 4 s: 481-3333

Hér má sjá borðin Berg og kertastjakann Keili.




3 vikur til jóla
Jólatilboð 3.– 9. desember
Kaupauki fylgir með ef þú verslar fyrir 7.900 kr. eða meira í verslunum og vefverslun Bláa Lónsins 3. til 9. desember.
nýtt
Gifts of Nature
Ísköld þrenna
BLUE LAGOON
ICELAND

ÞAÐ SKRIFAR ENGINN EINS OG BRAGI

„... í söguheimi Braga er ávallt stutt í gráglettinn og góðlátlegan húmorinn ... skemmtilega skrítinn húmoristi.“

Magnús Guðmundsson / *Fréttablaðið*

„Knöpp og stórskemmtileg skáldsaga ... afrek snjalls höfundar að segja frá ... á svo forvitnilegan hátt.“

Einar Falur Ingólfsson / *Morgunblaðið*




„Venjulegir hlutir verða mjög skrýtnir hjá Braga og skrýtnir hlutir verða mjög venjulegir ... Undirfurðulegur húmor.“

Egill Helgason / *Kiljan*

„Bragi tekur mann í skemmtilegan leik.“

Sigurður G. Valgeirsson / *Kiljan*

„... fyndin bók og furðuleg ... sniðug á svo margan hátt ...“

Ingi Freyr Vilhjálmsson / *Stundin*

*www.forlagid.is* | *Bókabúð Forlagsins* | *Fiskislóð 39*




# Kemur með sautján ára undrabarn með sér

RA The Rugged Man lýsir tónleikum Gunnars Nelson á risatjaldi, á milli þess sem hann rappar. Kemur fram með ungum rappara sem á áhugaverða sögu.

Rapparinn RA The Rugged Man er væntanlegur til landsins og mun troða upp um helgina í Iðnó. Ferill hans er mjög forvitnilegur, því þrátt fyrir að hafa verið að síðan 1992, hafa eingöngu tvær breiðskífur hans verið gefnar út. Hann hefur nokkrum sinnum staðið í deilum við plötufyrirtækin sín. Þrátt fyrir það hefur hann unnið með mörgum af þekktustu mönnum rappsenunnar, á borð við Notorious B.I.G., DJ Premier og Mobb Deep.

RA tekur ungan rappara með sér, hinn 17 ára A-F-R-O, en þeir kynntust í gegnum rappkeppni sem RA hélt í gegnum netið. Hann ákvað þá að taka þennan strák, sem hann telur vera undrabarn, með sér í tónleikaferðalag og kynnti hann fyrir goðsögnum rappheimsins. Auk þess að rappa mun RA the Rugged Man lýsa bardaga Gunnars Nelson, sem verður varpað upp á risaskjá á meðan hlé verður gert á tónleikunum.

**Afturhvarf til fortíðar**

Þeir RA the Rugged Man og A-F-R-O sameinast í ást sinni á fortíð rappsins. Þeir leggja mikið upp úr flóknum röðum rímorða og hröðu flæði og telja gullöld rappsins hafa verið fyrir um tveimur eða þremur áratugum. RA segir það alltaf koma sér jafn mikið á óvart að ungur strákur eins og A-F-R-O hafi verið jafn djúpt sokkinn í eldgamla rappara og raun ber vitni.

RA heyrði A-F-R-O fyrst rappa í gegnum netið og heillaðist strax. Rappkeppninni sem RA hélt var í raun lokið samstundis, eftir að A-F-R-O skilaði sínu framlagi inn. RA lýsti hann strax sigurvegara og flaug með hann til New York til þess að hitta menn á borð við upptökustjórann og taktsmiðinn DJ Premier. A-F-R-O segir að fyrir ungan strák, sem hafi alist upp við að hlusta á gamalt hiphop, hafi þetta verið eins og í draumi.

**Frjálst flæði**

A-F-R-O er þekktur fyrir frjálst flæði, eða freestyle, eins og það kallast á ensku, sem snýst um að spinna rímur á staðnum. Hann hefur meðal annars komið fram í spjallþætti Queen Latifah, þar sem hann rappaði um allskyns hluti sem hún var með í kassanum sínum. RA The Rugged men er mjög hrifinn af þessum unga rappara, bæði tækni hans og líkamlegum hæfileikum. „Margir af röppurunum í dag eru mjóróma. En þessi strákur – hann er með djúpa rödd, fulla af bassa. Og hann hendir fólki hreinlega til með röddinni. Svo getur hann rappað hraðar en nokkur annar,“ útskýrir reynsluboltinn.

**Lýsir bardaganum**

Sama kvöld og tónleikarnir fara fram mun Gunnar Nelson fara í búrið og taka þátt í einum stærsta viðburði í sögu UFC. Bardaginn verður sýndur í beinni útsendingu og er ljóst að landsmenn munu hafa mikinn áhuga á honum. Til þess að enginn missi af neinu, verður gert hlé á tónleikunum á meðan Gunnar berst og mun RA lýsa bardaganum af sviðinu. RA er þekktur áhugamaður um bardaga og mun leyfa rappþyrstum áhorfendum að njóta vitneskju sinnar um bardagaíþróttir. Tónleikarnir verða í Iðnó á laugardaginn og hefjast klukkan 21 og standa fram eftir nóttu. Með RA The Rugged Man og A-F-R-O kemur bandaríski rapparinn Mr. Green fram. Auk þeirra kemur fram fjöldi af íslenskum röppurum og hljómsveitum, meðal annars Class B, 7Berg, Shades of Reykjavík og Mælginn. **kjartanatli@frettabladid.is**



RA the Rugged Man hefur verið í rappinu í áratugi.

A-F-R-O hefur vakið mikla athygli.

**MARGIR AF RÖPPURUNUM Í DAG ERU MJÓRÓMA. EN ÞESSI STRÁKUR – HANN ER MEÐ DJÚPA RÖDD, FULLA AF BASSA. OG HANN HENDIR FÓLKI HREINLEGA TIL MEÐ RÖDDINNI. SVO GETUR HANN RAPPAÐ HRAÐAR EN NOKKUR ANNAR.**


DEBENHAMS
Gjafavörudagar
20-50%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
20%
AFSLÁTTUR
AF SNYRTIVÖRUM*
BARA MIÐVIKUDAG OG FIMMTUDAG
*Gildir ekki af Viva Glam vörum
né jólalínunni frá MAC
Finndu okkur á facebook
Opið til 19:00 í kvöld
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Falleg jólatré

Gæðajólatré - sem endist ár eftir ár!

Þessi jólatré eru í hæsta gæðaflokki auk þess að vera mjög falleg og líkjast þannig raunverulegum trjám. Einföld samsetning.

- Ekkert barr að ryksuga
- Ekki ofnæmisvaldandi
- 12 stærðir (60-500 cm)
- Íslenskar leiðbeiningar
- Eldtraust
- Engin vökvun
- 10 ára ábyrgð
- Stálfótur fylgir

Opnunartímar:
Virkir dagar kl. 09-18
Laugardagar kl. 11-18
Sunnudagar kl. 12-18

Skátarnir
Hraunbær 123 | s. 550 9800 | skatar.is

DORMA
Láttu drauminn rætast

Hafðu það notalegt um jólin
Komdu í Dorma



MEIRA Á dorma.is

Sængurföt frá MistralHome
100% bómullarsatín
þrír litir. 300 tc.

Frábært verð og gæði

Dormaverð aðeins 8.990 kr.

O&D dúnsæng
· 90% dúnn
· 10% smáfiður

Fullt verð: 25.900 kr.

QUILTS OF DENMARK®

Jólatilboð 20.900 kr.

TVENNUTILBOÐ
dúnsæng + koddi

O&D dúnsæng - Stóri björn
· 50% dúnn og 50% smáfiður
Fullt verð: 19.900 kr.

+ Dúnkoddi - Stóri björn
Fullt verð: 5.900 kr.

Fullt verð samtals:
25.800 kr.

QUILTS OF DENMARK®

JÓLA-TILBOÐ

Aðeins 19.900 kr.

Holtagörðum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100

Afgreiðslutími
Mán. til fös. frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
www.dorma.is

DORMA
Láttu drauminn rætast




Verkið verður sýnt í Þjóðleikhúsinu.

# Bókin talar beint inn í okkar tíma

**Þjóðleikhúsið hefur tryggt sér réttinn á bókinni Gott fólk. Ari Matthíasson segir bókina eiga vel við í umræðunni um kynferðisbrotamál.**

Bókin Gott fólk eftir Val Grettisson kom út í sumar og hefur fengið lof gagnrýnenda jafnt sem lesenda. Hún fjallar í stuttu máli um menningarblaðamanninn Sölva sem fær bréf í ábyrgðarpósti, í votta viðurvist. Bréfið er frá fyrrverandi kærustu hans og í því spyr hún hann hvort hann gangist við því að hafa beitt hana ofbeldi í sambandi þeirra. Hann getur einungis svarað „já“ eða „nei“. Sölvi viðurkennir að hann hafi verið ruddalegur við kærustuna fyrrverandi og merkir því við „já“. Sú ákvörðun hrindir af stað atburðarás sem hvorugt þeirra sá fyrir, líf þeirra gjörbreytist. Þegar upp er staðið veit hann sjálfur ekki hvað er satt og hvað er logið í því sem sagt er um samband þeirra, hver beitti hvern ofbeldi og missir í raun sjónar á skilgreiningu hugtaksins.

Ari Matthíasson þjóðleikhússtjóri segir söguna tala beint inn í þá umræðu sem nú sé í gangi í þjóðfélaginu. Hann segir það vera eindreginn ásetning hans fólks að verkið fari í sýningu á næsta leikári.

## Í skýjunum

Sjálfur segist höfundur bókarinnar, Valur Grettisson, vera í skýjunum. „Ég er bara virkilega ánægður. Bókin er einhvern veginn orðin sjálfstætt fyrirbæri og farin að eignast sitt eigið líf. Mér finnst þetta auðvitað heiður; að einhver trúi á söguna og að hægt sé að gera góða leikgerð úr henni. Að mínu mati er Þjóðleikhúsið líka toppurinn í leikhúsi á Ísland og mér finnst það djörf pæling að setja verkið upp þar.“

Valur mun sjálfur taka þátt í ferlinu, hann mun skrifa leikgerðina ásamt Símoni Birgissyni dramatúrg. „Mér þykir vænt um að fá að fylgja þessu eftir og vera með í þessu ferli. Ég held að þetta verði ögrandi, hættulegt og skemmtilegt verkefni,“ bætir hann við.

## Fólk hækkar róminn

Ari Matthíasson er ákaflega hrifinn af bókinni og finnst hún eiga vel við umræðuna sem er í gangi í þjóðfélaginu um þessar mundir. „Hún tekur á kynbundnu ofbeldi og mismunandi skilgreiningu á því, hvað fer á milli tveggja einstaklinga. Hún getur fjallað um leyfi okkar til að endurskilgreina atburði fortíðarinnar sem gefur þeim nýtt vægi og nýja stöðu. Sagan hreyfir við lesandanum, því hún sýnir hversu erfið þessi mál geta verið, hvernig þau geta neytt fólk til að taka afstöðu í máli sem það hefur takmarkaðar upplýsingar um.“

Ari segir að þegar bókin hafi verið rædd á fundum hafi hann fundið hvernig allir hækkuðu róminn aðeins. „Þetta er eldfimt efni, þessi saga. Og maður fann hvernig fundirnir fóru stundum út í hamagang því þetta skiptir fólk miklu máli. Það er áhugavert að skoða þessi mál og velta til dæmis fyrir sér hver hlutur fjölmiðla og samfélagsmiðla sé.“

Ari bætir við að honum þyki mikilvægt að kona leikstýri sýningunni. „Fyrsta sem ég hugsaði þegar las bókina var að kona þyrfti að setja þetta upp. Það er karl sem skrifar og hún er sögð frá sjónarhorni karls. Ég hef mikinn áhuga á þessari sögu og varð strax viss um að þetta gæti orðið að góðu leikverki.“ **kjartanatli@frettabladid.is**

**HÚN TEKUR Á KYNBUNDNU OFBELDI OG MISMUNANDI SKILGREININGU.**

**Ari Matthíasson, leikari og nýr framkvæmdastjóri Þjóðleikhússins**




**Valur Grettisson rithöfundur**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILD- IR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson


VINSÆLASTA
BARNABÓK LANDSINS
ÞÍN EIGIN
GOÐSAGA
ÆVAR ÞÓR BENEDIKTSSON
2. prentun væntanleg
1
BÓKSÖLU LISTINN
BARNABÆKUR
23.11–29.11.2014
1.
Metsölulisti Eymundsson
BARNABÆKUR vika 48
BÓKAVERÐLAUN BARNANNA
FYRIR ÞÍN EIGIN ÞJÓÐSAGA
BÓKSALAVERÐLAUNIN – BESTA ÍSLENSKA BARNABÓKIN
FYRIR ÞÍN EIGIN ÞJÓÐSAGA
Yfir 50 ólíkir endar!
Þú ræður hvað gerist
www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja
Póstdreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Hildar Sverrisdóttur




# Kári, Stormur og Diddú

Í óveðrinu sem fékk heitið Diddú hjá netverjum ákvað ég að næst myndi ég kaupa mjög marga flugelda þar sem ég var í inni í hlýjunni á meðan þetta einstaka björgunarfólk okkar var að glíma við svo marga metra á sekúndu að ég veit ekki hvað það myndi kallast í vindstigum.

Einhverjir sem voru líka bara inni í hlýjunni tautuðu þó yfir að fárviðrisspáin hefði ekki ræst alveg. Eins og þeir hefðu verið sviknir. Ekki er ég veðurfræðingur en mér fannst nú alveg nógu margir lenda í hremmingum, auk þess sem ég gat ekki varist þeirri hugsun hversu margir í gegnum íslenska veðurslysasögu hefðu frekar viljað fá aðvörun með góðum fyrirvara svo að hægt væri að stemma stigu við tjóni. Hversu alltof mörg og skelfileg slysin af völdum náttúrunnar hafa verið þar sem fólk hefði fórnað öllu fyrir að hafa verið varað við verra veðri en kom á endanum, í staðinn fyrir að hafa fengið verra veður en búist var við.

Ég held við ættum því bara að vera þakklát. Enda sýnist mér að fæstir hafi nú tapað á þessum óveðursaðvörunum. Þvert á móti höfðu flestir það bara ljómandi huggulegt með sínum nánustu í útgöngubanni við kertaljós. Það er enda þekkt í Bandaríkjunum að þegar stórir stormar fara hjá verður stökk í fæðingartíðninni níu mánuðum seinna, af augljósum ástæðum. Oftar en ekki rýkur þá heitið á viðkomandi stormi samhliða upp vinsældalista barnanafna.

Ég kíkti í mannanafnaskrá og Diddú er þar ekki á lista. Því þarf að leyfa það hið snarasta eða leggja niður mannanafnanefnd svo hægt verði að nefna og skíra allar fyrirsjáanlegu Diddúarnar í byrjun september næsta árs – og halda bara þannig upp á að ekki fór eins illa og það hefði eflaust getað farið.









**YFIRBURÐIR**
**Fréttablaðsins staðfestir**
Höfuðborgarsvæðið, meðallestur kvenna á tölublað, 12–80 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, apr.–jún. 2015


Allt sem þú þarft ...




KATRÍNARTÚN 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS
*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.